


**skoðun** 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Brúðkaup




www.forlagid.is
Alvöru netbókabúð
Ekkert sendingargjald út apríl!
FORLAGIÐ


# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
**14. apríl 2011**
87. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011


# 32 styðja stjórnina 22 vilja kosningar

**Vantrauststillaga Sjálfstæðisflokksins á ríkisstjórnina var naumlega felld. Þriðjungur þingmanna vill kosningar. Ásmundur Einar Daðason úr þingflokki VG.**

**ALÞINGI** Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur nýtur stuðnings 32 af 63 þingmönnum. 30 þingmenn vantreysta henni.

Allir þingmenn Samfylkingarinnar og tólf af þrettán þingmönnum VG greiddu atkvæði gegn tillögu Sjálfstæðisflokksins um vantraust á ríkisstjórnina. Ásmundur Einar Daðason, þingmaður VG, greiddi atkvæði með tillögunni.

Sú ákvörðun kom ýmsum í opna skjöldu, ekki síst öðrum þingmönnum VG, en á þingflokksfundi í hádeginu í gær var, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, eining um stuðning við stjórnina. Ásmundur mun í dag segja sig úr þingflokknum.

Atli Gíslason og Lilja Mósesdóttir, sem sögðu sig úr þingflokki VG fyrir þremur vikum, greiddu atkvæði með vantrausti.

Þingflokkar Sjálfstæðisflokksins og Hreyfingarinnar greiddu atkvæði með tillögunni og allir þingmenn Framsóknarflokksins, fyrir utan Guðmund Steingrímsson sem sat hjá.

Að tillögu Hreyfingarinnar var atkvæðagreiðslan um tillögu Sjálfstæðisflokksins tvískipt.

Sérstök atkvæðagreiðsla var um tillögu um þingrof og kosningar.

22 studdu hana; þingflokkur Sjálfstæðisflokksins, fimm þingmenn Framsóknarflokksins og Þór Saari. Á móti voru 36; þingmenn Samfylkingarinnar, tólf þingmenn VG, Birgitta Jónsdóttir Hreyfingunni og framsóknarþingmennirnir Eygló Harðardóttir, Guðmundur Steingrímsson og Siv Friðleifsdóttir. Hjá sátu Atli Gíslason, Ásmundur Einar Daðason, Höskuldur Þórhallsson, Lilja Mósesdóttir og Margrét Tryggvadóttir.

- bþs / sjá síðu 4



## Í tónlistarmaraþoni

*Eiður Arnarsson, útgáfustjóri Senu, hefur misst þrettán kíló síðan hann byrjaði að hlaupa úti.*

**fólk** 50

## Sjóbirtingar í Soginu

*Vorveiðin hefur gengið ágætlega þó að veðrið hafi verið hundleiðinlegt.*

**veiði** 46



## Real og Schalke áfram

*Spennandi viðureignir fram undan í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu.*

**sport** 44

**veðrið í dag**




**STREKKINGUR** nokkuð víða og skúrir eða slydduél sunnan og vestan til. Norðaustanlands verður bjart með köflum. Heldur kólnar í veðri.

**VEÐUR** 4



**VERÐLAUNIN VEITT** Slysavarnafélagið Landsbjörg hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í fyrra.

Samfélagsverðlaun í dag:

# Athygli vakin á góðum verkum

**FJÖLMIÐLAR** Fréttablaðið veitir í dag árleg Samfélagsverðlaun blaðsins. Verðlaunin eru veitt í fjórum flokkum og byggja á tilnefningum frá lesendum blaðsins. Þá tók við dómnefnd sem útnefndi þrjá í hverjum flokki, auk heiðursverðlaunahafa.

Í blaðinu í dag eru kynntar til sögu tólf útnefningar, einstaklingar og félagasamtök, sem öll eru verðugir fulltrúar þeirra fjölmörgu sem gera heldur meira og betur en almennt er ætlast til.

Verðlaunahafarnir verða kynntir við hátíðlega athöfn í dag.

- ss / sjá síðu 14

Saksóknari hitti þingnefnd:

# Geir ákærður mjög fljótlega

**LANDSDÓMUR Ákæra saksóknara Alþingis á hendur Geir H. Haarde er nálægt því að vera tilbúin og verður þingfest mjög fljótlega fyrir landsdómi, að því er fram kom á fundi saksóknarans Sigríðar Friðjónsdóttur með saksóknarnefnd Alþingis í gær.**

**Þar kom fram að ef það tækist ekki fyrir páska, sem væri hæpið, yrði það strax eftir páska.**

**Sigríður var nýverið skipuð ríkissaksóknari, sem hefur vakið spurningar um framtíð hennar í starfi saksóknara Alþingis. Á fundinum í gær kvaðst hún vel geta sinnt báðum störfum samtímis úr því að málið gegn Geir væri þetta langt komið. „Og við gerum ekki athugasemdir við það,“ segir Margrét Tryggvadóttir, varaformaður nefndarinnar.** - sh



**BIKARINN Á LOFT** Valur er Íslandsmeistari kvenna í handbolta eftir 3-0 sigur á Fram í úrslitaviðureigninni. Úrslitin í gær réðust eftir tvíframlengdan leik og vítakastskeppni. Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, fyrirliði Vals, tryggði sigurinn með því að skora úr síðasta víti Vals og hér lyftir hún bikarnum á loft. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Annar tónn í stjórnvöldum og atvinnurekendum að sögn forseta ASÍ:

# Vonast til að semja fyrir helgi

**KJARAMÁL** Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, kveðst vongóður um að langtímakjarasamningar verði undirritaðir fyrir helgi. Tónninn í stjórnvöldum og atvinnurekendum á fundum þeirra í gær hafi verið allt annar en síðustu daga á undan, þegar Gylfi kom mjög svartsýnn út af öllum fundum.

„Það verður gengið frá kjarasamningum á föstudaginn,“ segir Gylfi. Ef ekki semjist til langs tíma þurfi að klára málið með skammtímasamningum fyrir dymbilviku. „Með þeim fyrirvara að þetta er auðvitað ekki búið fyrr en þetta er búið,“ bætir hann við.

Gylfi segir að yfirlýsingar stjórnvalda í gær varðandi skattamál, almannatryggingar og framkvæmdir hafi gefið góð fyrirheit.

Gylfi hefur jafnframt verið gagnrýninn á kröfur atvinnurekenda í sjávarútvegsmálum og tengingu þeirra við kjarasamninga.

Atvinnurekendur funda í dag með stjórnvöldum um kröfur sínar og kveðst Gylfi vona að þær verði ekki sama fyrirstaðan að fundinum loknum. - sh

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL
2011
20. MAÍ – 5. JÚNÍ
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
www.listahatid.is

Rjómaostur
Rjómaostur frá Ostahúsinu er bragðgóður, mjúkur og léttur og inniheldur fáar hitaeiningar
www.ostahusid.is
ÞEKKING • REYNSLA • GÆÐI
Osta HÚSIÐ
STOFNAÐ 1992



Kringlan
Opið til 21 í kvöld



## SPURNING DAGSINS



*Reynir, eru meðlimir þjóðkirkjunnar með trúfélagsfælni?*

„Nei, það eru bara fleiri og fleiri sem eru að sjá ljósið.“

Þrjú þúsund manns gengu úr þjóðkirkjunni í fyrra. Reynir Harðarson er formaður Vantrúar, félags trúlausra.

300 skepnum fargað vegna mengunar í Engidal við Skutulsfjörð:

# Endalok búskapar í Efri-Engidal

**UMHVERFISMÁL** Bústofn bænda í Engidal í Skutulsfirði var fluttur á brott til förgunar í gær, en um var að ræða tæplega 300 skepnur sem hafa komist í snertingu við díoxínmengun vegna sorpbrennslunnar Funa.

Steingrímur Jónsson, bóndi í Efri-Engidal, horfði á eftir öllum sínum bústofni, 80 kindum og 19 nautgripum. 200 kindum var fargað frá öðrum bændum í dalnum. Steingrímur segir í samtali við Fréttablaðið að búskapi sé nú lokið á bænum og óvíst með framhaldið hjá sér.

„Það er óráðið. Nú geng ég bara frá og hugsa minn gang.“

Ísafjarðarbær mun bera allan kostnað af fellingu og förgun dýranna, að því er fram kemur í tilkynningu frá bænum. Þar segir einnig að dalurinn verði hvíldur „þar til að fyrir liggur að hann sé laus við mengun“. Ákvörðun um frekari aðgerðir mun bíða til sumars þegar mengunarsýni úr jarðvegi munu liggja fyrir. **- þj**



**BÚSTOFNINN Á BAK OG BURT** Steingrímur Jónsson í tómu fjósi eftir að búpeningurinn var fluttur til förgunar í gær. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

Leiðari Financial Times:

# Mistök að refsa Íslendingum

**ICESAVE** Leiðarahöfundur Financial Times sagði í gær að afstaða Íslendinga í þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave afsannaði að ekki væri um annað að velja en að greiða skuldir bankastofnana.

Höfundur segir að það yrðu sorgleg mistök ef ákveðið yrði að refsa landi fyrir það eitt að láta reyna á rétt sinn fyrir dómstólum. Ísland væri með gott dómsmál í höndum, það væri hræsni eða ranghugmynd að halda að almenningur í Bretlandi og Hollandi sætti sig við slíka kosti. **- þj**

Vera Þórðardóttir á uppleið:

# Hannar til heiðurs Chanel

**FÓLK** „Auðvitað er einstakur heiður að fá að vera í útvöldum hópi á jafn sögulegri sýningu,“ segir Vera Þórðardóttir hönnuður, sem tekur þátt í sýningu á Englandi helgaðri hinum litla svarta kjól Coco Chanel.



**VERA ÞÓRÐARDÓTTIR**

Nú eru 85 ár síðan kjólinn leit dagsins ljós en hann er talinn vera eitt helsta tískutákn sögunnar. Sýningin spannar mikilvægustu svörtu kjóla síðustu áratuga og nokkra nýja að auki. Þar á meðal kjól úr smiðju Veru sem er í góðum félagsskap, með Vivienne Westwood, Gucci, Lanvin og fleiri stórum nöfnum úr tískuheiminum. **- rve / sjá Allt í miðju blaðsins**

LÍÚ fagnar nýjum mælingum:

# Staða þorskstofnsins sterk

**SJÁVARÚTVEGUR Niðurstöður úr vorralli Hafrannsóknastofnunar sýna að staða þorskstofnsins er sterk. Stofnvísitala þorsks hækkaði fjórða árið í röð, var nú svipuð og árin 1998 og 2004.**

**Í tilkynningu frá Hafrannsóknastofnun segir að hækkun vísitölunnar undanfarin ár megi einkum rekja til þess að æ meira hafi fengist af stórum þorski. Bent er á að þetta séu bráðabirgðaniðurstöður.**

**Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir þetta afar jákvæðar fréttir í grein á heimasíðu sambandsins. Miðað við þessar bráðabirgðaniðurstöður og óbreytta aflareglu megi búast við 180 til 190 þúsunda tonna kvóta fyrir næsta fiskveiðiár. Ef það verður reyndin yrði það mesti kvóti síðan 2006. - th**

# Blóðið „gölluð vara“ eftir endaþarmsmök

**Samkynhneigður piltur kærir Landspítalann fyrir að neita að þiggja blóð hans á þeim forsendum að hann stundi endaþarmsmök með öðrum körlum. Blóð frá þessum hópi er „gölluð vara“ og skimun blóðs er ekki 100 prósent að sögn LSH.**

**STJÓRNSÝSLA** „Þetta eru ljót orð,“ segir lögfræðingur átján ára pilts um þá samlíkingu Landspítalans að blóð úr körlum sem stunda endaþarmsmök með öðrum körlum sé „gölluð vara“.

Úlfar Logason kærði í febrúar til velferðarráðherra ákvörðun Landspítalans (LSH) að neita honum um að gefa blóð. „Var það markmið umbjóðanda míns að sinna samfélagslegri skyldu sinni og láta gott af sér leiða,“ segir í kæru Páls Rúnars M. Kristjánssonar, lögmanns Úlfars. Hann vísar meðal annars til Mannréttindasáttmála Evrópu um bann við mismunun. Bann við blóðgjöf samkynhneigðra sé ólögmætt. Þess sé krafist að velferðarráðherra afnemi bannið.

Landspítalinn segir það vissulega geta verið sárt að fá höfnun þegar maður vilji láta gott af sér leiða. Spítalinn þurfi hins vegar að horfa til annarra og ríkari hagsmuna. Spítalinn hafnar því að bannið gildi um samkynhneigða.

„Reglan útilokar ekki samkynhneigða heldur aðeins þá karlmenn, hvort sem þeir telja sig samkynhneigða, tvíkynhneigða eða gagnkynhneigða, sem stundað hafa samfarir við aðra karlmenn óháð kynhneigð,“ útskýrir Landspítalinn fyrir velferðarráðuneytinu. „Við endaþarmsmök geta litlir skurðir eða skrámur myndast inni í eða kring um endaþarm sem auðveldar smit sjúkdóma sem berast auðveldlega með blóði,“ bætir spítalinn við.

„Með því að meina karlmönnum sem hafa haft samfarir við aðra karlmenn að gefa blóð er verið að koma í veg fyrir helsta áhættuþáttinn á alnæmisveirusmiti í vestrænum ríkjum,“ segir Landspítalinn enn fremur og undirstrikar að þótt blóð sé skimað fyrir sjúkdómum sé sú aðferð ekki 100 prósent örugg. Svokallað „gluggatímabil“ þar sem mótefni séu ógreinanleg geti verið margir mánuðir.

Þá bendir Landspítalinn á tíu ára gamlan dóm þar sem vísað er til vöruflokkunar innan Evrópusambandsins. Blóðþegar eigi rétt á að fá eins „örugga vöru“ og mögulegt sé „en óörugg vara, líkt og blóðið í þessum úrskurði yrði að teljast gölluð“.

Lögmaður Úlfars segir margar rangfærslur í skýringum Landspítalans, bæði lagalegar og læknisfræðilegar. Aðalatriðið sé hvort bann við blóðgjöf samkynhneigðra karlmanna feli í sér mismunun. „Lágpunktur greinargerðar LSH er líklega sá að leggja blóðgjafir samkynhneigðra að jöfnu við gallaða vöru. Með þessari samlíkingu er samkynhneigðum sýnd fádæma lítilsvirðing. Í henni kristallast auk þess þeir fordómar og sú mannfyrirlitning sem umrædd regla byggir á.“

**gar@frettabladid.is**

> Með þessari samlíkingu er samkynhneigðum sýnd fádæma lítilsvirðing.
>
> **PÁLL RÚNAR M. KRISTJÁNSSON** LÖGMAÐUR




**ÚLFAR LOGASON** Átján ára nemandi í Fjölbrautaskólanum úr Garðabæ segir suma hafa hætt við að gefa Blóðbankanum blóð vegna að honum sé það bannað. „Það er alls ekki það sem ég vil. Þvert á móti hvet ég alla til að gefa blóð og gera það í nafni samkynhneigðra þar til við sjálfir fáum réttinn til þess,“ segir Úlfar Logason. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

Tjón vegna vatnsleka í Árbæ:

# Tugir íbúða skemmdust

**SLYS Tjón varð á mörgum heimilum í Árbænum í Reykjavík þegar heitt vatn tók að leka úr lögnum þar á þriðjudagskvöld.**

**Vatnslekinn varð vegna bilunar og fór heita vatnið af hluta Árbæjar um langa hríð. Högg kom á raforkukerfið og sló út dælum í hitaveitunni, samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Vatnið komst á um hádegið í gær. Ekki er komin heildarmynd á hversu mikið tjón varð af biluninni en ljóst er að tugir íbúða skemmdust. Ekki er vitað til þess að nokkur hafi slasast. Ekki er útilokað að frekara tjón eigi eftir að koma í ljós. - þeb**

Staða vígslubiskups í Skálholti:

# Valið milli Jóns og Sigrúnar

**ÞJÓÐKIRKJAN** Valið um embætti vígslubiskups í Skálholti stendur nú á á milli séra Sigrúnar Óskarsdóttur, prests í Árbæjarkirkju, og séra Jóns Dalbús Hróbjartssonar, sóknarprests í Hallgrímskirkju.



**SIGRÚN ÓSKARSDÓTTIR**



**JÓN DALBÚ HRÓBJARTSSON**

Sigrún og Jón höfnuðu í tveimur efstu sætunum í fyrstu umferð kosninganna, sem lauk 9. apríl. Á kjörskrá voru 151 og kjörsókn var 98,6 prósent.

Fimm gáfu kost á sér. Sigrún hlaut 40 atkvæði, Jón 35, Agnes M. Sigurðardóttir 34, Kristján Valur Ingólfsson 27 og Karl V. Matthíasson 12 atkvæði.

Þar sem enginn fékk hreinan meirihluta þarf að kjósa að nýju á milli tveggja efstu. **- sh**


## Gjafakortið sem gildir alls staðar

Þú velur upphæðina en viðtakandinn velur gjöfina.




- Fallegar gjafaumbúðir
- Hentar öllum
- Gildir hvar sem er

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is


Meirihlutinn í borginni leggur til nokkrar breytingar á áætlun sinni í skólamálum:

# Ekki hægt að mæta öllum óskum

**MENNTAMÁL** Meirihlutinn í menntaráði og íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkurborgar leggur til nokkrar smávægilegar breytingar á tillögum Besta flokksins og Samfylkingarinnar um fyrirkomulag skóla- og frístundamála í borginni í umsögnum sínum um málið.

Í yfirlýsingu meirihlutans eru breytingartillögurnar sagðar taka mið af umsögnum foreldra og fagaðila, sem langflestar voru mjög neikvæðar í garð fyrirhugaðra breytinga.

Meirihlutinn leggur til að nokkrum sameiningum skóla og leikskóla verði frestað til áramóta og sums staðar enn lengur. Horfið verði frá stöku sameiningum sem ekki þykja forsendur fyrir við nánari athugun og enn annars staðar verði haft nánara samráð en verið hefur við hagsmunaaðila áður en gengið verði frá ákvörðunum. Blásið verður til vinnufunda í öllum hverfum í vor með foreldrum og starfsfólki um frekari sparnað. Ekki sé hins vegar hægt að koma til móts við allar óskir vegna knapprar stöðu borgarsjóðs.

Meirihlutinn segir áætlað að breytingarnar skili eins milljarðs króna sparnaði á þremur og hálfu ári, þar af 300 milljónum árið 2012. Öllum leikskólastarfsmönnum sem missi vinnuna verði boðið starf.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menntaráði lögðu fram bókun á fundi ráðsins í gær þar sem þeir hörmuðu að meirihlutinn ætlaði „að berja höfðinu við steininn“ og fara í breytingarnar þrátt fyrir háværi mótmæli. Ávinningurinn af þeim væri lítill og hætta á að þær sköpuðu frekari óróa og ótta. **- sh**



**BÖRN AÐ LEIK** Sjálfstæðismenn í menntaráði eru mjög óánægðir með fyrirhugaðar breytingar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Kringlan
Ferming
ENDALAUST ÚRVAL!
Bækur, föt, raftæki, íþróttavörur og miklu fleira.
Og svo er gjafakort Kringlunnar hentug gjöf handa þeim sem vilja velja sjálfir.
Gjafakort
VISA
Gjöf sem hentar öllum!
Mán–mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

**GENGIÐ 13.04.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,39 | 112,93 |
| Sterlingspund | 182,84 | 183,72 |
| Evra | 163,01 | 163,93 |
| Dönsk króna | 21,854 | 21,982 |
| Norsk króna | 20,697 | 20,819 |
| Sænsk króna | 17,982 | 18,088 |
| Japanskt jen | 1,3372 | 1,3450 |
| SDR | 179,54 | 180,62 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 216,5946

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## Úr umræðunni

Hin efnahagslega sól er farin að rísa. *- Katrín Júlíusdóttir.*

Ríkisstjórnin er eins og grindahlaupari. *- Bjarni Benediktsson.*

Tillagan er sett fram sem Höfuðlausnir Bjarna Benediktssonar. *- Margrét Tryggvadóttir.*

Munurinn á ríkisstjórninni og Rauðhettu er sá að Rauðhettu þótti vænt um ömmu sína. *- Kristján Þór Júlíusson.*

Veruleikinn er eins og hann er og við fáum honum ekki breytt með lýðskrumi og blekkingum. *- Steingrímur J. Sigfússon.*

Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur er hreinlega léleg ríkisstjórn. *- Eygló Harðardóttir.*

Þessi ríkisstjórn hugsar ekki um neitt nema sjálfa sig. *- Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.*

Viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndinnar voru að ræða hana í einn dag og loka rannsóknargögnin síðan ofan í Þjóðskjalasafninu. *- Þór Saari.*

Ríkisstjórnin ætlar í austur þegar þjóðin vill í vestur. *- Ólöf Nordal.*

Hér stend ég og get ekki annað en sagt já vegna ESB-málsins. *- Atli Gíslason.*

Skák og mát herra forseti. Skák og mát. *- Vigdís Hauksdóttir.*

VIlja nú hundurinn og svínið gæða sér á brauðinu sem litla gula hænan bakið ein? *- Jóhanna Sigurðardóttir.*

Ríkisstjórnin snýst í hringi eins og villuráfandi sauðir. *- Ásbjörn Óttarsson.*

# Nenntu ekki að sitja undir umræðunum

**Tillaga sjálfstæðismanna um vantraust á ríkisstjórnina var felld með 32 atkvæðum gegn 30. Einn sat hjá. Ásmundur Einar Daðason styður ekki stjórnina lengur. Bjarna Benediktssyni var brigslað um að leggja tillöguna fram fyrir sjálfan sig.**

**FRÉTTASKÝRING**

Um hvað snerist vantrauststillagan?

*„Er hægt að gera ráðstafanir til þess að það verði að minnsta kosti einn þingmaður Sjálfstæðisflokksins viðstaddur hér í salnum þegar við ræðum tillögu frá þeim um að fella ríkisstjórnina?“*
***- Róbert Marshall***



**FARINN** Ásmundur Einar Daðason styður ekki ríkisstjórnina og ætlar að segja sig úr þingflokki VG í dag. ESB-ferli ríkisstjórnarinnar er honum ekki að skapi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í umræðum gærdagsins voru menn ekki á einu máli um hvers vegna Sjálfstæðisflokkurinn hefði lagt fram tillögu um vantraust á ríkisstjórnina.

Sjálfstæðismenn sjálfir voru vitaskuld vissir í sinni sök; ríkisstjórnin er ómöguleg, sögðu þeir; það þarf að kjósa og koma henni frá. En stjórnarliðar og allnokkrir þingmenn Framsóknarflokksins og Hreyfingarinnar töldu tillöguna til heimabrúks. Bjarni Benediktsson hefði með henni verið að hlýða Davíð Oddssyni og reyna að styrkja eigin stöðu.

Stóru tíðindin eru auðvitað ákvörðun Ásmundar Einars Daðasonar um að styðja ekki stjórnina. En raunar hefðu það líka verið tíðindi ef hann hefði lýst stuðningi við hana. Ákvörðun Atla og Lilju, sem eftir því sem næst verður komist eru enn í VG þótt þau séu ekki lengur í þingflokknum, kom reyndar á óvart. Þau eru náttúrlega vinstri menn. En fyrir Atla allavega, eins og Ásmund, skiptir ESB-umsóknin öllu máli. Andúð þeirra á málinu hefur alltaf verið ljós en nú telja þeir mælinn fullan.

Margir ræddu reyndar um umsóknarferlið, eða aðildarferlið eins og margir kalla það; það var sagt algjörlega ótímabært, gegn vilja þjóðarinnar og svo framvegis.

Annars var umræðan fyrirsjáanleg. Flestir sögðu það sama og þeir sögðu í fyrradag og daginn þar áður. Sjálfstæðismenn hörmuðu athafnaleysi stjórnarinnar og stjórnin dásamaði eigin verk. Bjarni Benediktsson sagði tillöguna lagða fram fyrir hönd allra þeirra sem gefist hefðu upp á stjórninni og að með kröfu um kosningar væru Sjálfstæðismenn að bjóða upp á nýtt upphaf. Kjarninn í máli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar var einfaldlega að ekki væri um annað að ræða en að stjórnin færi frá. Þór Saari kvaðst hafa bundið miklar vonir við ríkisstjórnina en hún hefði brugðist þeim öllum.

Steingrímur og Jóhanna könnuðust ekki við neitt af því sem stjórnarandstæðingarnir sögðu. Jóhanna hamaðist á Sjálfstæðisflokknum og Steingrímur setti á langan lestur um góðan árangur í efnahagsmálum og á öðrum sviðum.

Við lok umræðunnar sagði Bjarni Benediktsson hana ekki aðeins hafa verið tímabæra heldur nauðsynlega. Komið hefði í ljós hver eiginlegur styrkur ríkisstjórnarinnar væri.

**bjorn@frettabladid.is**

Þingmenn sem sátu fastir erlendis kölluðu inn varamenn í vantraustsumræðuna:

# Sex varamenn fengu undanþágu

**ALÞINGI** Sex varamenn fengu undanþágu frá almennum reglum til að taka sæti á þingi í gær, svo þingflokkar gætu verið fullmannaðir við atkvæðagreiðsluna um vantrauststillögu sjálfstæðismanna.

Aðalmennirnir sex eru í embættiserindum erlendis á vegum þingsins og halda því launum sínum þrátt fyrir að varamennirnir taki sæti.

Varamennirnir munu hins vegar ekki sitja í tvær vikur eins og venja er, enda tæmist varamannaskráin í þinghléum og páskahlé þingsins hefst á föstudag.



**HELGI BERNÓDUSSON**

„Þannig að það er engin umtalsverður kostnaður sem hlýst af þessu,“ segir Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis. „Þetta er bara eitthvert smotterí.“

Helgi segir ekki algengt að þessu undanþáguákvæði í lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað sé beitt. „En það er bara svo eðlilegt þegar tekist er á um vantraust. Þá vilja auðvitað allir flokkar hafa fullt hús. Vanalega þurfa menn til dæmis að vera átta þingdaga í burtu til að geta kallað inn varamenn en við þessar aðstæður er vikið frá þeirri reglu til að úrslit í svona atkvæðagreiðslu velti ekki á einhverjum flugferðum milli borga í Evrópu,“ segir Helgi.

Þrír tóku í fyrsta sinn sæti á þingi í gær; Helena Þ. Karlsdóttir og Ósk Vilhjálmsdóttir, báðar úr Samfylkingunni, og Eva Magnúsdóttir úr Sjálfstæðisflokknum.

**- sh**

## Úr umræðunni

Það eina sem hæstvirtur forsætisráðherra hefur fram að færa eru endalausar öfugmælavísur og það órímaðar. *- Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.*

Þetta er líklega versta ríkisstjórn allra tíma. *- Gunnar Bragi Sveinsson.*

Þetta er verklaus, handónýt kommúnistastjórn. *- Ásbjörn Óttarsson.*

Hér tek ég þátt í gjörningnum; þéttum raðir stjórnarliða. *- Birgitta Jónsdóttir.*

Nú er kominn tími til að láta hælbítana finna hverjir stjórna þessu landi. *- Skúli Helgason.*

Sjálfstæðisflokkurinn gefur meira tilefni til að samþykkja vantraust á stjórnarandstöðuna en ríkisstjórnina. *- Helgi Hjörvar.*

Ég mun ekki styðja þessa ríkisstjórn í þessari atkvæðagreiðslu ef einhverjum hefur dottið það í hug. *- Birkir Jón Jónsson.*

Ég segi nei við vantrausti og ég segi já við trausti. *- Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.*

Tímasetningin er svo fráleit. Hún er aðeins skiljanleg í því ljósi að hún er eina leið Sjálfstæðisflokksins til þess að draga athyglina frá því ógeðfellda heimilisofbeldi sem þar stendur yfir á vegum fyrrverandi formanns flokksins. *- Skúli Helgason.*

Ég segi við Bjarna Benediktsson eins og maðurinn sagði í ísnum forðum; skammt hef ég runnið fyrir þér. *- Steingrímur J. Sigfússon.*

Sjálfstæðisflokkurinn gerði ekki gott mót þegar hann stjórnaði Íslandi í átján ár ásamt öðrum. *- Guðmundur Steingrímsson.*

Það var frumhlaup hjá Sjálfstæðisflokknum að bera fram þessa tillögu. *- Jóhanna Sigurðardóttir.*

Ég óttast ef vantrauststillagan verði felld muni forysta ríkisstjórnarinnar forherðast í foringjaræðinu. *- Lilja Mósesdóttir.*

Það er tekið að vora og sumarið verður gott góðir landsmenn. *- Steingrímur J. Sigfússon.*

Verri ríkisstjórn er varla hægt að hugsa sér. *- Viðir Smári Petersen.*

Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hefur ekki góða áru. Hún minnir um margt á ær í sjálfheldu eða marhnút í grunnum skeljapolli. *- Árni Johnsen.*


ms.is




Tilboð á Heimilisosti

Nú færðu Heimilisost í sérmerktum kílóastykkjum á 20% lægra verði í næstu verslun!

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**SKÚRIR EÐA ÉL** verða nokkuð víða um land næstu daga en þó verður líklega úrkomulaust á norðaustur- og austurlandi og nokkuð bjart þar. Það kólnar heldur í veðri og vindur verður nokkuð stífur sunnan- og vestanlands. Heldur leiðinlegt veður þetta.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 11° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 13° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 19° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 10° |
| París | 16° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

**Tet a tet**
**(páskaliljur í potti)**
potthlíf fylgir ekki

AÐEINS
**199,-**

**599,-**
**Páskasýpris**
lítill, 30 cm

# PÁSKAR Í BLÓMAVALI

**999,-**
**Páskakrýsi**

# PÁSKA HÁTÍÐ

**76.900,-**
Electrolux
5 ára ábyrgð
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
þvottahæfni A
Orkunýting A
þurrkhæfni A
12 manna
**Uppþvottavél**
ESF 65052W
Stærð: 81.8/87.8x59.6x57.5 cm
1805331

Electrolux
5 ára ábyrgð
þvottahæfni A
Orkunýting A
**69.900,-**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
**Þvottavél**
EWF106410W
1000 snúninga
Stærð:85x60x60 cm.
6kg.
1805650

Electrolux
5 ára ábyrgð
**49.900,-**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
**Þurrkari**
EDE37100W
með barka
1805463

## Sólpallaráðgjöf
## Stanislas Bohic í Húsasmiðjunni




**Hinn landsþekkti garðahönnuður Stanislas Bohic vinnur með þér tillögu að sólpallinum þínum.**
Viðskiptavinir Húsasmiðjunnar greiða aðeins kr. **2.990** að 20-30 mínútna ráðgjöf lokinni.
Sú upphæð fæst endurgreidd við kaup á efni.

**Sendu fyrirspurn á solpallur@husa.is**

Nánari upplýsingar og tímapantanir í síma 525-3000

**ódýrt að mála fyrir páskana!**

**Innimálning, 10ltr**
7119963-67
**4.995,-**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Látum verkin tala!

Opið til 21:00 í Skútuvogi alla daga.
Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is

*Lægsta lága verðið er lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

KJÖRKASSINN



*Sérðu eftir Guðfríði Lilju Grétarsdóttur úr stóli þingflokksformanns Vinstri grænna?*

| | |
|---|---|
| Já | 43% |
| Nei | 57% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Treystir þú ríkisstjórninni?*

Segðu skoðun þína á Visir.is. vísir

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir neitaði að taka aftur við þingflokksformennsku:

# Árni Þór hættir sem formaður

**STJÓRNMÁL** Árni Þór Sigurðsson sagði af sér embætti þingflokksformanns Vinstri grænna í gær. Einungis voru fjórir dagar síðan hann var kjörinn í embættið. Þuríður Backman tekur við embættinu.

Kjörið á sunnudag hefur sætt gagnrýni nokkurra þingmanna flokksins, enda var þingflokksformaðurinn Guðfríður Lilja Grétarsdóttir nýsnúin aftur úr fæðingarorlofi þegar ákveðið var að kjósa á milli hennar og Árna Þórs. Hún hlaut atkvæði fjögurra þingmanna flokksins gegn níu atkvæðum Árna.

Í yfirlýsingu sem Árni Þór sendi frá sér vegna málsins í gær segir að aldrei hafi hvarflað að honum að skilyrða stuðnings sinn við flokkinn og ríkisstjórnina því að hann hefði með höndum tiltekin embætti. Það hafi komið honum í opna skjöldu hversu umdeilt kjör hans reyndist.

„Mér þykir miður að það mál hefur að ósekju verið persónugert og tengt bæði kvenfrelsisstefnu flokksins og lögum um fæðingarorlof. Sú umræða er skaðleg okkar flokki og þar með óásættanleg," segir Árni. Hann hafi því ákveðið að segja af sér í von um að sætta ólík sjónarmið í flokknum. Guðfríði Lilju mun hafa verið boðið að taka aftur við formennsku í þingflokknum en hún baðst undan því. - sh



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON



GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR

Actavis við þröskuld Póllands:

## Keppa um kaup á lyfjafyrirtæki

**VIÐSKIPTI** Actavis er líklegur kaupandi að pólska ríkislyfjafyrirtækinu Polfa Warsawa. Þetta er eitt stærsta samheitalyfjafyrirtæki landsins og er með höfuðstöðvar í Varsjá. Gert er ráð fyrir að salan gangi í gegn fyrir mitt ár.

Fjögur önnur fyrirtæki gerðu tilboð. Þau eru Gloria Harbin í Kína, Arterium frá Úkraínu og pólsku lyfjafyrirtækin Hersteller Adamed og Polpharma. Þýski netmiðillinn Apotheke Adhoc segir Actavis og Hersteller Adamed líklegust til að hreppa hnossið. - jab






# Milljarður á ári til að efla samgöngur

**Ríki og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni hyggjast leggja milljarð á ári til að efla almenningssamgöngur í landinu á næstu tíu árum. Mun tvöfalda hlutdeild almenningssamgangna. Tillagan verður lögð fram á haustþingi.**

**SAMGÖNGUR** Lagður verður til milljarður á ári næstu tíu ár til að efla almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess, gangi tillögur starfshóps á vegum samgönguráðs eftir.

Starfshópurinn hefur unnið að tillögum um endurbætur á grunnneti almenningssamgangna á suðvesturhorni landsins síðan í desember og voru þær lagðar fram á fundi innanríkisráðuneytisins í gærmorgun. Tillagan var samþykkt hjá skipulagsráði og hefur hún einnig fengið jákvæðan meðbyr hjá Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra.

Verkefnið er til tíu ára og verður samstarf ríkis og sveitarfélaga. Lagt er til að það verði hluti af tólf ára samgönguáætlun sem lögð verður fyrir Alþingi í haust. Þorsteinn M. Hermannsson, formaður starfshópsins, segir viðbrögð sveitarfélaga á svæðinu hafa verið jákvæð.

„Það er verið að bjóða upp í dans. Þetta verður sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga," segir Þorsteinn. Markmiðið sé að í það minnsta tvöfalda hlutdeild almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess.

Tillaga starfshópsins var unnin í samstarfi við Strætó BS. Reynir Jónsson framkvæmdastjóri fagnar tillögunum og segir fjárveitinguna efla samgöngukerfið til muna. Ríkið muni með þessu koma með veglegum hætti inn í almenningssamgöngur, bæði með endurskoðun kerfisins á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu.



**STRÆTÓ Í REYKJAVÍK** Framkvæmdastjóri Strætó segir aukna fjárveitingu til almenningssamgangna efla starf Strætó til muna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

> Það er verið að bjóða upp í dans. Þetta verður sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga.
>
> ÞORSTEINN M. HERMANNSSON FORMAÐUR STARFSHÓPS SAMGÖNGURÁÐS

„Óráðið er hvernig aðgerðir sveitarfélaganna verði mótaðar og hvernig fjármunum verði ráðstafað," segir Reynir. „Hvort þetta fari allt í aukna strætóþjónustu eða áframhaldandi þróun og framboð á öðrum samgönguúrræðum á eftir að ákveða."

Reynir segir þörfina á auknum almenningssamgöngum mesta á morgnana. Þá liggi beint við að auka við strætóflotann til að anna eftirspurn á meðan fólk er á leið í vinnu eða skóla. Á kvöldin og um helgar sé hins vegar nauðsynlegt að samnýta samgöngutæki betur og horfa til nágrannalanda okkar til þess að einkabílar og leigubílar verði ekki einu ferðamöguleikar Íslendinga á þessum tíma til frambúðar.

sunna@frettabladid.is






Tilkynningum til barnaverndaryfirvalda fjölgaði á milli áranna 2008 og 2009:

# Málin þyngjast og verða flóknari

**SAMFÉLAGSMÁL** Tilkynningum til barnaverndaryfirvalda fjölgaði um rúmlega eitt þúsund á milli áranna 2008 og 2009. Fjöldi barna sem tilkynnt var um árið 2009 var 5.322 og voru það tæplega sex prósentum fleiri börn en árið á undan. Hlutfalli tilvika þar sem ákveðið var að hefja könnun af hálfu yfirvalda fjölgaði úr 51 prósenti í 58 prósent. Þetta kemur fram í nýrri ársskýrslu Barnaverndarstofu (BVS).

Steinunn Bergmann, félagsráðgjafi hjá BVS, segir að aukinn fjöldi þeirra mála sem könnuð eru áfram af yfirvöldum þýði að alvarlegri mál séu að koma á borð heldur en áður. 58 prósent sé talsvert hátt hlutfall.

„Málin eru að verða flóknari. Það virðast vera að koma þyngri mál til nefndanna og aukinn vandi þeirra barna sem verið er að vinna með," segir Steinunn. „Vandinn er að verða margþættari hjá barni og fjölskyldu sem er erfiðara að vinna með." Steinunn segir foreldra sjálfa leita nú í auknum mæli til barnaverndaryfirvalda.

Flestir eru þeir að leita sér aðstoðar en einnig eru tilvik þar sem tilkynnt er um hitt foreldrið séu þau skilin.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri BVS, segir í skýrslunni að þegar leitað sé skýringa á fjölgun tilkynninga megi ætla að um sé að ræða áhrif efnahagskreppunnar, en einnig aukna samfélagsmeðvitund um velferð barna. - sv

### Breytt hlutföll

Tilkynningar um áhættuhegðun barna hafa jafnan verið yfir helmingur allra tilkynninga til barnaverndaryfirvalda, en fækkað árið 2009 í um 46 prósent. Tilkynningar vegna vanrækslu barna hafa að jafnaði verið innan við 30 prósent en jukust upp í 35 prósent árið 2009. „Helst þetta í hendur við hlutfallslega fjölgun tilkynninga frá öðrum en lögreglu, en fram að þessu hafa tilkynningar frá lögreglu verið ríflega helmingur allra tilkynninga. Allt eru þetta vísbendingar um nokkuð breytt landslag frá því fyrir efnahagshrun," segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu.







HR
HELENA RUBINSTEIN

MIKILVÆG UPPGÖTVUN Á SVIÐI JURTASTOFNFRUMNA

# PRODIGY POWERCELL

YNGINGARKRAFTUR

DREGUR ÚR HRUKKUM – STYRKIR HÚÐINA – EYKUR LJÓMA.
HÚÐIN VIRÐIST ENDURNÝJUÐ: STYRKARI OG SJÁANLEGA UNGLEGRI.

Rannsóknarstofur HR hafa einangrað fullkomna ímynd lífs frá jurtastofnfrumum úr Oceanic Crista plöntunni. **100% virkur kraftur hennar** hefur einstaka lagfærandi eiginleika á 3 meginþætti öldrunar: eykur frumuendurnýjun, lagfærir vefi og verndar húðina gegn sindurefnum*

MEÐ NÁTTÚRULEGUM JURTASTOFNFRUMUM ENDURHEIMTIR YFIRHÚÐIN GÆÐI UNGRAR HÚÐAR*.

**in-vitro próf*

Þroskuð húð eftir meðferð vöru ÁN JURTASTOFNFRUMNA



YFIRHÚÐ



Þroskuð húð eftir meðferð vöru MEÐ JURTASTOFNFRUMUM

www.helenarubinstein-powercell.com

# HELENA RUBINSTEIN KYNNING Í HAGKAUP KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM OG GARÐABÆ, 14. TIL 20. APRÍL

**Tilboðsverð á nýju Prodigy Powercell dropunum, 50 ml á sama verði og 30 ml á kynningunni.**

**Kaupaukinn þinn* þegar þú kaupir 2 HR vörur:**

~ HR taska
~ Prodigy Powercell nýja augnkrem 3 ml
~ Prodigy Re-PLASTY yngingarmaski 10 ml
~ HR púðurbursti
~ HR augnskuggabursti
~ ALL MASCARAS augnfarðahreinsir 50 ml
~ Sexy Blacks maskarinn ferðastærð

**Verðmæti kaupaukans allt að 18.200 krónur**
Einnig aðrar gerðir kaupauka með kremum

**Vertu velkomin.**




*Gildir á kynningunni meðan birgðir endast. Gildir ekki með öðrum tilboðum, deodorant eða blýöntum.
Einn kaupauki á viðskiptavin.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvert er hugsanlegt að Reðursafnið á Húsavík verði flutt?
2. Hvað heitir forstöðumaður greiningardeildar Danske Bank?
3. Hvað er hús Jóhannesar í Bónus á Akureyri metið á mikið?

SVÖR

1. Til Reykjavíkur 2. Lars Christensen 3. hátt á 200 milljónir króna

Starfsreglur Stjórnlagaráðs voru samþykktar einhljóða á fundi ráðsins í gær:

# Almenningur fær að hafa áhrif

**STJÓRNLAGARÁÐ** Starfsreglur Stjórnlagaráðs voru samþykktar einhljóða á þriðja fundi ráðsins í gær. Í þingsályktun um skipun Stjórnlagaráðs var því falið að setja sér eigin starfsreglur.

Í 14. grein reglnanna segir að ákveðið verði svo fljótt sem auðið er hvernig hefja skuli undirbúning frumvarps til stjórnarskipunarlaga. Skjal það sem til verður, með áorðnum breytingum hverju sinni, nefnist áfangaskjal og verður aðgengilegt á vef Stjórnlagaráðs. Almenningi er gefinn kostur á því að tjá sig um áfangaskjalið, einstök ákvæði þess og valkosti með opinberum hætti og undir nafni á vef Stjórnlagaráðs, www.stjornlagarad.is,

Tillögur um breytingar á áfangaskjalinu frá fulltrúum, nefndum eða stjórn skulu teknar til afgreiðslu á ráðsfundi að jafnaði einu sinni í viku.

Vilhjálmur Þorsteinsson, formaður starfshóps um starfsreglurnar, lagði þær fram á fundinum í gær. Reglurnar eru í fimm köflum og eru samtals 21 grein og fjalla um stjórnsýslu og starfshætti Stjórnlagaráðs, frumvarp til stjórnarskipunarlaga og meðferð þess, starfsmenn ráðsins og önnur ákvæði. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Stjórnlagaráði. **- sv**



**STJÓRNLAGARÁÐ SETT** Stjórnlagaráð hefur nú fundað þrisvar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Umferðareftirlit lögreglu:

# Nær helmingur fólks ók of hratt

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan fylgdist í gær með ökutækjum sem var ekið eftir Arnarhrauni í vesturátt, að Sléttahrauni í Hafnarfirði. Á einni klukkustund fóru 49 ökutæki þessa akstursleið og var 23 þeirra ekið of hratt.**

**Þá var fylgst með ökutækjum sem var ekið eftir Hvannavöllum í norðurátt, að Kristavöllum. Á einni klukkustund, eftir hádegi, fóru 49 ökutæki þessa akstursleið og ók rúmlega þriðjungur ökumanna, eða 35 prósent, of hratt eða yfir afskiptahraða. - jss**


Landsvirkjun

ÁRSFUNDUR LANDSVIRKJUNAR 2011
15. apríl 2011
kl. 14–16 á Grand Hótel Reykjavík

Arður í orku framtíðar

Eftirspurn eftir raforku úr endurnýjanlegum orkugjöfum hefur aukist verulega. Landsvirkjun hefur staðið fyrir umfangsmikilli greiningarvinnu á þýðingu þessara breytinga fyrir fyrirtækið og eigendur þess.

Niðurstöðurnar sýna áhugaverð tækifæri sem meðal annars fela í sér uppbyggingu fjölbreytts iðnaðar, sölu á grænum þætti raforkunnar og tengsl við nýja markaði. Ef rétt er unnið úr tækifærunum getur orkugeirinn á Íslandi haft sambærilega þýðingu og olíuiðnaðurinn í Noregi.

Landsvirkjun býður til kynningar og opinnar umræðu um þau tækifæri sem fyrirtækið stendur frammi fyrir, auk kynningar á árangri ársins 2010.

DAGSKRÁ

- **Katrín Júlíusdóttir**, *iðnaðarráðherra*
Opnunarávarp
- **Stjórnarformaður** Landsvirkjunar
Ávarp
- **Hörður Arnarson**, *forstjóri*
Ísland árið 2025: Fjölbreyttur iðnaður, sæstrengur og grænar tekjur
- **Rafnar Lárusson**, *framkvæmdastjóri fjármálasviðs*
Ársreikningur og lykiltölur úr rekstri Landsvirkjunar 2010

Fundarstjóri
- **Ragna Árnadóttir**, *skrifstofustjóri*

Allir velkomnir.
Skráning á: **landsvirkjun.is/skraning**

**Landsvirkjun er í eigu þjóðarinnar.**

Háaleitisbraut 68 – 103 Reykjavík – Sími: 515 90 00 – landsvirkjun@lv.is





**Í DOHA** Erindrekar úr samráðshópnum um Líbíu hittust í Katar í gær. Líbískir uppreisnarmenn eru í hópi þeirra sem funduðu. NORDIC PHOTOS/AFP

Samráðshópur um Líbíu fundaði í gær:

# Gaddafí fari strax frá

**LÍBÍA** Muammar Gaddafi Líbíuleiðtogi verður að víkja frá völdum, að mati nýstofnaðs alþjóðlegs samráðshóps um málefni Líbíu. Krónprinsinn í Katar las upp yfirlýsingu þess efnis á ráðstefnu um Líbíu sem nú fer fram í Doha, höfuðborg Katar.

Tamim bin Hamad bin Khalifa al-Thani, krónprins Katar, sagði í yfirlýsingunni að hópurinn vildi að strax yrði bundinn endir á árásir á almenna borgara, og að Gaddafí drægi herdeildir sínar frá þeim líbísku borgum sem þær hafa farið inn í með valdi.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sagði á ráðstefnunni að líklega myndi um helmingur þjóðarinnar þurfa á neyðaraðstoð að halda. Hann sagði einnig að um hálf milljón manna hefði yfirgefið landið frá því að átökin þar hófust.

Uppreisnarmennirnir hafa hvatt bandaríska herinn til þess að taka meiri forystu í loftárásum NATO.

Tvær öflugar sprengjur sprungu í útjaðri Trípólí í gær. Vitni sögðu sprengjurnar hafa lent nálægt flugvellinum í borginni, þar sem herbúðir á vegum Gaddafís eru. **- þeb**


EKKI LEITA HRING EFTIR HRING
AÐ FERMINGARGJÖF



*Ísbhringur með sirkon steinum úr Icecold línunni*
*kr. 8.900*
*úr silfri – íslensk hönnun*



*Ískúlubringur úr Icecold línunni*
*kr. 10.900*
*úr silfri – íslensk hönnun*

ICECOLD
JÓ 40 JÓN & ÓSKAR 1971-2011
PIPAR\TBWA • SÍA
WWW.JONOGOSKAR.IS LAUGAVEGUR / SMÁRALIND / KRINGLAN

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft…

ENNEMM / SÍA / NM45999

# Myndavél, stereógræjur, leikjatölva, áttaviti, Íslandskort, skákborð ...

... og auðvitað sími svo að fermingarbarnið geti hringt í þig til að segja „takk“!




**Nokia C5-03**

## 39.900 kr.

1000 kr. inneign
á mánuði í 6 mánuði

Þægilegur og einfaldur 3G[L] snertisími frá Nokia. Mjög góð 5 megapixla myndavél, Ovi Maps og GPS-virkni um allan heim.

**Nokia C3**

## 24.900 kr.

1000 kr. inneign
á mánuði í 6 mánuði

Frábærir símar fyrir ungt fólk á ferðinni - tölvupósturinn, spjallið, Facebook og Twitter við höndina öllum stundum.

ovi

Á Ovi Store er að finna um 40.000 forrit sem gera Nokia símann þinn enn skemmtilegri. Þar eru 80% af vinsælustu forritunum í farsíma, kíktu á store.ovi.com

siminn.is

Síminn

Inneignin gildir fyrir eitt símanúmer




**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft…

# Mögulegt að vextir fáist úr þrotabúinu

**Enn er mögulegt að Ísland sleppi við að greiða kostnað vegna Icesave þótt málið tapist fyrir dómstólum. Hagstæð gengisþróun gæti lækkað greiðslur í krónum. Ólíklegt ef vextirnir verða jafn háir og í fyrri samningi segir Lárus Blöndal.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig verður vaxtagreiðslum vegna Icesave háttað, tapi Ísland málaferlum?

Nýlegar fréttir af því að til standi að selja verðmætustu eign þrotabús Landsbankans, bresku verslanakeðjuna Iceland Foods, ýta undir vonir um að heimtur úr þrotabúinu dugi til að greiða kröfur vegna Icesave.

Eins og fram hefur komið gera Bretar og Hollendingar kröfu um að fá endurgreiddan kostnað við að greiða breskum og hollenskum innstæðueigendum á Icesave-reikningunum fé sem þeir töpuðu á falli Landsbankans.

Nú þegar margt bendir til að Iceland Foods seljist á hærra verði en skilanefnd Landsbankans metur eignina í sínu eignasafni aukast líkur á því að þrotabúið standi undir kröfum Breta og Hollendinga.

Það þýðir þó ekki að vextir fáist greiddir úr þrotabúinu. Bretar og Hollendingar líta svo á að þeir hafi lánað íslenskum stjórnvöldum þegar þeir bættu innstæðueigendum tap sitt vegna falls Landsbankans, og þar með að þeim beri að fá greidda vexti. Vaxtakröfur eru ekki forgangskröfur í þrotabúið, og því afar ólíklegt að búið standi undir því að greiða þær.

Í samningum sem hafnað var í þjóðaratkvæðagreiðslunni síðastliðinn laugardag höfðu þjóðirnar þrjár samið um að íslensk stjórnvöld greiddu afar lága vexti af þessari skuld. Vextirnir áttu að vera 3,3 prósent af skuldinni við Bretland en 3 prósent af skuld Íslands við Holland.

Í fyrri Icesave-samningi, sem felldur var í þjóðaratkvæðagreiðslu í fyrra, var samið um 5,5 prósenta vexti. Írland, Portúgal og Grikkland greiða enn hærri vexti af lánum sem ríkin hafa fengið frá öðrum Evrópuríkjum vegna efnahagserfiðleika.

Lárus Blöndal, sem sat í samninganefnd Íslands vegna Icesave, segir að enn sé til staðar möguleiki á að engir vaxtakostnaður falli á íslenska ríkið þó að ríkið verði dæmt til að greiða Bretum og Hollendingum bætur með vöxtum.

Hann bendir á spá Lars Christiansen, forstöðumanns greiningardeildar Danske Bank, um allt að 25 prósenta styrkingu íslensku krónunnar á næstu þremur árum.

„Ef gengið styrkist lyftist þakið á því sem fæst úr þrotabúinu,“ segir Lárus. Styrkist krónan fái Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjármagnseigenda fleiri krónur úr þrotabúinu en ella, sem geti dugað til að greiða vexti.

Þetta er þó óvissu háð. Alls óvíst er að Bretar og Hollendingar sætti sig við jafn lága vexti og náðust í samningaviðræðunum. Stjórnvöld í ríkjunum tveimur hafa raunar lýst því yfir að þau myndu krefjast hærri vaxta yrði samningurinn felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu.

„Ef vextirnir verða jafn háir og í fyrri samningum [5,5 prósent] er mjög ólíklegt að við getum fengið upp í alla vextina,“ segir Lárus.

brjann@frettabladid.is



**LANDSBANKINN** Kröfur Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjármagnseigenda í þrotabú Landsbankans eru forgangskröfur. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

> Ef vextirnir verða jafn háir og í fyrri samningum [5,5 prósent] er mjög ólíklegt að við getum fengið upp í alla vextina.
>
> **LÁRUS BLÖNDAL**
> HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR



markhonnun.is

# netto
Kræsingar og kostakjör



# [ Egg og mjólk & engifer ]

## VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU **UM PÁSKANA**



NAUTA-PIPARSTEIK
40% afsláttur
2.129 kr/kg
áður 3.549 kr/kg



LAMBA-RIB-EYE
50% afsláttur
1.999 kr/kg
áður 3.998 kr/kg



GRÍSA-KÓTELETTUR
52% afsláttur
990 kr/kg
áður 2.049 kr/kg



UNGNAUTAHAKK
100% NAUTAKJÖT
33% afsláttur
1.179 kr/kg
áður 1.759 kr/kg



KJÚKLINGUR
FERSKUR
698 kr/kg
Frábært verð!



PAPRIKA
RAUÐ
50% afsláttur
269 kr/kg
áður 538 kr/kg



ROYAL CRACKERS SALT
3 X 100 G
50% afsláttur
99 kr/pk.
áður 199 kr/pk.



FANTA ORANGE
FANTA FRUIT TWIST
6 X 330 ML
34% afsláttur
395 kr/pk.
áður 598 kr/pk.



TAUMÝKIR
LAVENDER 1 L
34% afsláttur
199 kr/stk.
áður 299 kr/stk.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

**Tilboðin gilda 14. - 17. apríl**
eða meðan birgðir endast

FASTUS

Pottar og pönnur í miklu úrvali

Fjölbreytt úrval af pottum og pönnum
fyrir allar gerðir eldavéla.
Allt að 50 lítra pottar.
Góð gæði og frábært verð.



Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

**Efnahags- og viðskiptaráðuneytið flytur í Skuggasund 3, í dag 14. apríl.**

Afgreiðslutími er sem fyrr 8.30 til 16.00.

Sími 545 8800
Bréfasími 511 1161
www.efnahagsraduneyti.is

# S&P bíður með breytt lánshæfismat Íslands

**Efnahags- og viðskiptaráðherra er ánægður með að tekist hafi að verjast lækkun lánshæfismats hjá báðum stóru greiningarfyrirtækjunum. Standard & Poor's setti einkunnir íslenska ríkisins í gær á athugunarlista með neikvæðum horfum.**

**EFNAHAGSMÁL** Lánshæfismatsfyrirtækið Standard & Poor's (S&P) setti lánshæfiseinkunnir Íslands á athugunarlista með neikvæðum horfum í gær.

Seðlabankinn og íslensk stjórnvöld hafa róið að því öllum árum í vikunni að tala um fyrir fyrirtækinu og fá það til að fresta því að gefa út nýtt mat.



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

„Þetta eru mjög jákvæð teikn, að við skulum ekki fá lækkað lánshæfismat," segir Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra. „Það er þá búið að takast að verjast lækkun hjá báðum stóru bandarísku matsfyrirtækjunum." Fyrirtækið Moody's hafði þegar fallist á að bíða með það fram yfir næstu helgi að endurskoða lánshæfismatið.

„Við þurfum auðvitað að halda áfram að skýra það að engar efnislegar ástæður eru fyrir því að lánshæfismatið verði lækkað. Við munum auðvitað gera það núna í framhaldinu og hitta fyrirtækin áfram á næstu dögum til að undirstrika þessi skilaboð," segir Árni og áréttar að við eigum mikið undir því að matið lækki ekki.

Spurður hvort vonir stjórnvalda hafi staðið til þess að yfirlýsingin sem S&P gaf út í gær yrði enn jákvæðari fyrir Ísland en raunin varð segir Árni Páll að það hafi tæplega verið raunsætt í ljósi aðstæðna.

Í ljósi yfirlýsinga matsfyrirtækjanna sjálfra hefði allt eins verið búist við því að þau myndu fella lánshæfismatið. Lánshæfiseinkunn ríkissjóðs hjá S&P stendur nú í BBB- fyrir langtímaskuldir í erlendri mynt og BBB fyrir langtímaskuldir í íslenskum krónum. Skammtímaeinkunnirnar eru í A-3.

stigur@frettabladid.is



**SEÐLABANKINN** Starfsmenn Seðlabankans hafa átt í miklum samskiptum við matsfyrirtækin síðustu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ÞÆGILEGUR SPARNAÐUR

MUNDO

GLÆSILEGIR SKRIFBORÐSSTÓLAR
Á ÓTRÚLEGA HAGSTÆÐU VERÐI

TILVALIN FERMINGARGJÖF
FINNDU ÞINN STÓL Á WWW.N1.IS

N1



1118 HF326
MUNDO ÍVAR
· Stillanlegt bak
· Stillanleg hæð
· Ekta leður
· Til svartur og rauður
VERÐ
34.990 KR.



1118 HF029
MUNDO FREDRIK
· Stillanleg hæð
· Micro fiber
VERÐ
6.990 KR.



1118 HF363
MUNDO THOR
· Stillanlegt bak
· Stillanleg hæð
· Netbak
· Svart tauáklæði
VERÐ
18.990 KR.



1118 HF268
MUNDO VERA
· Stillanlegt bak
· Stillanleg hæð
· Micro fiber
VERÐ
22.990 KR.



1118 HF384
MUNDO EAGLE
· Stillanlegt bak
· Stillanleg hæð
· Hnakkapúði
· Svart PU-áklæði
VERÐ
22.990 KR.



1118 HF377
MUNDO GILL
· Stillanlegt bak
· Stillanleg hæð
· PU áklæði
VERÐ
24.990 KR.



1118 HM071
MUNDO ELI
· Stillanleg hæð
· Micro efni
VERÐ
24.990 KR.



1118 HF4081
MUNDO FINNSSON
· Stillanlegir armar og bak
· Stillanleg hæð
· Ekta leður
· Til svartur og hvítur
VERÐ
29.990 KR.



1118 HF328
MUNDO BUFFET
· Stillanlegt bak
· Stillanleg hæð
· Ekta leður
VERÐ
29.990 KR.



1118 HF394-1A
MUNDO LORENZO
· Stillanlegt bak
· Stillanleg hæð
· Svart leður
VERÐ
34.990 KR.

TAKMARKAÐ MAGN!

N1 VERSLANIR
WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000
Meira í leiðinni

# Til hamingju Valsstúlkur!

Íslandsbanki óskar Valsmönnum öllum til hamingju með Íslandsmeistaratitilinn í handbolta.




islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins 2011**

# Athygli vakin á góðum verkum

Fréttablaðið veitir í dag Samfélagsverðlaun í sjötta sinn. Verðlaunin eru sem fyrr veitt í fjórum flokkum, auk heiðursverðlauna. Að þessu sinni eru þrír tilnefndir í hverjum flokki og eru þeir kynntir hér á síðunni. Í dag kemur í ljós hver verðlaunin hlýtur í hverjum flokki, auk þess sem heiðursverðlaunahafinn verður kynntur. Markmið verðlaunanna er að vekja athygli á margvíslegum góðverkum.

## Frá kynslóð til kynslóðar

**Til greina koma þeir sem hafa unnið eftirtektarvert starf í þágu menntunar, uppfræðslu eða umönnunar þeirrar kynslóðar sem er að vaxa úr grasi, jafnt einstaklingar sem samtök eða stofnanir.**

### JÓN STEFÁNSSON



Jón Stefánsson hefur stýrt tónlistarstarfi í Langholtskirkju um áratugaskeið. Kórstarf Jóns í Langholtskirkju með börnum og ungmennum hófst árið 1991. Nú starfa í kirkjunni Krúttakór fyrir yngstu börnin, Kórskóli Langholtskirkju tekur svo við, þá Graduale Futuri fyrir 10 til 14 ára börn og unglingakórinn Gradualekór Langholtskirkju. Graduale Nobili er svo úrvalskór stúlkna sem sungið hafa í Gradualekórnum. Tónlistaruppeldi Jóns í Langholtskirkju hefur opnað heim tónlistar fyrir fjöldamörgum börnum og unglingum og skilað hæfu tónlistarfólki.



### MÖGULEIKHÚSIÐ

Möguleikhúsið er atvinnuleikhús sem í meira en tuttugu ár hefur staðið að metnaðarfullum leiksýningum fyrir börn. Leikhúsið hefur á starfstíma sínum fært upp meira en þrjátíu leiksýningar og var síðasta frumsýningin fyrir fáeinum vikum. Þorri sýninga leikhússins fer fram í leik- og grunnskólum landsins og er markmiðið með því að gefa sem flestum börnum og unglingum kost á að njóta sýninga þess. Hjónin Pétur Eggerz og Alda Arnardóttir hafa staðið að Möguleikhúsinu frá upphafi.

### SKÓLAHREYSTI

Skólahreysti er liðakeppni í nokkrum íþróttagreinum milli grunnskóla í landinu. Í hverju liði keppa tvær stelpur og tveir strákar úr 9. og 10. bekk eftir ákveðinni forskrift. Keppt var í fyrsta sinn í Skólahreysti árið 2005 en þá tóku sex skólar þátt. Keppninni hefur vaxið fiskur um hrygg og nú keppa yfir 130 skólar í Skólahreysti. Hjónin Andrés Guðmundsson og Lára B. Helgadóttir reka Skólahreysti, sem er byggð á þeirri hugsjón að hvetja börn til alhliða íþróttaupplifunar sem byggð er á grunnforsendum almennrar íþróttakennslu.



## Hvunndagshetja

**Til greina koma einstaklingar sem sýnt hafa einstaka ósérhlífni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.**



### ÁSMUNDUR ÞÓR KRISTMUNDSSON

Ásmundur Þór er björgunarsveitarmaður en var í skemmtiferð í Þórsmörk þegar hann vann þar björgunarafrek í ágúst 2010. Hann lét ekki axlarmeiðsl sem hann glímdi við hindra sig í að vaða út í Krossá til að bjarga tveimur ferðamönnum sem höfðu fest bíl sinn í ánni. Ásmundur batt kaðal við sig og náði fyrst manninum upp á bakkann. Hann var þá þegar þrekaður en óð samt að nýju út í ána og sótti konuna.

### JÚLÍANA SIGNÝ GUNNARSDÓTTIR



Júlíana Signý hefur hátt í fjörutíu ár tekið sér fyrir hendur að safna gjöfum fyrir jól, pakka þeim fallega inn og gefa svo heimilislausu fólki gegnum gistiskýlið í Þingholtsstræti og Konukot. Framan af var verkið unnið gegnum félagasamtök en síðari ár hefur frumkvæðið og framkvæmdin alfarið verið Júlíönu, sem vitanlega nýtur stuðnings góðra fyrirtækja, þeirra sömu ár eftir ár. Starf Júlíönu er dæmi um góðverk sem unnin eru í hljóði, í þessu tilviki áratug eftir áratug.



### STEFÁN HELGI STEFÁNSSON

Stefán Helgi Stefánsson og Margrét Sesselja Magnúsdóttir standa saman að verkefninu Elligleði. Þau fara á milli staða þar sem fólk með heilabilun dvelur og Stefán Helgi, sem er tenórsöngvari, syngur gömul íslensk lög fyrir fólkið. Mikil ánægja ríkir með heimsóknir Elligleði bæði meðal eldri borgaranna sjálfra og aðstandenda þeirra og starfsfólks. Starfsemin er rekin á tilfallandi styrkjum.

## Til atlögu gegn fordómum

**Til greina koma einstaklingar eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.**



### ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ STYRMIR

Einkunnarorð Íþróttafélagsins Styrmis eru „fyrirmyndir, ekki staðalímyndir“. Uppruna félagsins má rekja til þess að nokkrum hommum var safnað saman til að spila fótbolta á Klambratúni fyrir tæpum fimm árum. Óhætt er að segja að boltinn hafi rúllað síðan. Nú skipta meðlimir Styrmis tugum og æfðar eru þrjár íþróttagreinar undir merkjum félagsins: fótbolti, sund og blak. Markmið Styrmis er að ná góðum árangri í keppni en um leið að setja þátttöku ofar sigri.

### LISTASMIÐJAN LITRÓF

Listasmiðjan Litróf starfar í Fella- og Hólakirkju. Markmið listasmiðjunnar er annars vegar að bjóða börnum upp á söng, dans og leiklist og hins vegar að stuðla að vináttu og sterkari tengslum milli barna af erlendum uppruna og íslenskum. Öll börn eru velkomin í listasmiðjuna og þar eru engin þátttökugjöld. Starfið einkennist af látleysi og einfaldleika en unnið er að því að laða fram hæfileika hvers og eins og styrkja sjálfsmynd. Starfsemin hófst með tíu stelpum haustið 2008 en í haust höfu sjötíu stelpur leikinn í Litrófi. Ragnhildur Ágústsdóttir stýrir listasmiðjunni.



### POLLAPÖNK

Pollapönk varð upphaflega til fyrir fimm árum sem lokaverkefni tveggja leikskólakennara frá Kennaraháskóla Íslands, þeirra Haraldar Freys Gíslasonar og Heiðars Arnar Kristjánssonar. Síðar bættust Arnar Gíslason og Guðni Finnsson í hópinn. Markmiðið með Pollapönki er að búa til tónlist sem höfðar bæði til barna og fullorðinna. Strákarnir í Pollapönki eru mikilvægar fyrirmyndir með því að vera í senn sannkallaðir töffarar og um leið stoltir starfsmenn leikskóla.



## Samfélagsverðlaun

**Til greina koma félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.**

### GÓÐI HIRÐIRINN

Markmiðið með starfsemi Góða hirðisins er tvíþætt. Í fyrsta lagi að stuðla að því að nytjahlutir sem eru hættir að koma að gagni á einum stað verði öðrum til gagns og gleði. Í öðru lagi rennur allur ágóði sölu í Góða hirðinum til góðgerðamála. Endurnýting stuðlar að betri umgengni við umhverfið og er veruleg kjarabót fyrir þá fjölmörgu sem kaupa það sem þá vantar til heimilisins í Góða hirðinum. Umfang starfseminnar hefur aukist ár frá ári og aldrei hefur framlag Góða hirðisins til góðgerðarmála verið hærra en í fyrra.



### REYKJADALUR Í MOSFELLSDAL

Í Reykjadal hafa verið reknar sumarbúðir í nærri hálfa öld. Þar dveljast árlega milli tvö og þrjú hundruð börn af öllu landinu. Á sumrin býðst sumardvöl, í eina eða tvær vikur í senn, en yfir vetrarmánuðina er þar boðin helgardvöl. Útivera skipar veigamikinn sess í starfinu í Reykjadal, meðal annars í sundi og heitum potti sem þar er. Í Reykjadal starfar drífandi hópur ungs metnaðarfulls fólks. Það kom sér vel þegar útlit var fyrir að leggja þyrfti vetrardvöl barna í Reykjadal niður vegna fjárskorts. Þá efndi starfsfólkið til áheitagöngu og tókst að safna fé til að halda starfseminni gangandi í vetur.



### SAMTÖK KVENNA AF ERLENDUM UPPRUNA

Markmið Samtaka kvenna af erlendum uppruna er að vinna að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna af erlendum uppruna á öllum sviðum þjóðlífsins. Samtökin hafa lagt sig fram um að breyta einsleitri mynd erlendra kvenna á Íslandi, meðal annars með virkri þátttöku í opinberri umræðu um innflytjendamál og framlagi til menningarviðburða sem tengjast fjölmenningarlegu samfélagi. Samtökin hafa starfað frá árinu 2003.



### Dómnefndin

Í upphafi árs var lýst eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna frá lesendum blaðsins.

Sem fyrr barst fjöldi tilnefninga og hafði dómnefndin úr nógu að moða þegar hún tók til starfa. Hennar hlutverk var að útnefna þrjá í hverjum flokkanna fjögurra og því næst heiðursverðlaunahafann og vinningshafana.

Að þessu sinni sátu í dómnefnd: Steinunn Stefánsdóttir aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins, formaður, Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar, Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, Felix Bergsson, leikari með meiru, og séra Jóna Hrönn Bolladóttir.


**Sumarvaran er komin**



Signature húsgögn

Opið:
Má. - Fö. 12 - 18 - Lau. 12 - 16 - Sun. 13 - 16
Kauptúni 3 • 210 Garðabær • S 771 3800 • www.signature.is

# Vorútsala

## Allt að

# 70%

## AFSLÁTTUR

Rýmum fyrir nýjum vörum

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

# neytendur
hagur heimilanna

**3.900 KRÓNUR** var verð á einum miða í Þjóðleikhúsið árið 2010. Árið 2000 kostaði miðinn 2.100 krónur og árið 1980 kostaði hann 40 krónur.
Heimild: Hagstofan

**NEYTANDINN: EYÞÓR ARNALDS BÆJARFULLTRÚI Í ÁRBORG**

## *Einkaþjálfarinn hefur margborgað sig*



„Mín bestu kaup voru þegar ég fékk mér einkaþjálfara,“ segir Eyþór Arnalds, tónlistarmaður og bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks í Árborg. „Það var fyrir um sjö árum og þannig lærði ég að koma mér í form.“ Eyþór segist hafa tekið sig alveg í gegn með hjálp einkaþjálfarans eftir að hafa horfst í augu við þann raunveruleika að hafa fitnað og áttað sig á því að nauðsynlegt væri að huga að heilsunni til framtíðar. „Með því að kaupa þjónustu einkaþjálfara lærði maður agann og því verður miklu meira úr æfingunum,“ segir Eyþór.

Þegar bæjarfulltrúinn er spurður um verstu kaup sín kom tvennt upp í hugann. Annars vegar hlutabréf í Skjá 1, sem voru að mati Eyþórs ekki góð kaup, og hins vegar bensínið.

„Það er orðið afskaplega endingarlítil fjárfesting,“ segir hann.

**Húsaleiga**

## Neytendasamtökin fá fjölda fyrirspurna

Neytendasamtökin hafa fengið í kringum 200 fyrirspurnir og erindi vegna húsaleigumála það sem af er árinu. Það jafngildir um 800 á ári, en í fyrra voru erindi vegna húsaleigumála 414 og aðeins 218 árið 2009. Fyrirspurnirnar eru mjög fjölbreyttar, segir á vef Neytendasamtakanna, og ljóst að þörf leigjenda fyrir aðstoð og ráðgjöf af þessum toga er mikil. Engin leigjendasamtök eru starfandi og hafa Neytendasamtökin reynt að aðstoða leigjendur en munu ekki geta haldið því áfram ef fram heldur sem horfir.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




# Bætur fyrir eins dags töf á ferð til Tenerife

**Farþegar Sumarferða í ferð til Tenerife í fyrra hafa fæstir heyrt af úrskurði um að fyrirtækið eigi að bæta sólarhringstöf sem varð á brottförinni. Forstjórinn segir flesta hafa verið sátta með þær bætur sem fyrirtækið bauð á þeim tíma.**



**TENERIFE** Kona sem ætlaði að verja viku á Tenerife var svo útkeyrð eftir sólarhrings töf á fluginu frá Keflavík að hún megnaði ekki fyrr en á þriðja degi að hjóla um eyjuna eins og hún segir hafa verið megintilgang ferðarinnar.

Mæðgur sem keypt höfðu vikuferð til Tenerife í byrjun júní í fyrra fengu einn sjöunda hluta ferðarinnar endurgreiddan auk annarra bóta vegna þess að brottför tafðist um einn dag.

Um tvö hundruð manns voru í hóp sem fara átti með Sumarferðum til Tenerife 31. maí í fyrra. Flugvél frá Iceland Express sem flytja átti hópinn utan var ekki til reiðu þegar kom að áætlaðri brottför klukkan níu um morguninn. Bilun var í framrúðu vélarinnar sem fór ekki í loftið fyrr en klukkan fimm næsta morgunn. Í millitíðinni var búið að ganga á með breytilegum tilkynningum til farþeganna um væntanlegan framgang mála. Mægðunum bauðst að fá fimmtán þúsund króna gjafabréf frá Sumarferðum í bætur en það þáðu þær ekki.

Konan kærði málið til úrskurðarnefndar Samtaka ferðaþjónustunnar og Neytendasamtakanna. Í úrskurði nefndarinnar segir um frásögn konunnar að hún hafi verið orðin afar þreytt við komuna til Tenerife enda þá verið búin að sofa lítið í tvær nætur. Vikuferðin í raun verið orðin fimm daga ferð. „Til að mynda hafi hún ekki treyst sér til að hjóla um eyjuna, en það hafi verið aðaltilgangur ferðarinnar, fyrr en á þriðja degi,“ segir í úrskurðinum.

Sumarferðir sögðu úrskurðarnefndinni að fyrirtækið væri ekki skaðabótaskylt því seinkunin hafi verið ófyrirsjáanleg. Farþegum hefði þó verið boðin endurgreiðsla vegna einnar gistinætur á hóteli og auk þess fimmtán þúsund króna inneignarnóta hjá fyrirtækinu.

Úrskurðarnefndin sagði að Sumarferðum bæri að endurgreiða mæðgunum upphæð sem svaraði til eins sjöunda hluta af vikuferðinni og bætur að auki fyrir flutning til og frá flugvellinum og greiðslu fyrir hressingu á flugvellinum, samtals 61.044 krónur.

Úrskurðurinn var kveðinn upp í nóvember síðastliðnum en Sumarferðir hafa þó ekki kynnt hann fyrir öðrum úr ferðahópnum. Einhverjir farþeganna hafa þó haft pata af úrskurðinum og náð að fá endurgreiðslu í samræmi við hann. Þorsteinn Guðjónsson, forstjóri fyrirtækisins, segist ekki telja það í verkahring þess að gera viðvart um slíka úrskurði í máli einstakra viðskiptavina. „Hvert mál er sérstakt og við náðum sátt við alla aðila nema þessa tvo sem við gerðum síðan upp við í samræmi við úrskurð nefndarinnar, enda munaði afar litlu á því sem við buðum og því sem nefndin úrskurðaði,“ segir forstjórinn.

gar@frettabladid.is

Umfelgun
frá 2.990 kr.
HEKLA



## GÓÐ HÚSRÁÐ Ilmgel

*Góð leið til að losna við vonda lykt*



*2 bollar vatn*
*4 pakkar matarlím*
*15-20 dropar af ilmkjarnaolíu (Essential oil) fæst m.a. í Heilsuhúsinu*
*1-2 msk. salt*
*matarlitur*

Blandið saman einum bolla af vatni, ilmkjarnaolíunni og matarlitnum og hitið í potti þangað til sýður. Takið af hellunni og blandið matarlími og salti saman við, látið leysast upp. Setjið síðan afganginn af vatninu út í pottinn og hrærið vel saman en varlega svo það freyði ekki.

Hellið í sótthreinsaða krukku með loki og kælið í ísskáp í sólarhring. Stingið síðan nokkur göt á lokið og þá eruð þið komin með ykkar eigin ilmkrukku. Gleymið alls ekki saltinu því annars myglar gelið. Setjið krukkuna upp á skáp inni á baðherbergi eða þar sem þörf er á.



Opinn fyrirlestur með

# Kaj Mickos

## Andrews Theater

## kl. 13:00–14:30, 16. apríl

### Hvað er nýsköpun og hverjir eru það sem stunda nýsköpun?

Í fyrirlestri sínum mun prófessor Kaj Mickos tala um goðsagnir og hugmyndir um nýsköpun og þá sem hana stunda.
Með því að taka dæmi úr raunveruleikanum og ræða hvernig nýsköpunarsérfræðingar horfa á nýsköpun í dag vill Kaj varpa ljósi á málefnið og gera hlustendum grein fyrir því að með réttu verkfærunum getur hver sem er stundað nýsköpun.

**Aðgangur er ókeypis, en vinsamlegast skráðu þig fyrir kl. 16:00, 15. apríl nk. á incubator.asbru.is.**

**Skráðu þig á fyrirlesturinn og þú gætir unnið pláss á lokaðri vinnustofu með Kaj Mickos!**

**Vinnustofa með Kaj Mickos**
**Svaninum í Eldey, Grænásbraut 506,**
**kl. 15:00–17:00, 16. apríl**

**Frá vandamáli til nýsköpunar**
Hvað þarf til nýsköpunar? Í þessari tveggja tíma vinnustofu mun prófessor Kaj Mickos sýna fram á flækjustigið en jafnframt einfaldleikann við að finna lausnir á vandamálum og þróa nýjar hugmyndir. Meðal annars verður farið í hópæfingu sem prófar hæfileika þátttakenda til nýsköpunar.

Kaj Mickos hefur starfað sem prófessor í nýsköpunarfræðum í Svíþjóð. Bakgrunnur Mickos er í atferlisfræði og sem nýsköpunarfrömuður. Hann á 30 einkaleyfi og hefur stofnað 15 fyrirtæki. Hann starfar nú í fyrirtæki sínu, Innovation Plant, sem hjálpar fyrirtækjum, stofnunum, landssvæðum og þjóðum að þróa nýsköpunarferla.

Mickos þróaði 72 tíma nýsköpunarkapphlaupið sem byrjar á því að skilgreina vandamálið. Síðan er nýsköpun notuð til að finna lausnir sem enda með vöru eða þjónustu sem er tilbúin á markað. Kaj Mickos hefur einnig stjórnað 16 sjónvarpsþáttum um nýsköpun í sænska ríkissjónvarpinu.


ÁSBRÚ
Samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs

FRUMKVÖÐLASETRIÐ
Kadeco
Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Frekari upplýsingar á asbru.is og incubator.asbru.is




# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sundrung í stjórn og stjórnarandstöðu:

## Vantraust á pólitíkina

Atkvæðagreiðslan um tillögu Sjálfstæðisflokksins um vantraust á ríkisstjórnina veikti hana en felldi hana ekki. Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Vinstri grænna, varð sá þriðji úr þingflokknum til að ganga úr skaftinu. Meirihluti ríkisstjórnarinnar á þingi er nú orðinn eins naumur og hann getur orðið.

Það er þó jafnljóst og áður að stór mál sundra stjórnarliðinu og þótt ágreiningurinn hafi ekki orðið til þess að fella stjórnina er hún í vandræðum með að taka ákvarðanir í ýmsum málum. Átökin um auðlindir, orkustefnu, stóriðjuframkvæmdir og Evrópumál voru undirliggjandi í málflutningi ýmissa stjórnarliða. Þótt ríkisstjórnin hafi staðið af sér þessa atlögu er ekki líklegra en áður að hún geti komið saman atvinnustefnu sem eykur fjárfestingu og fjölgar störfum í landinu eins og þarf.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


En þótt ríkisstjórnin sé sjálfri sér sundurþykk og búin að glata stuðningi meirihluta kjósenda samkvæmt skoðanakönnunum sýndi umræðan og atkvæðagreiðslan í gærkvöldi ekki síður fram á sundrungu stjórnarandstöðunnar. Það er ekki beysin stjórnarandstaða sem ekki getur öll staðið að því að samþykkja vantraust á ríkisstjórn.

Af ræðum þingmanna var augljóst að núverandi minnihlutaflokkar bjóða ekki upp á sannfærandi kost í stað núverandi stjórnarsamstarfs, jafnvel þótt þeir næðu meirihluta í kosningum. Litla framtíðarsýn var að finna í ræðum stjórnarandstæðinga og sízt af öllu sameiginlega sýn. Hnúturnar gengu á milli andstöðuflokkanna, ekki síður en á milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Ekki var heldur neitt hugsanlegt stjórnarsamstarf milli flokka úr núverandi stjórn og núverandi stjórnarandstöðu í kortunum. Hvernig ættu til dæmis Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri græn að ná saman um orku- eða stóriðjustefnu? Og hvað um Evrópumálin? Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, gerði harða atlögu að Samfylkingunni vegna afstöðu hennar í Evrópumálum og sagði augljóst að ESB-aðild væri „í andstöðu við meginþorra þjóðarinnar og aðildarferlið einungis til þess fallið að auka enn frekar á sundrungu og erfiðleika hennar“.

Með þessu er Bjarni reyndar kominn í mótsögn bæði við þann meirihluta kjósenda sem segist ítrekað í könnunum vilja halda aðildarviðræðum við ESB áfram og við sjálfan sig áður en hann varð formaður flokks síns, en þá sagði hann í grein hér í blaðinu að þjóðin ætti í kjölfar aðildarviðræðna að taka ákvörðun um aðild að ESB. Jafnvel þótt það yrði niðurstaða Sjálfstæðisflokksins að hag þjóðarinnar væri betur borgið utan ESB væri það „mjög í samræmi við ríka lýðræðishefð í Sjálfstæðisflokknum að láta málið ganga til þjóðarinnar í kjölfar viðræðna“. Ein ástæða þess að málflutningur sjálfstæðismanna um kosningar er ekki sannfærandi er sá vafi sem leikur á að flokkurinn geti gengið í heilu lagi til þeirra kosninga vegna deilna um Evrópumálin.

Niðurstaðan af umræðunum í gærkvöldi er því miður að öllum líkindum áframhaldandi vantraust kjósenda á pólitíkinni.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



**Nýsköpunarsjóður tónlistar – Musica Nova**

**Styrkir vegna starfsársins 2011**

Sjóðurinn auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til nýsköpunar í tónlist. Flytjendur og tónleikahaldarar geta sótt um styrk til að panta tónverk og skal styrkfjárhæðin aðeins notuð til þess. Umsækjendur ábyrgjast frumflutning verksins.

**Í umsókn skal taka fram:**
- höfund tónverks
- tímalengd verks
- hljóðfæraskipan
- áætlaða tímasetningu frumflutnings

Þá skal fylgja fjárhagsáætlun verkefnisins sem og ferilskrá umsækjanda (flytjanda/tónleikahaldara)

**Umsóknir berist til:**
Nýsköpunarsjóðs tónlistar – Musica Nova
Laufásvegi 40
101 Reykjavík

**Umsóknarfrestur rennur út föstudaginn 6. maí 2011. Póststimpill gildir.**


## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Leiðrétt**

Björgólfur Thor Björgólfsson boðaði í Fréttablaðinu í gær leiðréttingar á „augljósum villum, röngum ályktunum og hreinum uppspuna,“ sem um hann er að finna í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Munu þær birtast á vef hans btb.is. Fengur verður að því efni eins og öðru sem kemur frá Björgólfi.



**„Sellerinn“ með gullúrið**

Fróðlegt verður að sjá hvort hann leiðréttir eftirfarandi frásögn Össurar Skarphéðinssonar í skýrslunni:

„[Landsbankamenn] [k]omu að kynna okkur eitthvað, frábært tilboð. Og hann [Björgólfur Thor Björgólfsson] sat þarna í sínum flottu fötum, ofsalegur „seller“, að selja eitthvað sem gekk út á það að þeir áttu að fá Glitni ókeypis og fá alla skapaða hluti og síðan allan gjaldeyrisforðann og eitthvert „guarantee“ til viðbótar. Og Halldór Kristjánsson sat þarna svona eins og laminn hundur og tók ekki mikið undir þetta. Svo var þessi fundur búinn, Sigurjón var þarna, það voru snúðar á borðunum, skornir í tvennt, stórir snúðar. Sigurjón er nú munnstór maður og mikill og þegar þeir voru farnir út og hann var einn eftir þá tók hann svona hálfan snúð, tróð honum upp í andlitið á sér og skaut undan snúðnum þessari setningu: Ég hef ekki trú á þessu, ég hef ekki trú á þessu. Þá kom svona hönd með gullúri og kippti honum út.“



bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Umbætur í íslenskri stjórnsýslu, eða hvað?

Stjórnmál




Magnús Guðmundsson

Formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana


Forstöðumenn gegna mikilvægum hlutverkum í íslenskri stjórnsýslu og á þeim brennur að reka stofnanir samfélagsins með sem bestum og hagkvæmustum hætti. Forstöðumenn eru einnig lykilhópur við að innleiða nýsköpun og umbætur í íslenskri stjórnsýslu til þess að hægt sé að veita samfélaginu góða þjónustu þrátt fyrir lækkandi fjárveitingar.

Því miður er nú svo komið að í öllu umbótastarfinu blasir við það vandamál að forstöðumenn upplifa að þeir séu beittir óréttí af hendi stjórnvalda á sama tíma og kröfur til þeirra eru meiri en nokkru sinni fyrr.

Stétt forstöðumanna ríkisstofnana, sem hvorki hefur samningsrétt né verkfallsrétt, hefur umfram aðra hópa í samfélaginu orðið fyrir óréttlátum aðgerðum í kjölfar hruns íslensks efnahagslífs í árslok 2008. Laun voru lækkuð og fryst með lagasetningu í tvígang og hefur kaupmáttur þessa hóps lækkað um 10% umfram aðra sambærilega hópa síðan í ársbyrjun 2009. Ákvæðum laga um frystingu og launalækkun var aflétt 1. desember 2010 en þrátt fyrir það hafa kjörin ekki verið leiðrétt til fyrra horfs þó að lög um Kjararáð tilgreini að svo skuli gert. Þetta verður að teljast afar slæm stjórnsýsla og mögulegt lögbrot á sama tíma og stjórnvöld gera kröfur um að vinnubrögð verði bætt í stjórnsýslunni í heild.

> Forstöðumenn gegna mikilvægum hlutverkum í íslenskri stjórnsýslu.

Forstöðumenn geta og vilja standa vaktina á fullum krafti í krefjandi verkefnum en þeir þurfa að fá eðlilega og sanngjarna umbun fyrir störf og árangur. Það er órökrétt að forstöðumenn fái neikvæð skilaboð í formi óréttlætis af hendi stjórnvalda þegar þeir þurfa á hvatningu og stuðningi að halda. Eðlileg laun og samhengi á milli árangurs og umbunar er hluti af nauðsynlegu umbótastarfi í íslenskri stjórnsýslu. Ella er hætta á atgervisflótta með ófyrirséðum afleiðingum.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Víti að varast

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
Prófessor

Fyrir bráðum aldarfjórðungi tók ég í eina skiptið á ævinni sæti í stjórnskipaðri nefnd. Þessari nefnd hafði verið falið að semja nýtt frumvarp til laga, um erlenda fjárfestingu. Sex karlar sátu í nefndinni. Formaður hennar var Baldur Guðlaugsson, síðar ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu. Nefndin vann verk sitt vel, að mér fannst, og hafði að nokkrum tíma liðnum samið gagnleg drög að lagafrumvarpi með ýmsum tímabærum nýjungum. Á lokasprettinum gerðist það, að flokkshestarnir í nefndinni, fulltrúar gömlu helmingaskiptaflokkanna, fóru í gegn um frumvarpsdrögin lið fyrir lið og sögðu: Þessi ákvæði verða aldrei samþykkt í þinginu, svo að við verðum að taka þau út. Þannig fuku nýjungarnar út úr frumvarpsdrögunum hver á fætur annarri; ein þeirra snerist um heimildir til erlendrar fjárfestingar í sjávarútvegi. Eftir stóðu frumvarpsdrög, sem voru eins og reyttur kjúklingur, hvorki fugl né fiskur. Nefndin gafst upp fyrir fram fyrir ímyndaðri andstöðu á Alþingi frekar en að láta reyna á viðbrögð þingsins. Óttablandin valdhlýðni varð góðum ásetningi yfirsterkari. Ísland í hnotskurn.

**Þjóðin ræður**

Þessa djúpu gryfju má stjórnlagaráðið ekki falla í eftir allt, sem á undan er gengið. Það er, sýnist mér, einhugur í ráðinu um, að tillögur þess um breytingar á stjórnarskránni þurfi að leggja í dóm þjóðarinnar án efnislegra afskipta Alþingis eftir þeirri sjálfsögðu reglu, að aðili máls, Alþingi í þessu dæmi, má ekki gerast dómari í eigin sök. Það er til dæmis ekki Alþingis að fjalla um fjölda alþingismanna. Þetta segir sig sjálft. Af þessu helgast sú skoðun, að Alþingi þurfi í samræmi við núgildandi stjórnarskrá að leggja tillögur stjórnlagaráðsins beint í dóm þjóðarinnar. Af þessum sökum er eðlilegt, að stjórnlagaráðið velti fyrir sér, hvaða tillögur séu líklegar til að falla þjóðinni í geð. Ráðið þarf að ræða við þjóðina.

Ég met stöðuna svo, að þjóðin óski í ljósi hrunsins gagngerra breytinga á stjórnarskránni. Hrunið er tilefni þess, að Alþingi ákvað að láta endurskoða stjórnarskrána. Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis (RNA) mælir afdráttarlaust með breytingum á stjórnarskránni vegna hrunsins. Þannig má líta á verkefni stjórnlagaráðsins sem lið í endurreisn efnahagslífsins eftir hrun. Tillögur þjóðfundarins í október 2010 um breytingar á stjórnarskránni eru skýrar umbótatillögur. Tillögur stjórnlaganefndarinnar, sem birtar voru 6. apríl 2011, eru að sama skapi afdráttarlausar. Stjórnlagaráðinu ber að lögum að taka mið af tillögum þjóðfundarins og stjórnlaganefndar. Það liggur í hlutarins eðli, að tillögum þjóðfundarins, stjórnlaganefndarinnar og síðan stjórnlagaráðsins er ekki ætlað að vera til skrauts, þvert á móti. Við þurfum vegna hrunsins að breyta leikreglunum til að breyta leiknum.

> Þegar allt var um garð gengið, þótti sömu stjórnmálamönnum tímabært að bæta lífvana ákvæði um þjóðareign inn í stjórnarskrána.

**Auðlindir í þjóðareign**

Tökum dæmi, svo að ekkert fari á milli mála. Þjóðfundurinn og stjórnlaganefnd mæla með því, að ákvæði um þjóðareign á auðlindum verði sett í stjórnarskrána. Slíkt ákvæði er hægt að orða og útfæra með ýmsum hætti. Af þeim 23 stjórnlagaráðsfulltrúum, sem lýstu skoðunum sínum á málinu fyrir stjórnlagaþingskosningarnar í nóvember 2010, sögðust 22 vera hlynntir slíku ákvæði. Af þessu öllu má ráða yfirgnæfandi líkur þess, að slíkt ákvæði verði hluti af tillögum stjórnlagaráðsins, þegar upp verður staðið. Slíku ákvæði getur varla verið ætlaður staður í stjórnarskránni upp á punt. Nei, því hlýtur þvert á móti að vera ætlað að breyta gangi leiksins með því að færa þjóðinni aftur virkt eignarhald á auðlindunum og arðinn af þeim. Þetta er í ljósi reynslunnar ekki jafnauðsótt og það kynni að virðast. Nýlega ítrekaði flokksþing Framsóknarflokksins þá skoðun flokksins, að ákvæði um þjóðareign á auðlindum verði sett í stjórnarskrána, en lýsti jafnframt andstöðu við fyrningarstefnu ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum. Í þessu felst, að Framsóknarflokkurinn er í reyndinni hlynntur ákvæði um þjóðareign á auðlindum í stjórnarskrá, en aðeins til málamynda: hann er fús til að breyta leikreglunum, en hann er andvígur breytingum á gangi leiksins. Aðrir flokkar hafa orðið berir að sama tvískinnungi. Fyrst afhentu flokkarnir útvegsmönnum kvótann á silfurfati án þess að upplýsa, hvað þeir fengu í staðinn (ætla má, að það hafi verið vænar fúlgur fjár miðað við upplýsingar RNA og Ríkisendurskoðunar um greiðslur og lán bankanna og skyldra fyrirtækja til stjórnmálaflokka og stjórnmálamanna fyrir hrun). Þegar allt var um garð gengið, þótti sömu stjórnmálamönnum tímabært að bæta lífvana ákvæði um þjóðareign inn í stjórnarskrána. Stjórnlagaráðið þarf að veita þjóðinni kost á virku auðlindaákvæði. Þjóðfundurinn, stjórnlaganefndin og þjóðin kalla einum rómi eftir því. Því kalli þurfum við að hlýða. Dauður bókstafur dugir ekki.

# Þrælaskuldabönd næstu áratugina

Efnahagsmál



Ásgerður Jóna Flosadóttir
Formaður Fjölskylduhjálpar Íslands

Við Íslendingar erum dugleg þjóð, erum tilbúin að vinna myrkranna á milli til að koma ár okkar og fjölskyldunnar vel fyrir borð. Við höfum unnið og unnið og greitt skatta, skatta sem notaðir eru í samfélagsþjónustu. Í dag eru þúsundir fjölskyldna sem standa frammi fyrir því að ævisparnaðurinn er horfinn, gufaði upp á einni nóttu. Við sitjum eftir undrandi yfir ástandinu. Við erum ekki með tryggða margfalda eftirlaunasjóði, nei, við horfum fram á að eiga ömurlega daga á efri árum borðandi hafragraut í öll mál ef við bregðumst ekki við. Sparifénu sem duga átti okkur á efri árum var stolið frá okkur um hábjartan dag. Nú er okkur boðið að halda íbúðarhúsnæði okkar með 110% veðsetningu. Slík boð eru engum bjóðandi. Við munum aldrei eignast í raun húsnæðið sem við erum að þræla fyrir. Við munum greiða fasteignagjöld og standa straum af viðhaldskostnaði en í þágu hverra? Ætlum við að láta þetta yfir okkur ganga? Nei, það gerum við ekki og megum ekki gera. Við krefjumst þess að stökkbreytt lán verði færð aftur til janúarmánaðar 2008.

Annað er ómannúðlegt.

Mat á umhverfisáhrifum

Orkuveita Reykjavíkur

## Nýting jarðhita við Gráuhnúka fyrir Hellisheiðarvirkjun

Fimmtudaginn 14. apríl kl. 17:00 verður mat á umhverfisáhrifum nýtingar jarðhita við Gráuhnúka fyrir Hellisheiðarvirkjun kynnt almenningi í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1.

Húsið er opið frá kl. 16:30 til 18:30. Þar verða til sýnis kynningarspjöld um framkvæmdina. Kynningarspjöldin verða til sýnis til 10. maí og eru aðgengileg á skrifstofutíma.

Allir velkomnir – Orkuveita Reykjavíkur



• Hellisheiðarvirkjun nýtir jarðvarma til rafmagns- og heitavatnsframleiðslu

ÍSLENSKA/SIA.IS ORK 54504 04/11

Del Monte hefur kitlað bragðlauka fjölda kynslóða í yfir 115 ár




Ómissandi í forréttinn, aðalréttinn, eftirréttinn og baksturinn

Del Monte Quality ®

Í gegnum tíðina hafa Íslendingar fullkomnað hátíðarmatinn með niðursoðnum ávöxtum frá Del Monte

# Samhugur, samstaða og samábyrgð – eftir hamfarir í Japan

Japan

**Tadateru Konoé**
formaður Rauða krossins í Japan og formaður Alþjóða Rauða krossins



Hinn 11. mars reið öflugur jarðskjálfti sem mældist 9 á Richter yfir norðausturströnd Japans. Í kjölfarið fylgdi flóðbylgja sem reis allt að 38 metrum og rústaði 500 km af strandlengjunni. Ég fann greinilega fyrir skjálftanum og horfði örvæntingarfullur á fyrstu sjónvarpsútsendingar frá flóðbylgjunni sem braut niður varnargarðana okkar og sópaði burt bátum, bílum og húsum eins og ekkert væri.

Þegar ég komst á hamfarasvæðið í fylgd neyðarsveita Rauða krossins horfðist ég í augu við eyðileggingu sem ég hefði ekki getað ímyndað mér í mínum verstu martröðum. Á meira en 60 ára ferli mínum hjá Rauða krossinum hef ég orðið vitni að afleiðingum hræðilegra náttúruhamfara. Þessar eru einar þær verstu sem ég hef séð. Eyðileggingin var algjör. Eini samanburðurinn sem kom upp í huga mér voru myndir af Osaka, Hiroshima og Nagasaki í lok síðari heimsstyrjaldar. Japanski Rauði krossinn var með þeim fyrstu sem brugðust við hamförunum. Og minningin um Hiroshima árið 1945 kom sterkt upp í huga mér – þar sem sjúkrahús Rauða krossins var eina byggingin sem stóð enn uppi á sprengjusvæðinu – því Rauðakrosssjúkrahúsið í Ishinomaki-borg var eini spítalinn sem enn var starfhæfur eftir flóðbylgjuna. Fyrr en varði fylltist hann af fólki sem slapp lifandi frá hörmungunum: lífshættulega særðu fólki, fólki sem gat enn staðið upprétt, börnum sem misst höfðu foreldra sína, og fólki sem misst hafði heimili sín.

Þegar ég rita þetta hafa 12.000 manns fundist látnir og meira en 15.000 er enn saknað. Mörg hundruð þúsund manns hafa misst ástvini sína, heimili sín og lífsviðurværi. Allt þeirra líf hefur umhverfst á svipstundu og verður aldrei samt. En þeir lifðu af og það er enn von.

Ég finn fyrir auðmýkt í garð fólks um allan heim sem hefur af miklu örlæti sýnt okkur samúð og samstöðu í verki. Japan er eitt þeirra landa sem veita hvað mestu fé til þróunarsamvinnu og neyðaraðstoðar um allan heim, og við finnum fyrir miklu þakklæti nú þegar við njótum góðs af góðmennsku og samúð. Við munum gæta fyllsta gagnsæis um hvernig fjármunum sem aflað hefur verið í okkar nafni verður varið. Nú, sextán árum eftir jarðskjálftann mikla í Kobe, munum við nota sömu aðferðir til að deila út peningum til fjölskyldna svo þær geti aftur komið undir sig fótum. Ítarleg grein verður gerð fyrir því hvernig framlögum sem safnað var fyrir Rauða krossinn verður varið. Við erum ekki einungis skuldbundin að gera þetta gagnvart þeim sem hafa gefið fjármuni heldur er þetta líka gagnvart fjölskyldum í Japan sem hafa misst allt sitt. Það er löng og ströng leið fram undan við enduruppbyggingu í Japan. Að auki stafar mikil ógn af kjarnorkuverinu í Fukushima. Hinar hrikalegu afleiðingar gætu orðið enn alvarlegri ef mengun verður vegna kjarnorkugeislunar. Ástandið minnir helst á Tsjernobyl, en 25 ár eru nú liðin frá kjarnorkuslysinu þar.

> Hinar hrikalegu afleiðingar gætu orðið enn alvarlegri.

Tíminn mun lækna flest sár. Eitt er þó víst: við munum ætíð finna til ábyrgðar á þeim þúsundum fjölskyldna sem flóðbylgjan hreif með sér. Við verðum að vera enn betur undirbúin fyrir hamfarir framtíðarinnar, við verðum að byggja aftur upp þrautseigju fólks, og við megum ekki gleyma þeim sem þjást annars staðar í veröldinni. Þrátt fyrir að þetta áfall hafi dunið yfir þjóð mína, finnst mér nauðsynlegt að horfa fram á veginn og líta til annarra landa sem nú takast á við hörmungar. Í Bólivíu og á Srí Lanka hafa flóð og aurskriður valdið miklum usla, flóttafjölskyldur frá Líbíu og Fílabeinsströndinni leita hælis í nágrannalöndum, þurrkar og hungursneyð ógna löndum í Sahelbeltinu í vestur- og austurhluta Afríku, og í Tsjad hefur nýlega brotist úr mislinga-, kóleru- og heilahimnubólgufaraldur.

Hamfarirnar í Japan mega ekki skyggja á þessar hörmungar heldur í raun knýja á um enn frekari samstöðu, viðbrögð og þrautseigju á öllum stigum – hjá einstaklingum, samfélögum, þjóðum og á alþjóðavísu. Þetta er í fyrsta sinn sem við stöndum frammi fyrir svo margslungnu neyðarástandi, samlegðaráhrifum af jarðskjálfta, flóðbylgju og kjarnorkuvá. Þó að þetta hafi ekki gerst fyrr verður þetta líkast til ekki í eina skiptið sem við verðum að bregðast við svo flóknum hamförum. Til að vernda þjóðir heims verðum við að reyna að sjá fyrir það óhugsanlega. Við verðum að fjárfesta í viðbúnaði vegna hamfara og draga úr ógnum í umhverfinu – til að mynda hættum á kjarnorkuslysum – og styrkja samfélög svo að þau geti sjálf verndað íbúa sína. Þetta er neyðarviðbúnaður. Eina leiðin til að bregðast við svona hörmungum er með samhjálp og samhug – í mínu landi, þínu landi og í öllum löndum heims – og ákvörðun um að verja okkur betur svo við séum í stakk búin til að vernda líf þeirra sem stendur ógn af hamförum.

# Bætt þjónusta – minni útgjöld

Heilbrigðismál

**Þorgerður Sigurðardóttir**
sjúkraþjálfari M.Sc.



Krafa dagsins er að velt verði við hverjum steini til að hagræða og spara, og þá ekki aðeins fyrir hið opinbera, heldur ekki síður fyrir heimilin og fjölskyldurnar. Hér skal bent á leið innan heilbrigðisgeirans, sem erlendis hefur reynst stuðla að betri nýtingu fjármuna og tíma.

Sú leið er að taka upp beint aðgengi að sjúkraþjálfun, eins og gefið hefur góða raun víða á Vesturlöndum. Hér á landi hefur um áraraðir verið sú meginregla við lýði að framvísa þarf tilvísun frá lækni við komu til sjúkraþjálfara.

Í löndum sem tekið hafa upp milliliðalaust samband skjólstæðings og sjúkraþjálfara, styðja rannsóknir að náðst hefur fram sparnaður. Þannig sýndi bandarísk rannsókn að fjöldi sjúkraþjálfunartíma var mun færri hjá þeim sem komu beint til sjúkraþjálfara en hjá þeim sem komu með beiðni (7,6 á móti 12,2).

Beint aðgengi að sjúkraþjálfun þekkist víða. Þar fer Ástralía fremst í flokki en þetta fyrirkomulag hefur tíðkast þar í meira en aldarfjórðung. Bretlandseyjar að hluta og flest ríki Bandaríkjanna hafa tekið upp beint aðgengi að sjúkraþjálfun, sem og Hollendingar, svo fáein dæmi séu nefnd.

Niðurstöður rannsókna á beinu aðgengi að sjúkraþjálfun benda ekki aðeins til fjárhagslegrar hagkvæmni heldur batnaði jafnframt þjónustan. Skjólstæðingar fengu fyrr úrlausn sinna mála og þurftu því styttri meðferð.

Beint aðgengi að sjúkraþjálfun hérlendis þýddi milliliðalausa þjónustu með minni kostnaði fyrir skjólstæðinginn. Hann þyrfti ekki að verja fjármunum og tíma í heimsókn á heilsugæsluna eða til sérfræðilæknis, sem myndi létta á álagi þar og draga úr kostnaði ríkisins. Samfélagslegur ábati fengist jafnframt með minni fjarveru frá vinnu.

Lítið dæmi sýnir að við gætum verið að tala um verulegar fjárhæðir í ljósi þess að um 35 þúsund manns notfæra sér þjónustu sjúkraþjálfara árlega. Ef helmingur þeirra, sem koma í 25 meðferðir eða færri, sparar sér eina læknisheimsókn vegna tilvísunar, sparast tæplega 16 þúsund læknisheimsóknir. Sparnaður heimila og ríkis hleypur á tugum milljóna, og er þó varlega áætlað.

Nú kynni einhver að spyrja: Er beint aðgengi að sjúkraþjálfun hættulegt heilsu og öryggi fólks? Reynslan erlendis frá bendir til að slíkar áhyggjur séu óþarfar. Bandarísk tryggingafélög lýstu því yfir, að lögsóknum vegna meðferða fjölgaði ekki þar sem beint aðgengi hafði verið lögleitt. Rannsóknir hafa einnig sýnt að fagleg ábyrgð sjúkraþjálfara er mikil. Þeir vísi sínum skjólstæðingum til læknis eða beri málefni þeirra undir lækni sé þess þörf.

Í dag er samráð við lækna bundið í lög. Á meðan svo er eru sjúkraþjálfarar ekki fullkomlega faglega sjálfstæðir, ólíkt því sem gildir til dæmis um hjúkrunarfræðinga og ljósmæður.

Samskipti lækna og sjúkraþjálfara hafa aftur á móti almennt verið mjög góð og gagnkvæm virðing er mikil. Góð samvinna er og verður ávallt mjög mikilvæg. Þegar öllu er á botninn hvolft er það umhyggjan fyrir skjólstæðingum okkar sem skiptir öllu máli.

→ **Er du et konsulenttalent?**

Itera Consulting har store vekstambisjoner, og er på utkikk etter nye konsulenttalenter. Hvis du har stor faglig interesse for systemutvikling og ser etter et sterkt fagmiljø der du kan utvikle deg videre så kom og treff oss på EURES Islands jobbmesse 15. og 16. April i Rádhus Reykjavikur - vi gleder oss til å treffe deg!

**Konsulenter / Seniorkonsulenter, Java og .NET**

- Min. 3 års relevant utdanning
- Min. 3 års relevant erfaring
- Erfaring med systemutvikling og prosjekter innenfor henholdsvis Java og .NET
- Bred og dyp teknologisk kunnskap, spesielt innenfor de viktigste teknologiene og rammeverkene: Spring/Maven/Hibernate/JSF/JSP/ Struts/Servlets/AJAX (Java) ASP.NET/ASP.NET MVC/WCF/WPF/ Silverlight (.NET)

**Senior Sharepointkonsulenter**

- Min. 3 års relevant utdanning
- Min. 3 års erfaring fra store leveranser på SharePoint-plattformen
- Du har erfaring med utvikling, paketering og implementation av løsninger
- Du ønsker å delta i hele prosjektets livssyklus, fra analyse og design til utvikling og implementasjon

Itera Consulting tilbyr fine lokaler i Oslo, fleksibilitet for pendlere, fastlønn pluss bonus, stort fokus på faglig utvikling og store muligheter till å påvirke i en flat organisation.

Kontakt Thordur Arnason på: +47 99 63 63 63
thordur.arnason@iteraconsulting.no

itera CONSULTING


HVAÐ GETUM VIÐ GERT FYRIR ÞIG?
ÞÚ ...
... getur gefið draum sem rætist
Framtíðarsjóður er rétta gjöfin fyrir fermingarbarn með framtíðardrauma.
Með því að leggja reglulega fyrir geta draumarnir ræst.
Hafðu samband og fáðu persónulega þjónustu.
Hvað getum við gert fyrir þig?
Sími 575 4000 I byr@byr.is I www.byr.is
BYR
Dynamo Reykjavík

# Hvað finnst þér um tré?

Skógrækt

Hulda Guðmundsdóttir
skógarbóndi

Fyrir stuttu var send kynning til leikskóla á Reykjavíkursvæðinu um mögulega fræðslu til leikskólabarna um tré. Það eru Náttúruskóli Reykjavíkur og Grasagarður Reykjavíkur í Laugardal sem standa saman að þessu boði fyrir elstu leikskólabörnin. Áhuginn reyndist svo mikill að færri komast að en vilja. Börnunum er boðið að kynnast trjánum, hvað þau verði gömul, hvernig heyrist í þeim og hvernig lykt sé af þeim, svo nokkuð sé nefnt. Fræðslan er í tilefni af því að nú er alþjóðlegt ár skóga.

Sameinuðu þjóðirnar hafa skorað á sem flesta í hverju landi fyrir sig að koma á viðburðum sem tengjast árinu, m.a. með því að tengja viðburði á sínum vegum við árið, og merki ársins er hannað um þemað skógar fyrir fólk. Það sýnir í hnotskurn fjölþætt gildi skóganna fyrir lífríki og umhverfi. Allir skógar, ræktaðir og óræktaðir, veita skjól og eru mikilvæg búsvæði fjölmargra lífvera, þar á meðal mannsins. Í skógum er uppspretta matar og þeir varðveita gæði ferskvatns; þeir eru mikilvægir fyrir jarðvegsvernd og gegna mikilvægu hlutverki í að viðhalda stöðugu loftslagi á hnattræna vísu og jafnvægi í umhverfinu. Úr skógum fáum við vistvænt, endurnýjanlegt og endurvinnanlegt byggingarefni og efnivið í margs konar hönnun og nýsköpun. Þessir þættir og miklu fleiri undirstrika að skógar eru ómissandi fyrir vellíðan og velferð fólks alls staðar í heiminum.

Hvað vill þín stofnun, þitt fyrirtæki, gera í tilefni af alþjóðlegu ári skóga?




# Ríkið hefur varið störf kvenna

Jafnréttismál



Hildur Jónsdóttir
Sérfræðingur stjórnarráðsins í jafnrétti kynja

Í febrúar voru 13.772 manns á atvinnuleysisskrá. Það er hryggileg staðreynd og íslenskt samfélag þolir það ekki til lengdar. Atvinnuleysið er 9,3% meðal karla, 7,8% meðal kvenna. Frá hruni hafa fleiri störf tapast en sem þessu nemur, allt að 20.000. Muninn má að mestu skýra með erlendu vinnuafli sem fór af landi brott, en einnig sókn eftir aukinni menntun. Nú hafa heyrst yfirlýsingar sem helst má skilja sem svo að ríkið hafi unnvörpum skorið niður kvennastörf. Ekkert er fjær sanni. Tölur yfir atvinnuleysi leiða hið sanna í ljós.

### Atvinnuleysið birtist á einkamarkaðinum

Frá febrúar 2008 til febrúar 2010 misstu 13.640 manns atvinnuna, 8.416 karlar og 5.204 konur samkvæmt Vinnumálastofnun. 97% karlanna og 84% kvennanna komu úr einkageiranum. Aðeins 7,9% þessa mikla fjölda misstu starf hjá ríki eða sveitarfélögum. Um tveir af hverjum þremur ríkisstarfsmönnum eru konur og er hlutfallið enn hærra hjá sveitarfélögunum. Því er ólíku saman að jafna þegar horft er til einkageirans eða hins opinbera. Í einkageiranum hafa verið hoggin djúp skörð í heilar atvinnugreinar meðan tekist hefur að verja störf hjá hinu opinbera að mestu. Það hefur verið stefna stjórnvalda að reyna með öllum ráðum að koma í veg fyrir uppsagnir þrátt fyrir að niðurskurður hafi verið óhjákvæmilegur.

2009 og 2010 fækkaði stöðugildum hjá ríkinu um 545. Þar af eru stöðugildi kvenna 475. Hvert tapað starf er einu starfi of mikið. Á Landspítalanum einum hefur stöðugildum fækkað um 350 á tveimur árum. Langt í frá allir sem úr þessum stöðugildum hafa horfið lentu á atvinnuleysisskrá. Þannig láta árlega nokkrir af störfum sökum aldurs, veikinda og annars, en höfum í huga hinn gríðarlega fjölda starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar. Við bætist að sums staðar hefur þjónustuþáttum verið útvistað með því skilyrði að hluti þeirra sem þeim sinntu áður yrði endurráðinn hjá nýjum atvinnurekanda. Á Landspítalanum nemur fækkun stöðugilda af þeirri ástæðu um 100 af 350 í allt.

> Kynjuð hagstjórn snýst ekki um að líta eingöngu til hagsmuna kvenna.

Ríkisstjórnin hefur forgangsraðað störfum konum í vil. Minnast má að við fjárlagagerð fyrir árið 2011 stóðu uppsagnir um 634 kvenna á heilbrigðisstofnunum víða um land fyrir dyrum. Fallið var frá ríflega 80% þeirra. Á móti hafa opinberar framkvæmdir verið skornar niður eða þeim frestað. Þar hafa karlastörf tapast. Því má allt eins halda fram að stjórnvöld hafi kosið að verja störf kvenna hjá hinu opinbera á kostnað starfa karla á einkamarkaði, en á þeim bitnar niðurskurður framkvæmda helst. Markmiðið er ekki eitt og sér að verja kvennastörf, heldur ekki síður að verja þau lífsgæði sem felast í almannaþjónustu.

### Aukin eftirspurn kemur öllum til góða

Í tölum yfir atvinnulausa eftir atvinnugreinum frá febrúar 2008 til febrúar 2010 kemur fram að yfir fimmtungur allra atvinnulausra kvenna starfaði áður við verslun og viðgerðir, ríflega tíundi hluti við sérhæfða þjónustu á einkamarkaði, tæplega tíundi hluti við gisti- og veitingahúsastarfsemi og álíka í iðnaði. Mannvirkjagerð er langstærsta einstaka atvinnugreinin sem orðið hefur atvinnuleysinu að bráð, en um 20% karla sem misstu vinnuna á þessu tímabili störfuðu þar. Sú atvinnugrein sem kemur næst þegar horft er til karlanna er verslun og viðgerðir, þá iðnaður og hráefnavinnsla og loks leigustarfsemi og sérhæfð þjónusta.

Ljóst er að ef hamla á gegn atvinnuleysi nægir ekki að verja störf ríkisstarfsmanna. Örva verður eftirspurn í hagkerfinu og koma framkvæmdum af stað – þannig skapast atvinna fyrir bæði karla og konur. Á dögunum kynnti forsætisráðherra að um 2.200 störf væru framundan þegar horft væri til fjárfestinga á undirbúningsstigi hjá ríki og einkaaðilum, flest tímabundin meðan framkvæmdir vara, um fjórðungur framtíðarstörf. Í tengslum við yfirstandandi kjarasamningagerð hefur ríkisstjórnin lýst yfir að enn verði bætt í. Í nafni kynjaðrar fjárlagagerðar hafa ýmsir þóst geta fullyrt að þessar aðgerðir myndu aðeins gagnast körlum. Þetta er grunnhyggnisleg afstaða og með henni er horft framhjá samspili ólíkra atvinnugreina.

### Mannvirkjagerð dregist saman

Ríkið hefur í grófum dráttum þrjár leiðir til að hamla gegn atvinnuleysi á einkamarkaði. Sú sem mestu skiptir felst í að tryggja góða efnahagsstjórn og hagstæða umgjörð atvinnurekstrar og fjárfestinga einkaaðila. Önnur lýtur að örvun nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi, m.a. með styrkjum og rannsóknum. Sú þriðja felst í að efna til beinna verkefna, oftast með útboðum á verklegum framkvæmdum. Frá síðustu aldamótum hafa framkvæmdir á vegum hins opinbera numið að meðaltali 17% af allri mannvirkjagerð. Þar er átt við vegaframkvæmdir, nýbyggingar, gangnagerð, brúarsmíði og viðhald þessara mannvirkja. Frá hruni hefur hlutdeild ríkisins í mannvirkjagerð haldist óbreytt, sem þýðir að opinberar framkvæmdir hafa dregist jafnmikið saman og í samfélaginu öllu eða um tvo þriðju miðað við árin 2005-2008 en um helming miðað við næstu ár á undan. Vegna fjárskorts hefur ríkið ekki með öflugum hætti beitt því tæki sem opinberar framkvæmdir geta verið til sveiflujöfnunar.

Í fyrirtækjum á þessu sviði starfa konur líka. Margfeldisáhrif á önnur störf geta verið allt að sexföld. Verkfræðingurinn, matráðurinn, launafulltrúinn, smiðurinn, bókarinn og gröfumaðurinn sem með þessu fengju aukin verkefni myndu væntanlega öll nota lungann af launatékkanum í verslunum, til kaupa á þjónustu og til að greiða af lánum. Innspýting af fjármagni inn á vinnumarkaðinn í heild eykur eftirspurn innan þeirra atvinnugreina þar sem atvinnuleysið er mest og þar starfa bæði karlar og konur.

### Nokkur orð um kynjaða hagstjórn

Það er eitthvað fráhrindandi við það þegar einstaklingar með takmarkaðan áhuga á kynjaðri hagstjórn og enn minni þekkingu nota hugtakið sem slagvopn í atlögum sem hafa allt annan tilgang en að vinna þeirri aðferðafræði fylgis. Kynjuð hagstjórn snýst ekki um að líta eingöngu til hagsmuna kvenna. Hún snýst um að skilja hvernig ákvarðanir stjórnvalda hafa áhrif á bæði karla og konur og ekki síst samspil þar á milli þannig að fjármagni sé ráðstafað með hagsmuni beggja kynja í huga.



## HP G62 - a38

6 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN

# 139.900 kr.

**Örgjörvi:** Intel Core i3 350 **Harður diskur:** 500GB 7200 rpm **Skjár:** 15,6" HD LED BV, 1366x768 **Skjákort:** ATI Mobility Radeon HD 5470, 2714 MB 1GB DDR3 **Vinnsluminni:** 4 GB **Ábyrgð:** 3ja ára ábyrgð. 1 ár á rafhlöðu.

# FERMINGAR VEISLA

## OK BÚÐARINNAR



## HP dv6 - 3163

6 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN

**189.900 kr.**

**Örgjörvi:** Intel© CoreT i5-460M
**Harður diskur:** 640GB SATA 5400 rpm
**Skjár:** 15,6" HD LED BV, 1366x768
**Skjákort:** ATI Mobility Radeon™ HD 5650, 2741 MB, 1GB DDR3
**Vinnsluminni:** 4 GB DDR3
**Ábyrgð:** 3ja ára ábyrgð. 1 ár á rafhlöðu.



## HP Mini 210

6 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN

**79.900 kr.**

**Örgjörvi:** Intel® Atom™ Processor N450
**Harður diskur:** 250GB 7200 rpm
**Skjár:** 10,1" WSVGA LED (1024x600)
**Skjástýring:** Intel® Graphics Media Accelerator 3150 **Vinnsluminni:** 1 GB
**Ábyrgð:** 3ja ára ábyrgð. 1 ár á rafhlöðu.



**Ipod Nano 8GB**
**35.900 kr.**



**Flip MinoHD upptökuvél**
**29.900 kr.**



**Sjónvarps-flakkarar**
frá: **24.900 kr.**



**Heyrnartól**
frá: **3.990 kr.**



**Minnislyklar**
frá: **2.290 kr.**

* Skv. Gartner

- MEST SELDU TÖLVUR Í HEIMI*

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi.
HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

start TÖLVUVERSLUN | TRS | omnis | Eyjatölvur ehf. Verslun og tölvuþjónusta

VERT

# OK búðin

Ok búðin | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavik | Sími 570 1140 | www.okbudin.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**91 ÓLÖF PÁLSDÓTTIR** myndhöggvari er 91 árs í dag.

*„Ég hef oft hugsað hvað það hefði nú verið mikið léttara að verða málari og geta sest niður á hvaða hundaþúfu sem er með blað og blýant.“*

## Merkisatburðir

1695 Hafís rekur inn á Faxaflóa í fyrsta sinn í áttatíu ár. Ísinn hafði rekið suður með Austfjörðum og vestur með Suðurlandi.

1931 Alþingi er rofið og boðað til kosninga. Þingrofið veldur miklum deilum.

1963 Hrímfaxi, flugvél Flugfélags Íslands, ferst við Ósló. Tólf manns týna lífi, flestir Íslendingar.

1987 Leifsstöð, flugstöð Leifs Eiríkssonar, er vígð. Framkvæmdir höfðu staðið yfir í fjögur ár.

1992 Ráðhús Reykjavíkur er tekið í notkun, fjórum árum eftir fyrstu skóflustungu.

**ÞETTA GERÐIST: 14. APRÍL 1939**

## Þrúgur reiðinnar kom út



Á þessum degi árið 1939 kom út skáldsagan Þrúgur reiðinnar eftir rithöfundinn John Steinbeck. Steinbeck hlaut Pulitzer-verðlaunin fyrir bók sína og síðar Nóbelsverðlaunin í bókmenntum. Ekki fögnuðu þó allir bókinni þegar hún kom fyrst fyrir sjónir almennings.

Í bókinni segir frá Joad-fjölskyldunni, landbúnaðarverkamönnum á kreppuárunum. Fjölskyldan flyst frá Oklahoma til Kaliforníu í von um frelsi og hamingju. Mörgum þótti Steinbeck gera of mikið úr eymd fátækra verkamanna og var ráðist á rithöfundinn úr öllum áttum samfélagsins. Roosevelt Bandaríkjaforseti tók þó mark á skrifum Steinbecks og lagði sig fram um að ræða um og bæta kjör stéttarinnar.

Þrúgur reiðinnar er fyrir löngu orðin sígild. Bókin er enn lesin í bandarískum skólum og nýtur talsverðra vinsælda. Kvikmynd var gerð eftir sögunni í Hollywood árið 1940. Í aðalhlutverki var Henry Fonda en John Ford leikstýrði. Bókin kom út í íslenskri þýðingu Stefáns Bjarman árið 1943.

## 70 ára afmæli



**Sigurður Kristjánsson**

fyrrv. kaupfélagsstjóri

verður sjötugur 16. apríl nk. Af því tilefni bjóða þau hjónin Sigurður og Kristín þeim sem vilja heiðra afmælisbarnið með nærveru sinni að þiggja léttar veitingar í sal Guðríðarkirkju í Grafarholti kl. 20.00 föstudagskvöldið 15. apríl. Þau hjónin vonast til þess að sjá sem flest kunnugleg andlit.



**SÖFNIN MIKILVÆG** „Við sem teljum okkur vera mikla bókaþjóð þar sem bókasöfn hafa alltaf spilað stórt hlutverk í bókamenningunni verðum að standa vörð um söfnin okkar,“ segir Hrafnhildur Hreinsdóttir, formaður Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræða. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

DAGUR BÓKASAFNSINS: HALDINN Í FYRSTA SKIPTI Í DAG

# STÓRAUKIN BÓKAÚTLÁN

„Íslendingar eru afar duglegir að nýta sér bókasöfn og þá sérstaklega nú eftir efnahagshrunið. Útlán safnanna hafa aukist mjög mikið síðustu tvö til þrjú árin,“ segir Hrafnhildur Hreinsdóttir, formaður Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræða. Félagið stendur fyrir því að dagur helgaður bókasöfnum verður haldinn hátíðlega í fyrsta sinn um allt land í dag.

„Okkur finnst mikilvægt að benda á það hvað bókasöfnin okkar eru mikilvæg fyrir þjóðfélagið. Við ákváðum því að halda þennan dag til að minna á það en ekki síður er þetta hugsað til að bókasafn- og upplýsingafræðingar, sem og allir þeir sem vinna í kringum söfnin, geri sér glaðan dag.“

Að sögn Hrafnhildar er tölfræði um fjölda bókasafna á landinu einfaldlega ekki til. „Mín ágiskun er að þau séu í kringum 280-300 og eru þá meðtalin öll sérfræðisöfn, söfn háskóla, rannsóknarstofnana, skólasöfn og hreinlega öll flóra bókasafna. Aukningu útlána er almennt að finna á öllum þessum söfnum og á Háskólasöfnunum líka en þau voru þó mjög góð fyrir.“

Hrafnhildur nefnir sem dæmi að árið 2007 voru 866.896 titlar lánaðir út samkvæmt tölum úr Gegni, sem er bókasafnsgrunnur sem stór hluti bókasafna nota. Lánþegar voru þá um 160.000 talsins. Í fyrra voru 980.404 titlar lánaðir út, um 113.500 fleiri titlar en þremur árum áður. Þá voru lánþegar orðnir 195.000. „Á meðan þessi mikla aukning verður erum við að skera niður á söfnunum, bæði í innkaupafé og mannafla auk þess sem opnunartími hefur verið styttur. Við sem teljum okkur vera mikla bókaþjóð þar sem bókasöfn hafa alltaf spilað stórt hlutverk í bókamenningunni verðum að standa vörð um söfnin okkar.“

Starf upplýsinga- og bókasafnsfræðinga snýst um ýmislegt að sögn Hrafnhildur. „Við vinnum í takt við tækniþróun og þarfir þjóðfélagsins við að skipuleggja upplýsingar á hvaða formi sem er, þar með taldar bækur. Þannig er leitast við að auka þekkingu og styðja við menntun og rannsóknir. Í félagi okkar eru rúmlega 600 félagar en það eru ekki bara upplýsinga- og bóksafnsfræðingar sem vinna á söfnum heldur fólk með alls kyns bakgrunn, bókmenntafræðingar, sagnfræðingar, bókaverðir og fleiri.“

Ýmislegt spennandi verður á boðstólum á bókasöfnum landsins í dag. Um 140 bókasöfn taka þátt í dagskránni, efna til leikja, kynninga, upplestra og alls kyns viðburða eða bjóða safngesti einfaldlega hjartanlega velkomna.

„Dagskrána má finna inni á vef okkar, upplysing.is. Svo eitthvað sé nefnt mun Héraðsbókasafn Rangæinga gefa bókamerki. Amtsbókasafnið á Akureyri birtir lista yfir 100 bestu íslensku bækurnar sem stéttin var að velja. Safnið í Hveragerði sýnir hvernig bækur eru plastaðar. Bókasafn Fellaskóla leitar að slagorði og í Borgarbókasafninu býðst þeim sem ekki eiga bókasafnsskírteini eitt slíkt ókeypis. Þá er metnaðarfull dagskrá hjá Landsbókasafninu en þetta eru ótal margir viðburðir og þess virði að fólk geri sér ferð og kynni sér söfnin sín.“

juliam@frettabladid.is




†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Erla Hulda Valdimarsdóttir**

frá Hrútsholti,

andaðist á Dvalarheimili aldraða, Borgarnesi, laugardaginn 9. apríl. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju laugardaginn 16. apríl kl. 15.00.

Jónas Jónasson
Inga Guðjónsdóttir
Helgi Guðjónsson
Sesselja Guðjónsdóttir — Björgvin Svavarsson
Steinunn Guðjónsdóttir — Jón Atli Jónsson
Jenný Guðjónsdóttir — Hallsteinn Haraldsson
Guðríður Guðjónsdóttir — Stefán Þorsteinsson
Magnús Guðjónsson — Litany Tayag Guno
Erla Jóna Guðjónsdóttir — Ómar Bjarki Hauksson
ömmu- og langömmubörn.



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ragna Sigrún Guðmundsdóttir**

lést að heimili sínu laugardaginn 9 apríl. Útför hennar verður gerð frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 20 apríl klukkan 13:00

Pétur Hafsteinn Bjarnason — Selma Karlsdóttir
Bryndís Bjarnadóttir — Hörður Gunnarsson
Bjarnheiður S. Bjarnadóttir — Kristjón Másson
Bjarni Þór Pétursson
Edda Björk Pétursdóttir
Már Kristjónsson
Brynjar Harðarson
Ragna Sigrún Kristjónsdóttir
Auður Þóra Harðardóttir
Birta Hugadóttir
Eva Lóa Pétursdóttir



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Áskels V. Bjarnasonar**

Ránargötu 18, Akureyri.

Sérstakar þakkir til heimahlynningar á Akureyri fyrir einstaka hlýju og umönnun.

Þórhildur Margrét Ingólfsdóttir
Jakobína Elín Áskelsdóttir — Rúnar Davíðsson
Bjarni Áskelsson — Anna Rósa Magnúsdóttir
Ingólfur Áskelsson — Helga Signý Hannesdóttir
Sæmundur Guðmundsson
og afabörn



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa*

**Ragnars Pálssonar**

Skarðshlíð 40F, Akureyri.

Sérstakar þakkir til heimahlynningar og kórs og starfsfólks Glerárkirkju.
Guð blessi ykkur öll.

Katrín Ingvarsdóttir
Jóhanna Ragnarsdóttir — Kristján Matthíasson
Albert Ragnarsson — Bryndís Viðarsdóttir
Níels Ragnarsson — Þórhildur Vilhjálmsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

HEITIR & KALDIR

ÚRVAL HEIMILISTÆKJA Á TILBOÐSVERÐI

VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR Í NÍU MÁNUÐI

# Dagar Í APRÍL




· AEG OFN [B-3051-5-W]
· AEG HELLUBORÐ [HK-63400XB]

*LISTAVERÐ: 219.801,-*

**TILBOÐSVERÐ: 175.839,-** PARIÐ

20% afsláttur




· AEG OFN [B-3051-5-M]
· AEG HELLUBORÐ [HK634000 XB]

*LISTAVERÐ 232.800,-*

**TILBOÐSVERÐ: 186.240,-** PARIÐ

20% afsláttur




· AEG OFN [B-4101-5-M]
· AEG HELLUBORÐ [HK634070 XB]

*LISTAVERÐ 285.800,-*

**TILBOÐSVERÐ: 228.640,-** PARIÐ

20% afsláttur

Tefal

POTTAR OG PÖNNUR



20% afsláttur



40% afsláttur

AF ÖLLUM AEG GAS-HELLUBORÐUM




**TILBOÐ! Kr. 299.900,-**

SAMSUNG RSH5UTTS
„AMERÍSKUR“ · Titanium Silver
Verð: ~~369.900,-~~
Kælir/frystir · Aldrei að afþýða

**EINSTAKT TÆKIFÆRI!!**

TILBOÐSVERÐ Á KÆLI- OG FRYSTISKÁPUM

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI



KANNAÐU ÚRVALIÐ!

KOMDU OG GERÐU *FRÁBÆR* KAUP!

KVIKA

GÓÐ ÞJÓNUSTA GOTT VERÐ

**ORMSSON**

**LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800**
www.ormsson.is

ORMSSON **KEFLAVÍK** SÍMI 421 1535
ORMSSON **MODEL-AKRANESI** SÍMI 431 3333
ORMSSON **ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI** SÍMI 456 4751
ORMSSON **AKUREYRI** SÍMI 461 5000
ORMSSON **HÚSAVÍK** SÍMI 464 1515
ORMSSON **VÍK-EGILSSTÖÐUM** SÍMI 471 2038
ORMSSON **PAN-NESKAUPSTAÐ** SÍMI 477 1900
ORMSSON **ÁRVIRKINN-SELFOSSI** SÍMI 480 1160

**Leifur Vilhelmsson**
Jökulgrunni 8,

lést mánudaginn 11. apríl.

**Sæunn Eiríksdóttir**
**Þorsteinn Leifsson**



*Þökkum hjartanlega sýndan hlýhug og samúð vegna andláts*

**Guðmundar Sveinssonar**
trésmiðs.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Valgerður Jónsdóttir.**



*Elskulegur sonur okkar, bróðir, mágur, frændi og besti vinur*

**Sigurður Árni Árnason**

sem lést á heimili sínu þann 1. apríl sl., verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 15. apríl kl. 14. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Líknarsjóð Keflavíkurkirkju.

**Ásdís Móeiður Sigurðardóttir**
**Árni Guðmundur Árnason**
**Brynja Árnadóttir**
**Kolbeinn Steinþórsson**
**Aron Bachmann Árnason**
**Baldur Þór Kolbeinsson**
**og Nikki.**



*Elskulegur pabbi okkar, eiginmaður, afi, langafi, bróðir og vinur*

**Ingi Vignir Jónasson**
Skessugili 8

lést á Landspítalanum mánudaginn 11. apríl 2011 eftir langvinn veikindi. Útför fer fram í Akureyrarkirkju þriðjudaginn 19. apríl kl 10:30. Við viljum þakka Starfsfólki á deild 13e, blóðskilunardeild og gjörgæslu á landspítalanu. Sérstakar þakkir fær Rósa djákni á Landspítalanum fyrir einstaka, gæsku, alúð og ómetanlega aðstoð sem við munum verða ævinlega þakklát fyrir. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Félag Nýrnasjúkra til að stuðla að uppbyggingu starfsemi á sjúkrahúsinu á Akureyri. Sofðu rótt elsku Pabbi. Þín mun verða sárt saknað.

**Aðstandendur og aðrir ástvinir.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# Eins árs gosafmæli Eyjafjallajökuls



**AFMÆLI** Þess er minnst í HÍ í dag að ár er frá upphafi goss í Eyjafjallajökli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Yfirgripsmikil dagskrá um gosið í Eyjafjallajökli og afleiðingar þess verður haldin í Háskóla Íslands í dag í tilefni þess að eitt ár er liðið frá því að gos hófst í Eyjafjallajökli. Stuttir fyrirlestrar verða haldnir í stofu 132 og í almennu rými í Öskju verða tól og tæki jarðvísindamanna og gefst fólki kostur á því að kynna sér þau og ræða við vísindamenn.

Meðal fyrirlesara eru Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor og forseti Jarðvísindadeildar, Eyjólfur Magnússon, nýdoktor hjá Norræna eldfjallasetrinu, Ingibjörg Jónsdóttir, dósent við Jarðvísindadeild, og Katrín Anna Lund, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild.

Viðburðurinn, sem hefst klukkan 17 í dag, er hluti af dagskrá Verkfræði- og náttúruvísindasviðs í aprílmánuði í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands. **- fsb**

# Erindi um lífið eftir dauðann

Svissneski náttúrulæknirinn, rithöfundurinn og fyrirlesarinn Christopher Vasey heldur tvo fyrirlestra um andleg málefni á Hótel Sögu við Hagatorg í kvöld og annað kvöld. Vasey hefur ritað fjölda bóka um óhefðbundnar lækningar og andleg málefni sem gefnar hafa verið út á fjölmörgum tungumálum og er eftirsóttur fyrirlesari í Evrópu og Norður-Ameríku.

Fyrirlesturinn í kvöld nefnist „Að deyja er að fæðast fyrir handan". Þar segir að tilvist manna ljúki ekki með dauða heldur opni hann sál okkar dyr að handanheimum. Fyrirlestur morgundagsins er „Þess vegna lifum við eftir andlátið". Í því fjallar Vasey ítarlega um okkar innsta sjálf sem er andi, kjarni sálarinnar, en líkaminn er hjúpur einn.

Fyrirlestrarnir eru á ensku og hefjast klukkan 20. Aðgangseyrir er 500 krónur. **- þlg**



**ANDANS MAÐUR** Christopher Vasey er eftirsóttur fyrirlesari víða um heim og heldur nú tvo fyrirlestra fyrir Íslendinga um andleg málefni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fagmennska í ferðaþjónustu



**SKÓGAFOSS** Hönnun útsýnispalls verður rædd á málþinginu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Uppbygging og skipulag ferðamannastaða verður umræðuefni málþings sem Ferðamálastofa efnir til á Grand hóteli dag klukkan 8.30. Meðal frummælenda er Audun Pettersen frá Noregi, sem fræðir fólk um fyrirkomulag þessara hluta í sínu heimalandi.

Meðal þess sem rætt verður er kortlagning á auðlindum ferðaþjónustunnar, hönnun trappna og útsýnispalla við Seljalandsfoss og Skógafoss, vistvæn þjónustuhús og langtímahugsun í ferðamennsku.

Málþinginu lýkur klukkan 11.30 og síðasta klukkutímann mun Sævar Kristinsson, ráðgjafi hjá Netspori, stjórna umræðuhópum. Fundarstjóri verður Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri. **- gun**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda G Guðjónsdóttir,**
Brekkubyggð 12, Garðabæ,

lést á líknardeild Landsspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 12. apríl sl. Jarðaförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Haukur Geir Garðarsson, Sigríður Huld Garðarsdóttir og Heimir Garðarsson.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Pálsson**
Áshamri 55,

lést á Heilbriðisstofnuninni í Vestmannaeyjum miðvikudaginn 6. apríl. Útförin fer fram frá Landakirkju föstudaginn 15. apríl kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þórey Guðrún Björgvinsdóttir.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Halldór Halldórsson**
fyrrverandi slökkviliðsmaður Keflavíkurflugvelli,
Sautjándajúnítorgi 7, Garðabæ,

lést á hjartadeild Landspítalans 10. apríl. Útförin mun fara fram miðvikudaginn 20. apríl kl. 13.00 frá Vídalínskirkju í Garðabæ.

**Vigdís Ketilsdóttir**
**Halldór Halldórsson**
**Rannveig Rögnvaldsdóttir**
**Anton Ketill Halldórsson**
**Ólöf Björk Halldórsdóttir**
**Jónas Friðrik Hjartarson**
**og barnabörn.**



*Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi*

**Jónas Valdimarsson**
Kleppsvegi 62,

áður til heimilis að Rauðalæk 23, Reykjavík, lést laugardaginn 9. apríl. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju miðvikudaginn 27. apríl kl. 11.

**Valdemar Steinar Jónasson**
**Unnur Kristinsdóttir**
**Hrafnkell Tjörvi Stefánsson**
**Davíð Nóel Jógvansson**
**Arndís Reynisdóttir**
**Hrólfur Þór Valdemarsson**
**Valdís Karen Smáradóttir**
**Hilda Valdemarsdóttir**
**Birgir Már Björnsson**
**Steinar Smári Hrólfsson**
**Þóra Dís Hrólfsdóttir**



**Kvenleikinn kemst í hámæli** næstu vikurnar ef marka má spár tískuspekúlanta Vogue. Með vorinu leggja þeir til að konur klæðist í auknum mæli mittismjóum sixtískjólum, nettum hælum og rykfrökkum með belti.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

TILBOÐ AÐEINS FIMMTUDAG, FÖSTUDAG OG LAUGARDAG



teg ARIEL - push up fyrir stóru stelpurnar í D,DD,E,F,FF,G skálar á kr. 3.500,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.

www.misty.is

Vertu vinur

Eirberg

Sound Spa Sunrise

Vaknaðu við sólarupprás og fuglasöng í skammdeginu. Vekjaraklukkan sem gerir þér auðveldara að vakna.



Verð 14.750 kr.

Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11 - 16

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • www.eirberg.is

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BUXUM

Tilboðsverð frá 8.700 kr

MICHÉLE - GERKE - GINO - TUZZI

APANAGE - CAVITA - FRANKWALDER

PRISA - LUANA - ZAFFIRI

Stærðir 36-52

hjá Hafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

**Hélène Magnússon gefur út tvær bækur um íslenskar hannyrðir á erlendum markaði**



# Umheimurinn fær að kynnast Aðalbjörgu

Fáum hefði dottið í hug að franskur lögfræðingur og hönnuður myndi standa í fremstu víglínu í kynningu á íslensku prjóni erlendis. Hélène Magnússon er einn helsti málsvari íslenskra hannyrða en í lok næsta árs gefur hún út tvær bækur á ensku um íslenskar hannyrðir sem koma meðal annars út í Kanada og Bandaríkjunum og verða til að mynda seldar hjá vefbókarisanum amazon.com. Hélène er auk þess potturinn og pannan í því að koma fyrsta íslenska vefprjónaritinu á koppinn en hún gefur út vefritið Prjónakerling á prjonakerling.is. Þar hafa Íslendingar sem og útlendingar keypt uppskriftir að hönnun Hélène og nokkurra annarra hönnuða. Þá stendur hún fyrir prjónaferðum í samstarfi við Íslenska fjallaleiðsögumenn nú í sumar þar sem prjónað verður á leiðinni yfir Fimmvörðuháls sem og á Norðurlandi.

;TÍSKA | 2

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



# Fermingartilboð

NÝTT 12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Gerið GÆÐA- og verðsamanburð







10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum

SAGA

Stærð 120x200 Verð 109.900 kr.

IQ-CARE

Stærð 120x200 Verð 164.900 kr.

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150

Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**Fallega lakkaðar neglur** hafa lengi þótt tákn um fegurð og auð en eru í dag ódýr og vinsæll fylgihlutur. A- og D-vítamín fá neglurnar til að vaxa hraðar.











Framhald af forsíðu

Önnur bók Hélène fjallar um algjöran frumkvöðul í íslenskum hannyrðum, Aðalbjörgu Jónsdóttir, sem vakti athygli hér heima og erlendis fyrir kjóla sem hún hannaði og prjónaði úr íslensku eingirni í lok áttunda áratugarins. Aðalbjörg er 94 ára gömul í dag og í bók Hélen verður uppskrift að kjól Aðalbjargar en framleiðsla á svipuðu eingirni og því sem Aðalbjörg notaðist við er í þróun og mun bera heitið Love Story. Kristín Schmidhauser Jónsdóttir verður einnig með innslag í bókinni og skrifar um ævi Aðalbjargar.

„Kjólarnir hennar Aðalbjargar eru einstakir, ekki bara hérlendis heldur í alþjóðlegu samhengi. Þess vegna fór ég upphaflega á stúfana að skoða verk hennar sem endaði með því að ég hitti hana og fór að skrifa þessa bók. Kjólarnir hennar vöktu mikla athygli á sínum tíma, hérlendis og erlendis, og þekktar konur sem klæddust þeim, þar á meðal Vigdís Finnbogadóttir.“

Talið er að Aðalbjörg hafi hannað og prjónað um 100 kjóla á sínum tíma, sem er ótrúlegur fjöldi, í ljósi þess að það að prjóna hvern og einn var um mánaðarvinna. Fyrsti kjóll Aðalbjargar var sýndur á Norrænu heimilisiðnaðarsýningunni en Aðalbjörg lærði kjóla- og kápusaum. „Umheimurinn þarf að uppgötva Aðalbjörgu ekki síður en íslenskar hannyrðir sem eiga sér svo langa sögu. Hin bókin mín er einmitt um íslenskar hannyrðir og mun einnig koma út á ensku á næsta ári,“ segir Hélène.



Kjólar Aðalbjargar Jónsdóttur fóru víða og Vigdís Finnbogadóttir klæddist einum slíkum á sínum ferli.

„Ég hef bæði óþrjótandi áhuga á íslensku prjónahefðinni og hef líka reynslu sem fjallaleiðsögumaður á Íslandi, sem varð til þess að ég fór út í að skipuleggja prjónaferðir hingað til lands. Þær sem ég stend fyrir í sumar eru fullbókaðar en ferðalangarnir koma frá Frakklandi, Bandaríkjunum, Kanada og víðar að.“

Heimasíða Prjónakerlingar, prjonakerling.is, er nýfarin í loftið og er aðgengileg á þremur tungumálum, frönsku, ensku og íslensku. Þar inni má finna allt um rannsóknir og hönnun Hélène sem og aðra spennandi hluti er snerta prjónaheiminn. Næsta tölublað Prjónakerlingar kemur út í lok apríl. Þess má geta að bókinni um Aðalbjörgu er ætlað að koma út árið 2013 á íslensku og frönsku.

*julia@frettabladid.is*



Krónan er hönnun Hélène Magnússon og er hægt að nálgast uppskrift að henni á vefnum prjonakerling.is



















# Á stall með Coco Chanel

**Vera Þórðardóttir tekur þátt í sýningu helgaðri hinum litla svarta kjól Coco Chanel og er í hópi þekktra hönnuða. Hún spannar mikilvægustu svörtu kjóla síðustu áratuga og nýja og forvitnilega að auki.**

Sýning til heiðurs hinum litla og látlausa svarta kjól Coco Chanel hefur verið opnuð í The Civic Gallery í Barnsley á Englandi í tilefni þess að 85 ár eru liðin frá því hann leit dagsins ljós. Sýningin spannar mikilvægustu svörtu kjóla síðustu níu áratuganna og nokkra nýja og forvitnilega að auki, þar á meðal eftir íslenska fatahönnuðinn Veru Þórðardóttur.

„Auðvitað er einstakur heiður að fá að vera í útvöldum hópi á jafn sögulegri sýningu,“ segir Vera, glöð í bragði. Félagsskapurinn er enda ekki af verri endanum þar sem mörg þekktustu nöfnin í tískuiðnaðinum eiga verk á sýningunni, Vivienne Westwood, Gucci, Lanvin og YSL svo fáein séu nefnd. „Og viðtökurnar hafa verið alveg frábærar,“ bætir hún við og útilokar ekki að sýningin eigi eftir að opna henni fleiri dyr í tískuheiminum.



Kjóllinn sem Audrey Hepburn klæddist í Breakfast at Tiffany's er á sýningunni.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hönnun Veru vekur athygli. Hún komst í heimspressuna í fyrra þegar Lady Gaga klæddist jakka eftir hana á tónleikum Eltons John og telur líklegt að það hafi orðið til þess að þátttakan á sýningunni bauðst.

„Ég er viss um þeir hafa í framhaldi kynnt sér heimasíðuna mína því þar gefur að líta svartan kjól eftir mig,“ útskýrir Vera, sem fékk frjálsar hendur við að hanna flík á sýninguna en útkoman varð glæsilegur svartur sílikonkjóll.

Leiðir þeirra Veru og Gaga halda síðan áfram að skarast því 20. maí, sama dag og sýningunni í The Civic Gallery lýkur, kemur út bókin The Secret Book on Lady Gaga. Franski blaðamaðurinn Alexandra Boucherifi hefur þar tekið saman hönnun og list sem tengist Lady Gaga, meðal annars mynd af umræddum jakka Veru.



Lítill svartur kjóll getur opnað margar dyr. Það veit Vera Þórðardóttir, sem leggur til einn slíkan á sýningu helgaðri hinum litla svarta kjól Coco Chanel. FRÉTTABLAÐIÐ/CHANEL

„Boucherifi stóð fyrir sýningu um fatastíl Lady Gaga í París og var jakkinn til sýnis. Þúsundir manna sóttu hana á aðeins nokkrum dögum sem varð til þess að hugmyndin að bókinni kviknaði og mér var boðið að vera með,“ segir Vera og kveðst vera upp með sér þar sem úr nægu sé að velja. „Auk þess sem margir af þekktustu hönnuðum heims hafa klætt Lady Gaga.“

*roald@frettabladid.is*



**Endingargóður, látlaus og á góðu verði. Þannig hugsaði Coco Chanel sér litla svarta kjólinn.**



Snæugluna málaði Harpa með tippexi á vegg nýrrar verslunar Cintamani í Bankastræti. MYND/HARPA EINARSDÓTTIR

# Snæugla úr tippexi

**Hönnuðurinn Harpa Einarsdóttir er höfundur teikninganna í nýjustu auglýsingaherferð Cintamani. Hún málaði einnig myndirnar á veggina í nýrri verslun Cintamani í Bankastræti.**

„Ég og Börkur Sigþórs unnum herferðina saman,“ segir Harpa. „Hann tók ljósmyndirnar og svo blönduðum við teikningum saman við myndirnar. Okkur langaði að gera eitthvað annað en venjulega er gert í svona auglýsingaherferðum, leika okkur með meiri fantasíu og léttleika,“ segir Harpa og lýsir teikningunum sem draumaveruleika sem rennur saman við raunveruleikann.

„Þarna er líka smá tilvísun í Ísland: Snæugla og stuðlaberg.“

Harpa málaði myndirnar á veggina í nýrri verslun Cintamani í Bankastræti og er ein þeirra sex metra há. Hún er ánægð með útkomuna. „Þetta eru fjórar stórar myndir og koma bara nokkuð vel út þó ég segi sjálf frá. Uglana málaði ég á vegginn með tippexi!“

- rat




Kynning í Hygeu Kringlu og Smáralind dagana 14.-16. apríl.

Sigrún Inga og Rúna sérfræðingar í Guerlain veita ykkur faglega ráðgjöf við val á vörum.

Nýtt í Terracotta:

Terracotta Serum, nokkrir dropar og þú viðheldur fallegum lit allt árið.

Terracotta kastaníuvatn, fallega gylltur litur fyrir allan líkamann við öll tækifæri.

Second skin effect. Hraustlegt útlit, léttur farði sem dregur fram ljóma húðarinnar.

Nýtt fyrir húðina:

Abeille Royale ný formúla hefur litið dagsins ljós. Notað er hunang frá “the black bee” sem finnst á eyjunni Ouessant Island þar finnst hreinasta hunang í heimi.
Abeille Royale línan inniheldur Serum, Dag- og Næturkrem.

Glæsilegir kaupaukar í boði Guerlain.

HYGEA
snyrtivöruverslun

nettoline
ELDHÚS-BAÐ-ÞVOTTAHÚS-FATASKÁPAR
25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM OG 10% AÐ AUKI
SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN
friform.is
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
Fríform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

Auglýsingasími
512 5050
Allt sem þú þarft...



„Þetta er einstaklega falleg hönnun og litirnir lífga svo sannarlega upp á umhverfið," segir Þórey Þórisdóttir um töskurnar frá Envirosax. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Litirnir gripu athyglina

**Dísir boutique er ný vefverslun sem selur endurnýtanlegar töskur frá Envirosax. Fyrirtækið var stofnað árið 2010 til að bjóða upp á vörur sem taka tillit til umhverfisins, eru einstakar og fjölnota.**

„Þetta ævintýri hófst með því að ég og dóttir mín vorum á vörusýningu í Kaupmannahöfn og sáum þessar töskur þar," segir Þórey Þórisdóttir, eigandi vefverslunarinnar Dísir.is. „Það voru litirnir á töskunum sem fönguðu athygli okkar og þegar við komumst að því hver sagan á bak við þær var hugsuðum við okkur ekki tvisvar um. Þetta er einstaklega falleg hönnun og litirnir lífga svo sannarlega upp á umhverfið."

„Hugmyndasmiðir og eigendur Envirosax eru Belinda og Mark David-Tooze, sem hafa tileinkað sér þann lífsstíl að lifa lífrænu, sjálfbæru og kolefnalausu lífi í uppsveitum Ástralíu og reka fyrirtækið sitt þaðan. Þau hafa tileinkað sér þá viðskiptastefnu að draga úr mengun og endurnýta og endurvinna plast svo dæmi sé tekið," segir Þórey.

Auk tasknanna frá Envirosax selur hún fylgihluti fyrir konur á öllum aldri, hálsmen frá ýmsum hönnuðum, til dæmis úr silfri og leðri, og hálsklúta frá sænska fyrirtækinu Maja. „Við reynum að halda sömu stefnu varðandi fylgihlutina," segir Þórey, „en það er erfitt að komast hjá því að plast og önnur ólífræn efni séu notuð í þeim. Klútarnir hins vegar eru úr bómull og hör og hundrað prósent náttúrulegir."

Þórey segir viðtökurnar hafa verið mjög góðar og nýlega hóf hún samstarf við verslunina Fígúru á Skólavörðustíg þar sem hún selur töskurnar. „Já, við leigjum þar smápláss," segir Þórey. „Ætlum svona að sjá til hvernig það gengur. Draumurinn er svo að opna sjálf verslun í framtíðinni en við tökum þetta bara eitt skref í einu."

fridrikab@frettabladid.is

Fermingartilboð
Sængurföt frá 6.960
Baðhandklæði 1.990
Draumakoddaver 1.984
Nýtt kortatímabil
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220 www.lindesign.is

VERÐSPRENGJA
FLOTT FYRIR VEISLUNA
Kjólar áður 16,990 kr. Nú 13,590 kr.
Litir: rautt, blátt og svart
St: 36-46
Við erum á facebook
Fleiri myndir á Facebook, vertu vinur
Full slá af skokkum á 5000 kr
Skokkar áður 16,990 kr. Nú 9,990 kr.
Litir: svart, grátt og brúngrátt
St: 40-50
FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201

Nýjar vörur í úrvali
antikskálar verð frá 7690,-
ávextir 790,-
fuglar 790,-
skálar ný munstur 2990,-
sveitakönnur ný munstur
körfur frá 2990
Fyrir bústaðinn og heimilið
Nóra
Opið: má-fö. 12:30 -18:00, lau. lokað
Dalvegi 16a, Rauðu múrsteinshúsunum Kóp.201
S: 517 7727 nora.is , facebook.com/noraisland

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

# brúðkaup

FIMMTUDAGUR 14. APRÍL 2011

## Dregin af sleðahundum

**Brúðkaupsdagur Jökuls Elísabetarsonar og Kristínar Örnu Sigurðardóttur í desember var hreint ógleymanlegur.**

BLS. 4






FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þú getur treyst okkur fyrir brúðkaupinu þínu

Bernhöftsbakarí er sigurvegari í köku ársins 2011

BERNHÖFTSBAKARÍ STOFNAÐ 1834

Bernhöftsbakarí ehf. • Bergstaðarstræti 13 • Sími 551 3083 • www.bernhoftsbakari.is



# Slörið fauk út með sjó

„Ef ekkert píanó er í kirkjunni mæti ég bara með rafmagnspíanóið mitt og hljóðkerfi,“ segir Guðrún Árný Karlsdóttir söngkona. Hún hefur snert við mörgum brúðhjónum og gestum þeirra með ljúfum söng sem hún leikur undir sjálf. Áður gefur hún brúðhjónunum kost á að koma heim til sín í smá spjall og hlusta á nokkur lög til að auðvelda þeim valið. Hún kveðst syngja bæði í kirkjum og veislum. „Stundum hef ég sungið í kirkjunni og svo stungið af á öðru hundraðinu, stillt öllu upp á veislustað og haft ofan af fyrir veislugestum meðan brúðhjónin eru í myndatöku,“ segir hún.


Guðrún Árný býður fólki að koma heim til hennar að velja lög fyrir athöfnina stóru. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Undanfarin ár hefur lagið Ást verið vinsælast að sögn Guðrúnar Árnýjar og svo Sálarlögin Þú fullkomnar mig og Hjá þér. „Svo reyni ég að kynna fólk fyrir laginu Dreymir eftir Hreim úr Landi og sonum sem er mitt uppáhalds brúðkaupslag.“

Af eftirminnilegum brúðkaupum rifjar Guðrún Árný fyrst upp eitt í Garðakirkju á Álftanesi. Þar lét brúðurin á sér standa. „Brúðguminn og gestirnir voru búnir að bíða í einar 20-25 mínútur en ekkert bólaði á brúðinni. Loks kom presturinn og upplýsti að slörið hefði fokið lengst út með sjó og frískur maður hefði verið sendur eftir því. Nú væri verið að greiða brúðinni upp á nýtt og festa slörið. Þetta vakti bara kátínu.“

Annað er Guðrúnu Árnýju minnisstætt, lítið brúðkaup sem búið var að plana úti í garði því ekkert pláss var inni. „Loftið var þungbúið og þegar ég var að tengja píanóið bjóst ég við vandræðum vegna vætu. Fjölskyldan mætti, ég byrjaði að spila en þegar brúðurin gekk inn í garðinn með föður sínum braust sólin fram og þungu skýin liðu burt smátt og smátt. Umgjörðin var eins og í ævintýri og þetta varð fullkomið í alla staði.“ *- gun*


Fallegar og hlýjar brúðargjafir.



DÚN & FIÐUR

Laugavegi 87 • sími: 511-2004



FASTUS

Glösin sem gera góð vín betri



| | | |
|---|---|---|
| Rauðvínsglas | 55cl. | 1.295 |
| Hvítvínsglas | 37cl. | 1.195 |
| Rauðvín/Hvítvín | 40cl. | 1.195 |
| Kampavínsglas | 20cl. | 1.095 |

C&S Chef&Sommelier

Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is



Guðrún segir ástina meginástæðu þess að fólk ákveði að ganga í hjónaband en að hjónavígsla sé líka lögformlegur gjörningur sem veiti öryggi. FRÉTTABALÐIÐ/ANTON

# Ást og öryggi skipta mestu

**Ástin er sterkasta aflið og bindur fólk oftar en ekki órjúfanlegum böndum. En hvers vegna ætti fólk að taka skrefið og ganga í hjónaband? Fréttablaðið leitaði svara hjá Guðrúnu Karlsdóttur, sóknarpresti í Grafarvogsprestakalli.**

„Ástæða þess að fólk velur að ganga í hjónaband hlýtur alltaf í grunninn að vera ástin sjálf. Ástæðan hlýtur að vera kærleikur til manneskjunnar sem fólk vill giftast og löngunin til þess að deila með henni ævinni. Hjónavígsla er þó fyrst og fremst lögformlegur gjörningur. Þegar prestur framkvæmir athöfnina bætast svo við fyrirbænir fyrir hjónaefnunum, framtíð þeirra og ástvinum og blessun,“ segir Guðrún. Hún segir þó nokkurn lagalegan mun á sambúð og hjónabandi og að sumum þyki öruggara og jafnvel einfaldara að vera giftir.

„Ef eitthvað kemur fyrir er öruggara að vera giftur og á það meðal annars við í erfðamálum og þegar börn eru í spilinu. Ef fólk velur að vera í sambúð er því skynsamlegt að gera með sér sáttmála og erfðaskrá.“

Guðrún segir að á Íslandi sé algengt að fólk hafi búið saman í einhvern tíma áður en það gangi í hjónaband þó að alltaf séu einhver pör sem gifti sig eftir stutt kynni. „Ég hef oft heyrt hjá fólki, sem ég hef gefið saman eftir mjög langa sambúð, að því finnist eitthvað breytast eftir athöfnina. Ég hef jafnvel heyrt talað um að fólki finnist það tilheyra hvort öðru á annan og sterkari hátt.“

Hvort sem fólk velur að hafa marga gesti eða enga viðstadda vígsluna er athöfnin aldrei algjört einkamál parsins, að sögn Guðrúnar. „Þegar fólk gengur í hjónaband breytist opinber hjúskaparstaða þess. Það er ekki lengur einhleypt eða fráskilið heldur gift. Þá þarf alltaf vitni að athöfninni svo það er aldrei hægt að gifta sig í algjöru einrúmi.“

Guðrún merkir ýmsar breytingar á hjónavígslum síðustu ár. „Mér finnst íburðurinn aðeins minni þó að það sé auðvitað misjafnt og ég geri þó nokkuð af því að gifta í heimahúsi. Þá finnst mér siðir og venjur smám saman vera að breytast og aðlagast nútímanum. Pörin velja æ oftar að ganga saman inn kirkjugólfið, enda hefur það oft búið saman í lengri tíma og ekki um að ræða feður að gefa frá sér hreinar meyjar,“ segir Guðrún. Hún segir líka algengara að vottar og svarafólk séu af báðum kynjum, auk þess sem dregið hafi úr því að fólk skipti brúðkaupsgestum upp í kirkjunni eftir kynjum, svo dæmi séu nefnd.

Guðrún segir oftast um gleðilegan atburð í lífi fólks að ræða en að þó komi fyrir að fólk ákveði að gifta sig í skugga sjúkdóma og jafnvel yfirvofandi andláts. „Þá eru tilfinningarnar öðruvísi og tregafyllri. Ástin er þó ekki minni.“ *- ve*

# Beið eftir að sjá þau saman

Þegar hin væntanlegu brúðhjón Vilhjálmur prins og Kata voru í St. Andrews háskóla í Skotlandi voru þær Sigríður Heiða Kristjánsdóttir og Svanhildur Þorsteinsdóttir þar á sama tíma. Sigríður Heiða útskrifaðist um leið og prinsinn en Svanhildur sá hann oftar í skólanum. „Ég gekk stundum í flasið á honum,“ rifjar hún upp sex árum síðar, því þetta var veturinn 2004-2005. Hún kveðst þó ekki hafa kynnst prinsinum persónulega. „Hann var afskaplega geðugur og kurteis og lét lítið yfir sér. Sat bara í tölvuverinu eins og hver annar, hversdagslega klæddur og féll vel inn í hópinn. Fjölmiðlar virtust hafa tekið sig saman um að veita honum frið í skólanum. Það var heldur ekki mikið talað um hann í mínum hópi en allir vissu af honum og sáu hann af og til á pöbbum eða á djamminu. Hann bjó reyndar ekki á stúdentagarðinum heldur í íbúð aðeins utan við bæinn.“


Svanhildur Þorsteinsdóttir


29. apríl 2011 nálgast.


Sigríður Heiða náði þessari mynd af Vilhjálmi og föður hans við útskrift úr St. Andrews háskóla vorið 2005.

Kötu rakst Svanhildur á á bókasafninu einu sinni eða tvisvar. „Mjög sæt og eðlileg stelpa,“ segir hún. „Hún og prinsinn sáust fyrst á tískusýningu í skólanum og felldu hugi saman en það var áður en ég kom. Ég vissi að hún væri kærastan hans og var alltaf að bíða eftir að sjá þau saman.“ *- gun*



**FAVORIT** steikarpanna m/loki
Teflonhúðað Ø29cm
Ryðfrítt stál **6.990,-**



**IKEA 365+** hnífaparasett
fyrir 6 manns. Ryðfrítt stál
**3.990,-/24 í setti**



**6.990,-/18 í setti**

**IKEA 365+** matarstell
Inniheldur: Matardiska, hliðardiska
og djúpa diska. Hvítt



**IKEA STOCKHOLM CIRKEL** púði
B55×L55cm. Hvítt/brúnt **2.390,-**

# Saman í gegnum súrt og sætt



**IKEA STOCKHOLM**
hliðarborð Ø36, H62cm
Hvítt/brúnt **15.950,-**



**IKEA 365+ LUNTA**
borðlampi H82cm
Krómhúðað **9.990,-**





**HALLARYD** mynd B100×H100cm
Hvít blóm **18.990,-**



**FAVORIT** pottasett
Hentar fyrir allar
tegundir af hellum
**19.990,-/4 í setti**



**IKEA STOCKHOLM**
vasi B20×L39, H20cm
Svart/hvítt **8.990,-**



**595,-/stk.**

**IKEA 365+ IVRIG**
rauðvínsglös 48cl. Gler



**8.990,-**

**KARIT** rúmteppi og 2 púðaver
B260×L280/B60×L40cm. Brúnt



**TORNA** borðlampi H58cm
Birkikrossviður/hvítt **8.990,-**






**4.990,-**

**TANJA BRODYR** sængurverasett
B150×L200/B50×L60cm. Ýmsir litir



**Frábær brúðkaupsgjöf!**
Við minnum á rafrænu
gjafakortin okkar.
Upphæð að eigin vali.



**FAVORIT** steikar-
panna. Teflonhúðað
Ø20cm. Rafhúðað ál/
ryðfrítt stál **4.590,-**

**IKEA STOCKHOLM** skál
Ø42cm. Hvítt **3.990,-**

**IKEA STOCKHOLM**
gólflampi H147cm
Svart **19.990,-**

© Inter IKEA Systems B.V. 2011

**Ókeypis máltíð fyrir börnin**



Þegar þú kaupir máltíð fá
börnin, tíu ára og yngri að
velja sér einn ókeypis rétt
af barnamatseðli.

## Brúðargjafalistar á www.IKEA.is

Nú geta tilvonandi brúðhjón búið til brúðargjafa-
lista á www.IKEA.is. Það er leikur einn að raða
öllu því sem hjónin dreymir um á listann til að
auðvelda fjölskyldu og vinum að finna brúðargjöf
sem gleður. Kíktu á www.IKEA.is



**IKEA STOCKHOLM** skemill
B60×D51, H41cm. Hvítt/svart **34.900,-**

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

**www.IKEA.is**

# Hann horfði þannig á mig að mér fannst ég fallegasta kona í heimi

**Kristín Arna Sigurðardóttir og Jökull I. Elísabetarson giftu sig í Fríkirkjunni 22. desember 2010. Brúðkaupsveislan var í Iðnó og þangað voru þau ferjuð í vagni sem sjö sleðahundar drógu. Brúðkaupsnóttinni eyddu þau á Hótel Holti og fóru síðar í brúðkaupsferð til Írans. „Hélt það væri klisja að brúðkaupsdagurinn væri besti dagur ævinnar," segir Jökull, „en hann var það svo sannarlega."**



Vagn dreginn af sjö sleðahundum flutti brúðhjónin til veislunnar.

Jökull I. Elísabetarson, stærðfræðingur og knattspyrnumaður, og Kristín Arna Sigurðardóttir, leikskólakennari og nemi, völdu óvenjulegan dag fyrir brúðkaupið sitt. 22. desember hefur þó sérstaka merkingu í lífi þeirra og að sögn Kristínar kom aldrei annar dagur til greina fyrir brúðkaupið. „Við trúlofuðum okkur þennan dag árið 2007," segir hún, „þannig að við ákváðum að halda okkur við hann."

Kristín fór líka óvenjulega leið við kaup á brúðarkjólnum. „Ég keypti hann á eBay," segir hún hlæjandi. „Það er að segja, ég pantaði saumaskapinn á honum á eBay. Það var saumastofa í Kína sem saumaði hann, ég bara valdi sniðið og sendi þeim málin af mér. Þær sendu mér svo kjólinn þegar hann var tilbúinn og hann smellpassaði, þótt ég hefði aldrei getað mátað hann."

Brúðkaupið hófst klukkan 18 og deginum eyddu þau sitt í hvoru lagi, Kristín við undirbúning fyrir brúðkaupið á herberginu sem þau leigðu sér á Hótel Holti, en Jökull í sjósundi með bandarískum vini sem mætti í brúðkaupið. „Ég var ekkert stressaður," segir Jökull. „Hafði auðvitað heyrt þetta allt saman, að brúðkaupsdagurinn væri besti dagur ævinnar og allt það, en fannst þetta ekkert svo mikið mál. Ég verð nú seint kallaður þessi væmni gaur, en ég get svarið það að þegar ég var kominn í kirkjuna og sá Kristínu og allt fólkið okkar þá kom eitthvað yfir mig sem ég hef aldrei upplifað áður. Þetta var svo sannarlega besti og skemmtilegasti dagur sem ég hef upplifað." Kristín segist hins vegar hafa verið mjög stressuð og athöfnin sé í hálfgerðri móðu. „Það sem ég man best eftir er þegar við sátum í kirkjunni og ég leit á Jökul og sá að hann horfði þannig á mig að mér fannst ég vera fallegasta kona í heiminum."

Þegar athöfninni var lokið beið vagn dreginn af sjö Síberíu-sleðahundum fyrir utan kirkjuna og brúðhjónin fóru hring í kringum Tjörnina í vagninum áður en þau mættu í veisluna í Iðnó. „Það var ótrúleg upplifun," segja þau bæði. „Það hafði snjóað á meðan athöfnin stóð yfir og þegar við komum út var allt hvítt, en himinninn stjörnubjartur og algjör stilla. Þetta var eins og í ævintýri." Og ævintýrið hélt áfram, í Iðnó biðu þeirra hundrað vinir og ættingjar og þar rak hvert skemmtiatriðið annað. „Garpur tvíburabróðir minn var veislustjóri," segir Jökull, „og hann kom mér svo sannarlega skemmtilega á óvart. Það voru haldnar ræður og gert stólpagrín að okkur, Helga Braga kom og gerði okkur að fíflum, og þetta var alveg óskaplega skemmtilegt kvöld. Iðnó er líka hinn fullkomni staður fyrir brúðkaupsveislu, þetta er svo fallegt hús og gott fólk sem vinnur þar."

Ævintýrinu lauk ekki morguninn eftir brúðkaupið því nokkrum vikum seinna fóru ungu hjónin í brúðkaupsferð til Írans í hópferð með ömmu brúðgumans, Jóhönnu Kristjónsdóttur. „Þetta var alveg æðisleg ferð," segir Jökull. „Það var ótrúleg upplifun að upplifa menninguna og söguna þarna og sjá bæði hvernig fólkið lifir og lifði. Það er líka alltaf svo gaman að ferðast með ömmu, hún er svo mikið heima hjá sér í þessum löndum. Svo var líka bara svo mikið af góðu fólki með okkur, þetta var alveg ógleymanleg ferð."

Enn fleiri ævintýri eru í vændum hjá Kristínu og Jökli því í september eiga þau von á sínu fyrsta barni, níu mánuðum eftir brúðkaupið. „Já, við vildum auðvitað ekki að barnið yrði bastarður," segir Jökull hlæjandi. „En í alvöru þá var það nú ekkert atriði að níu mánuðir væru á milli brúðkaups og fæðingar, þótt það sé óneitanlega skemmtileg tilviljun."

- fsb



Kristín Arna Sigurðardóttir og Jökull I. Elísabetarson giftu sig í Fríkirkjunni 22. desember 2010.





# Sérfræðingar í giftingarhringum

Jón & Óskar er alhliða skartgripa-, úra- og gjafavöruverslun sem var stofnsett árið 1971 og er því 40 ára um þessar mundir. Lengst af rak fyrirtækið eina verslun við Laugaveg 61 í Reykjavík en nýlega hafa bæst við verslanir í Smáralind og Kringlunni. Hjá Jóni og Óskari hefur alltaf verið lögð mikil áhersla á að þjóna viðskiptavinum í trúlofunar- og giftingarhugleiðingum og eftir þennan langa tíma sem fyrirtækið hefur starfað er óhætt að fullyrða að stór hluti Íslendinga ber í dag hringa frá fyrirtækinu. Það má áætla að gullið sem viðskiptavinir fyrirtækisins bera á fingrum sér í formi trúlofunar- og giftingahringa slagi hátt í tonnið.
Nánari upplýsingar á www.jonogoskar.is



**Sígildir hringar alltaf vinsælir**
Einbaugar, þessir sígildu og klassísku hringar hafa alltaf verið mjög vinsælir hjá Jóni og Óskari. Þá má fá bæði í gulu og hvítu gulli og misjafnlega breiða. Jafnframt koma þeir í mismunandi þykkt og stundum eru þeir kúptir að innan sem mörgum finnst þægilegra. Hinn klassíski einbaugur er mjög fallegur á hendi og fer vel með öðrum hringum.



**Munstraðir hringar og íslensk hönnun**
Hjá Jóni og Óskari er í boði mikið úrval af munstruðum hringum af ýmsu tagi og hringum þar sem hvítu- og gulu gulli er blandað saman. Jafnframt hefur verið mjög vinsælt að handgrafa í hringana og hefur gamla íslenska höfðaletrið þá oftast verið notað. Þar velur fólk að setja nöfnin sín eða einhver orð eða tákn sem þeim eru kær. Gullsmiðir fyrirtækisins hafa hannað fjölmargar útgáfur af mynstri og formum sem hafa reynst mjög vinsæl og má sjá glæsilegt úrval hringa á heimasíðu fyrirtækisins www.jonogoskar.is.



**Demantar í giftingarhringum**
Undanfarin ár hefur það orðið sífellt algengara að fólk velji að setja demanta í giftingarhringana og þá einkum kvenhringinn. Demantur glæðir hringinn lífi og eykur á fegurð hans. Hér er einnig um að ræða margar útfærslur og má sjá nokkrar þeirra hér á meðfylgjandi myndum.



**Gull, hvítagull, platína, palladium, stál, silfur**
Algengast er að giftingarhringarnir séu hafðir úr gulu gulli en hvítagull eða blanda af gulu og hvítu gulli hefur líka verið mjög vinsæl. Hringar úr platínu eða palladium (sem er platínumálmur) standa einnig til boða en eru mun dýrari en gullhringir og hafa verið minna teknir. Platínumálmarnir hafa þó verið mjög að sækja á erlendis og ekki er ólíklegt að vinsældir þeirra muni aukast hér á landi. Hringar úr silfri og stáli hafa einnig notið nokkurra vinsælda enda ódýrasti kosturinn sem í boði er í dag.



**Demantshringur sem trúlofunarhringur**
Ameríska hefðin, þ.e.a.s. að daman setji upp demantshring við trúlofun hefur einnig verið að aukast mikið að vinsældum undanfarin misseri. Þegar þessi leið er valin setur karlmaðurinn ekki upp hring en konan setur upp demantshring þegar hennar er beðið. Báðir aðilar setja svo upp einbauga við giftingu. Samkvæmt amerísku hefðinni á hringurinn að kosta sem nemur a.m.k. tveimur mánaðarlaunum herrans en það er að sjálfsögðu ekki bráðnauðsynlegt að vera svo flottur á því þegar þessi leið er valin því hjá Jóni og Óskari er hægt að fá glæsilega demantshringa á verði sem flestir ættu að ráða við.



**Morgungjafir**
Sá siður að gefa morgungjafir hefur einnig verið að aukast mjög að vinsældum undanfarin ár og má segja að það sé orðin hefð í íslenskum brúðkaupum. Mega þeir herrar sem gleyma morgungjöfinni eiga von á eitruðum athugasemdum frá sinni heittelskuðu. Í morgungjöf er hefðin að gefa fallegan demantsskartgrip. Svokallaðir "alliance" hringar eru orðnir ein vinsælasta morgungjöfin en þar er nokkrum demöntum raðað eftir baugnum sem er hafður úr hvítu eða gulu gulli.







**Skemmtilegustu viðskiptavinirnir**
Hjá Jóni og Óskari eru þeir viðskiptavinir sem kaupa trúlofunar- og giftingarhringi í miklu uppáhaldi. Þeir hafa ákveðið að treysta fyrirtækinu fyrir kaupum sem eiga að endast alla ævi og sú ákvörðun þeirra er tekin mjög alvarlega. Starfsmenn fyrirtækisins eru tilbúnir að leggja sig alla fram til valið á hringunum verði sem auðveldast og að ánægja ríki með kaupin og einungis er boðið upp á vandaða hágæðavöru.

JÓN & ÓSKAR
*Laugavegur / Smáralind / Kringlan*



Toshiki Toma, prestur innflytjenda, hefur upplifað ýmis skondin atvik í starfi sínu.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vilja upplifa ævintýri

Árlega leggur fjöldi erlendra ferðamanna leið sína til landsins í þeim tilgangi að heitbindast. Toshiki Toma, prestur innflytjenda, hefur haft umsjón með slíkum athöfnum og hefur upplifað margt skemmtilegt í starfi sínu gegnum tíðina.

„Einu sinni gaf ég saman par í Hallgrímskirkju, þar sem ekki vildi betur til en svo að slörið fauk af brúðinni þegar hún gekk inn kirkjugólfið. Það kom þó ekki að sök; hún var alveg róleg, brosti bara að öllu saman og þau gengu í það heilaga frammi fyrir Guði og áttu saman yndislega stund.“

Toshiki segir Hallgrímskirkju sérlega vinsælan giftingarstað meðal Japana. „Kirkjan ein og sér þykir falleg en fólki finnst líka sérstakt hversu langan tíma tekur að ganga upp að altarinu, í augum þess öðlast stundin enn hátíðlegri blæ.“

Öðruvísi upplifun og ævintýraþrá eru að mati Toshiki helstu ástæður þess að ferðamenn vilja giftast á Íslandi. „Japönsk pör koma til að upplifa fallega kirkjulega athöfn þar sem þær eru óalgengar í Japan og minna lagt upp úr þeim en meira úr sjálfri veislunni. Margir sækja líka í einfaldleikann þar sem talsvert umstang fylgir brúðkaupum ytra og sjá ferðalagið sem tækifæri til að upplifa ævintýri. Ísland er mjög vinsæll áfangastaður meðal Japana um þessar mundir,“ upplýsir hann og segist skilja af hverju. „Náttúran er alveg einstök.“ *- rve*







# Góða veislu gjöra skal

**Brúðkaupsveislur verða oft frábærar hreinlega af sjálfu sér, þökk sé góðum anda og gleði. Það getur hins vegar hjálpað til að hafa nokkrar þumalputtareglur í huga til að hún heppnist eins og best verður á kosið.**



Ræðuhöld í brúðkaupum geta bæði verið stórskemmtileg og haldið samkomunni í herkví.

**TÍMAÁÆTLUN:**
Til að brúðhjón og aðstandendur þeirra geti notið brúðkaupsins þurfa skipulagsmál að vera í góðu lagi. Gott skipulag kemur í veg fyrir að brúðhjón og nánustu aðstandendur séu á tauginni yfir því að eitthvað fari úrskeiðis eða þurfi að eyða hálfri veislunni í að redda einhverju. Mörgum hefur reynst vel að útbúa lauslega tímaáætlun fyrir fyrri part veislunnar í það minnsta; hvenær gestir koma í hús, brúðhjón koma, hvenær boðið er til sætis og svo framvegis og skal veislustjóri hafa útprent af þessari tímaáætlun og sjá um að henni sé fylgt að mestu.

**VEISLUSTJÓRN:**
Veislustjóri á að geta tekið á öllu því er upp kemur í veislunni. Sé veislan flókin í sniðum eða þeim mun stærri getur verið gott að veislustjóri hafi jafnvel aðstoðarmenn, einn til tvo, sér til halds og trausts. Við val á veislustjóra eða -stjórum þarf því bæði að huga að því að velja ábyrga manneskju og að viðkomandi geti leikið af fingrum fram, bæði í útsjónarsemi og við að ljá samkomunni líf. Þá þurfa veislustjórar að eiga gott með að tjá sig opinberlega þar sem þeir eru eins konar kynnar kvöldsins. Gott er að láta veislustjóra hafa lista yfir alla gesti til að hann geti glöggvað sig á hverjir munu koma til með að mæta.




**RÆÐUHÖLD:**
Hefðin er sú að faðir brúðar heldur fyrstu ræðu veislunnar. Oftast er miðað við að fyrsta ræða sé flutt að forrétti loknum og ræðurnar komi svo hver af annarri, og er helst að gæta að matur sé ekki borinn inn meðan ræða stendur yfir. Eins skemmtileg og ræðuhöld í brúðkaupum geta orðið eiga þau það líka til að yfirtaka veisluna og halda henni í herkví.

Til að koma í veg fyrir að hreinlega enginn tali í veislunni, eða að veislan breytist í sveitafund þar sem „næstur á mælendaskrá“ er alltaf einhver nýr, er gott fyrir veislustjóra að reyna að glöggva sig á fjölda ræðumanna og setja þeim einhver tímamörk ef það lítur út fyrir að mælendalistinn sé langur. Slíkt er jafnvel hægt að gera fyrir sjálfan stóra daginn ef veislustjóri er með tölvupóstslista gesta, þar sem hann getur þá beðið um að fólk láti vita ef það hyggst halda tölu í veislunni. Flestir ákveða slíkt með sér nokkrum dögum fyrir brúðkaupið. Sé ljóst að fáir ætli að halda tölu er þá hægt að hvetja til ræðuhalda.

Mjög sniðugt er að veislustjóri sendi á þennan póstlista leiðbeiningar um hvernig hægt er að gera góða ræðu enn betri; með því að gera þær hnitmiðaðar og jafnvel nokkur ráð varðandi rétta öndun og framsögn.

**BORÐHALD OG SÆTASKIPAN**
Standandi borðhald hefur síðustu árin notið nokkurra vinsælda í brúðkaupum hérlendis. Slíkt fyrirkomulag getur verið þægilegt þar sem ekki þarf að gera ráð fyrir borðum, hver eigi að sitja hvar og bæta við eða fækka sætum á síðustu stundu. Sé sú leið valin er afar mikilvægt að gera ráð fyrir eldra fólki og fótalúnum og bjóða upp á stóla og sófa sem hægt er að tylla sér á. Það er ekki allra að geta staðið lengi. Sé hugað að því er ekkert því til fyrirstöðu að standandi borðhald verði skemmtilegt. Það getur líka komið vel út að hafa nokkur borð tiltæk í rýminu sem hægt er að standa við og hvíla glasið á.

Sitjandi borðhald getur hentað mörgum betur og margir kjósa það til að geta boðið upp á kvöldverð. Margir raða til borðs en þá þarf líka að vanda vel til verka og blanda saman fólki á borðin þannig að vel takist til. Brúðhjónin þekkja þar sína gesti best og þurfa að fara vandlega yfir þá uppröðun með sínum nánustu og veislustjóra. Í minni veislum gerist þess oft ekki þörf að merkja sætin.







GJAFALISTAR

Tilvonandi brúðhjón sem skrá gjafalista hjá okkur fá veglega gjöf

Cucu 70x35 cm í lökkuðu stáli: 24.900 kr.

# Bjóðum það besta í evrópskri húsgagnahönnun og glæsilegt úrval gjafavöru.



MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is

Opið alla virka daga frá 11–18 og laugardaga 11–16.

# Kúluvendirnir vinsælastir

**Blómvendir endurspegla ótvírætt rómantíkina á brúðkaupsdaginn. Rósir eru sígildar og það eru liljur líka að sögn þeirra fagmanna sem Fréttablaðið leitaði til.**

„Svokallaðir kúluvendir hafa verið langvinsælastir upp á síðkastið hjá brúðum enda eru þeir léttir, leikandi og elegant. Njóta sín líka vel hvort sem er við einfaldan, stílhreinan kjól eða íburðarmikinn,“ segir Ragnhildur Fjeldsted í versluninni Dans á rósum við Baldursgötu 36 í Reykjavík sem hefur áralanga reynslu af blómaskreytingum. Í sama streng tekur Katrín Reynisdóttir í Kötukoti – brosandi blómabúð við Kársnesbraut 114 í Kópavogi sem telur rómantíska, gamaldags vendi eiga upp á pallborðið. „Það hlýlega höfðar til fólks núna. Maður sér það alls staðar í tískunni, þar eru blóm og litir,“ segir hún. Dropalaga, hangandi vendir eru líka alltaf sígildir að sögn Ragnhildar og hún segir litavalið oft verða skærara þegar sólin skín sem hæst. Þá sé farið út í skærbleikt, gult og jafnvel bláa tóna. *- gun*



„Ég bendi fólki alltaf á að velja blóm sem brúðurin hefur mest dálæti á,“ segir Ragnhildur Fjeldsted í Dansi á rósum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Ragnhildur í Dansi á rósum bjó til barmblóm fyrir herra úr orkídeu, litlum rósaknúppum og bergfléttublöðum.

Blómin stinga sér mishátt upp úr vendinum sem gerður er úr rósaknúppum, hortensíu og orkídeum. Demantskristallar koma svo með hátíðlegan blæ því á þá stirnir hér og þar. Úr Dansi á rósum.



Vöndur úr Kötukoti með kallalilju, írisi og trjágreinum úr skóginum. Stilkarnir eru skreyttir perlum.



„Verslunin er oft ekki opin fyrr en síðdegis en það er alltaf hægt að hringja,“ segir Katrín í Kötukoti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



„Hér var ég að ögra saman tveimur rósum, antikrauðum og lilla,“ segir Kata í Kötukoti um þennan kúluvönd sem hún bjó til.




Þegur þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúrulegu stöðu. TEMPUR þrýstijöfnunarefnið er mjúkt þar sem þú vilt og stíft þar sem þú þarft™ og veitir þannig þrýstijöfnun, þægindi og náttúrulegan stuðning.

Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins.

TEMPUR WARRANTY 15 YEARS LIMITED WARRANTY MATTRESSES

AÐEINS FRÁ TEMPUR® ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY
EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG VOTTUÐ AF GEIMFERÐASTOFNUNINNI



betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

Öll brúðhjón 2011 fá 10% kaupauka á öll gjafabréf !
Gildir einnig af tilboðum!

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
10 ÁRA
2001-2011

# Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli. Við hlustum á raddir lesenda og erum lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti.




DV: 10% – Fréttatíminn: 37%

DV: 11% – Fréttatíminn: 49%

## ALLT LANDIÐ

## HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar,
á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.

**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.**
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.




**Allt sem þú þarft...**

# Innsigluðu hjónabandið með HÚLAHRINGJUM



Gifting Evu Rúnar og Völu var með óhefðbundnu og skemmtilegu sniði.

**Jóhanna Vala Höskuldsdóttir og Eva Rún Snorradóttir gengu í það heilaga fyrir skemmstu og er óhætt að segja að giftingin hafi verið með óhefðbundnu sniði.**

Kirkja, giftingarhringar og orgeltónlist voru víðsfjarri þegar Jóhanna Vala Höskuldsdóttir og Eva Rún Snorradóttur giftu sig fyrir skemmstu. Athöfnin fór fram á skemmtistaðnum Barböru, á kvenna og hinsegin uppákomunni Skyndilega greip mig óstjórnleg löngun, og kom vinum og vandamönnum í opna skjöldu. „Flestir ráku upp stór augu en þegar þeir urðu þess áskynja hvers kyns var brutust út heilmikil fagnaðarlæti,“ segir Vala.

Leiðir þeirra Evu lágu saman norður á Akureyri fyrir rúmum þremur árum, „í fimbulkulda rétt eftir hrun,“ eins og Vala orðar það. „Við kynntumst við uppsetningu á gjörningi sem deildi á íslenska bankakerfið og eitt leiddi af öðru.“ Samband varð að sambúð og eftir búferlaflutning til Reykjavíkur barst brúðkaup í tal. „Við vorum farnar að spá í framtíðina og langaði heilmikið að gifta okkur. Vildum hins vegar fara eigin leiðir og jafnframt setja út á hefðbundnar hugmyndir um hjónabandið sem stofnun.“

Lausnin reyndist skammt undan. „Eva hefur um nokkurt skeið átt þátt í að skipuleggja skemmtikvöld á Barböru og okkur datt í hug að helga það næsta trúlofunum. Þá hugsuðum við með okkur: „Af hverju ekki að ganga skrefinu lengra og bara gifta okkur á staðnum, enda leitun að jafn viðeigandi giftingarstað fyrir lesbískt par fyrst kirkja var úr myndinni,“ segir Vala.

Flestir gestanna mættu síðan í brúðkaupið með öllu grunlausir um hvað væri í vændum. „Við settum því upp hápólitískan gjörning sem hófst sem power pointsýning og fólk vissi því varla hvaðan á sig stóð veðrið þegar ég birtist í brúðarkjól, með prest og brúðarmeyjar í eftirdragi.“

Þótt aðstæður væru óvenjulegar var athöfnin bæði hjartnæm og alvöruþrungin. „Presturinn, Auður Eir, flutti fallega ræðu; sagði brúðkaupið í raun vera kaup kaups þar sem við værum tvær konur. Svo lét hún bræður okkar skiptast á örbylgjuofnum og eftir að við höfðum játast hvor annarri hentu brúðarmeyjarnar yfir okkur húlahringjum til að innsigla hjónabandið,“ segir Vala og getur þess að jafnvel harðgerðustu karlar hafi þerrað tárin. „Margir sögðu þetta eitt fallegasta brúðkaup sem þeir hefðu upplifað um ævidagana og það þótti okkur dýrmætt að heyra.“ *- rve*






**„Of miklar væntingar um frábært kynlíf, eða kynlíf yfirhöfuð, er það sem ber að varast,“ segir Sigga Dögg.**

# Kynlíf á brúðkaupsnótt er bara mýta

„Mörgum finnst spennandi að gista til dæmis á hóteli eða í sumarbústað á sjálfa brúðkaupsnóttina og jafnvel nokkrar nætur eftir brúðkaupið en það að breyta um umhverfi getur verið nóg til að krydda aðeins upp í kynlífinu,“ segir Sigga Dögg kynfræðingur spurð hvort brúðkaupsnóttin hafi enn þá sérstaka merkingu í hugum fólks sem kannski hefur búið saman í mörg ár. „Þar sem brúðkaup geta staðið fram eftir nóttu þá getur einnig verið notalegt að koma heim til sín eftir veisluna og fara svo á hótel eða í sumarbústað daginn eftir brúðkaupið. Stundum hafa nánir vinir eða fjölskyldumeðlimir skreytt íbúð brúðhjóna með kampavíni, kertum, jarðarberjum og rósarblöðum til að skapa rómantíska stemningu. Það mætti svo nýta sér daginn eftir ef brúðhjón eiga ekki kost á því að breyta um umhverfi. Þá væri það gott ef einhver gæti komið öllum gjöfunum fyrir heima hjá brúðhjónunum svo þau þurfi ekki að hafa áhyggjur af því daginn eftir. Mín reynsla er hins vegar sú að eftir að löngum degi lýkur þá langar mann bara heim að sofa. Daginn eftir brúðkaupið, þegar stressið er búið og sæluvíman situr eftir þá væri sniðugt að opna gjafirnar í rólegheitum og skipta um hugarfar og njóta þess að vera nýgift og kela fram eftir degi.“



Sigríður Dögg

En hvað ber að varast á brúðkaupsnótt? „Of miklar væntingar um frábært kynlíf, eða kynlíf yfirhöfuð, er það sem ber að varast,“ segir Sigga Dögg. „Ég tel brúðkaupsnæturkynlíf vera mýtu og setja alltof mikla pressu á allan daginn. Mér finnst að fólk eigi að fá að vera í þægilegum undirfötum á brúðkaupsdaginn sjálfan og megi svo fara heim til sín og sofna bara í faðmlögum ef það kýs svo. Næstu daga eftir brúðkaupið má gera sér glaðan dag með tælandi blúndu, freyðibaði, heilnuddi og þess háttar punti.“ *- fsb*


LANCÔME
PARIS
Julia Roberts
marie claire
PRIX
D'EXCELLENCE
DE LA BEAUTÉ
2011
LANCÔME
TEINT
MIRACLE
Nú er *ára* líkamans okkar vísindi
NÝTT
TEINT MIRACLE
NÁTTÚRULEGUR LJÓMI - FULLKOMNUN LÍKT OG ÁN FARÐA
Eftir 10 ára rannsóknir og 7 einkaleyfi kynnir Lancôme Teint Miracle farðann sem endurskapar útgeislun fegurstu húðar. Með kraftaverki ljóssins verður áferð húðarinnar náttúruleg og fullkomin líkt og hún ljómi innan frá. Eðlileg og óaðfinnanleg förðun.

# Bollaleggingar



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Bolli er ekki bara bolli og rétta útlitið getur breytt öllu. Smekkur manna er mismunandi og bollarnir frá Kahla eru misstórir, mislitir og fjölbreyttir í laginu svo flestir geta fundið þann rétta fyrir sig. Spáðu í bollana hjá Kokku, í verslun okkar eða á kokka.is

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is






**Kjólar:** Prinsessan Álfabakka 14b.
**Hár:** Bryndís Sighvatsdóttir hjá Gallerí útliti Bæjarhrauni 6.
**Förðun:** Þura Stefánsdóttir hjá Gallerí útliti.
*Hún notar eigin förðunarvörur sem heita MakeupTime 4U.*

# Draumakjóllinn fu

**Það er draumur nánast hverrar konu að velja sér einhvern tíma á ævinni fallegan brúðarkjól. Margar hafa fyrirfram mótaðar hugmyndir um það hvernig hann eigi að vera en sumar ramba á þann rétta um leið og þær byrja að svipast um.**

Fréttablaðið fór á stúfana og skoðaði brúðarkjólaúrvalið í bænum. Með í för var Linda Benediktsdóttir, lífefnafræðinemi við Háskóla Íslands, og fyrirsæta hjá Elite. Af þeirri ferð að dæma eru hlýralausir kjólar enn við lýði og er gjarnan um að ræða umfangsmikil pils með slóða. Flestir kjólarnir eru hvítir en þó má sjá stöku glit og jafnvel lit bregða fyrir. Eins fást stuttir kjólar fyrir þær sem vilja auk þess sem sumar kjósa samkvæmiskjóla í stað hefðbundinna brúðarkjóla og geta þeir verið allavega að lit og lögun.

Kjólarnir eru úr Prinsessunni og Tveimur hjörtum.

- ve



**Kjólar:** Tvö hjörtu, Bæjarlind 1-3.





Hringir úr 14 karata gulli, sandsteyptir eins og á miðöldum. 320.000 krónur frá ORR.



Hringar úr 24 karata hreinu gulli og mótast með manni í gegnum lífið frá ORR. 580.000 krónur.



14 karata giftingarhringir, 65.000 krónur. Demantshringur með 5 steinum, 96.500 krónur. Demantshringur með 10 steinum, 100.000 krónur. Carat Gullsmiðir





14 karata gullhringir með 6 demöntum. 150.000 krónur frá Carat.



Hringir úr hvítagulli með hágæða demöntum. 400.000 krónur frá ORR.

Hjónabandið er gjarnan innsiglað með hring á fingri og geta trúlofunar- og giftingarhringir verið eins misjafnir og brúðhjónin eru mörg.



Hringir úr massívri platínu. 747.000 krónur frá ORR.

ndinn



Kynning

Lúxus · Rómantík · Úrvals veitingastaður · Mannfagnaðir

GREAT HOTELS OF THE WORLD PREMIUM COLLECTION

HOTEL RANGÁ
Luxury Resort & Dining
★★★★

# Draumabrúðkaup á Hótel Rangá

Hótel Rangá er fjögurra stjörnu lúxushótel, staðsett í rómantísku umhverfi á bökkum Eystri Rangár í aðeins 100 km fjarlægð frá Reykjavík.

Hótelið er í alþjóðlegu hótelkeðjunni Great Hotels of the World og sérhæfir sig í skipulagningu brúðkaupa, hvort sem er t.d. í Oddakirkju eða úti í náttúrunni.

Á hótelinu er dekrað við brúðhjón og aðra gesti; þar er nudd og heitir pottar og séð um allan undirbúning eins og hárgreiðslu, blómaskreytingar og myndatöku.

Brúðarsvítan er afar vinsæl og jafnframt býður hótelið upp á 6 aðrar gullfallegar heimsálfusvítur sem gera brúðkaupið enn eftirminnilegra.

Á Hótel Rangá er frábær veitingastaður með 3 veitingasölum og notalegri setustofu sem henta mismunandi stærðum af veislum. Brúðhjón ein og sér eru líka afar velkomin.

**Hótelið býður upp á 10% afslátt af vinsælum gjafabréfum til brúðkaupsgjafa.**











*Loks viljum við minna á að Hótel Rangá býður alla sem eiga stórafmæli á árinu hjartanlega velkomin til sín – www. hotelranga.is/2011*



Hótel Rangá | 851 Hella | Sími 487 5700 | Fax 487 5701 | hotelranga@hotelranga.is | www.hotelranga.is




## HÓTEL HOLT





Þegar brúðhjón koma í svítuna fylgir henni konfekt sem lagað er í eldhúsi Hótel Holts, ávextir og kampavín. Ef brúðhjónin hafa ákveðnar óskir er þeim fylgt eftir bestu getu. Til dæmis er hægt að láta skreyta herbergið, panta morgunverð í rúmið eða málsverð á bráðfínum veitingastað Hótel Holts. www.hotelholt.is

## HÓTEL SAGA





Brúðarsvítan er skreytt og parið fær miðnætursnarl þegar það kemur þreytt og svangt úr langri brúðkaupsveislu. Þá er einnig hægt að kaupa gjafapakka. Til dæmis Ástar Saga en í þeim pakka felst gisting í Junior svítu, nudd í paraherbergi Mecca Spa, óvænt fjögurra rétta máltíð á Grillinu, morgunverður uppi á herbergi og rómantískur glaðningur. www.hotelsaga.is

# Rósablöð á mjúkri sæng

**Þrátt fyrir að brúðkaupsdagurinn sé einn gleðilegasti dagur í lífi nýbakaðra hjóna, getur hann tekið verulega á, enda mikil spenna sem fylgir undirbúningnum. Þá er gott að ljúka þessum viðburðaríka degi með góðum nætursvefni í fallegu hótelherbergi og byrja næsta dag með morgunverði í rúmið. Hér má líta brúðarsvítur fjögurra hótela í Reykjavík.**

## HILTON REYKJAVÍK NORDICA





Hægt er að velja á milli nokkurra sérsniðinna pakka fyrir brúðhjónin. Það eru silfur-, gull- og demantspakki. Í öllum pökkunum er gisting á Hilton og glæsilegur morgunverður. Að auki er hægt að velja uppfærslu á svítum, velja um að fá blóm og freyðivín upp á herbergi, morgunverð í rúmið auk aðgangs að NordicaSpa og Hilton Executive Lounge. www.hilton.is

## HÓTEL ÞINGHOLT





Hægt er að velja staðlaðan pakka sem í er kampavín, fersk jarðarber, rjómi og súkkulaði auk morgunmatar í rúmið. Annars geta starfsmenn Þingholts klæðskerasaumað kvöldið eftir óskum brúðhjónanna. Umhverfi Hótel Þingholts er sérstætt og skemmtilegt en hótelið er hannað af Gunnu Jónsdóttur arkitekt. www.centerhotels.is









# Allt fyrir brúðkaupið

## í Blómavali um land allt

## BRÚÐARLEIKUR BLÓMAVALS

KOMDU OG KLÁRAÐU MÁLIÐ...
...OG ÞÚ FÆRÐ

**20% AFSLÁTT**

AF BRÚÐARVENDINUM OG ÖLLUM BLÓMUM FYRIR BRÚÐKAUPIÐ.

ÞANNIG GÆTIR ÞÚ EINNIG UNNIÐ:

BORGARFERÐ FYRIR TVO AÐ EIGIN VALI MEÐ ICELAND EXPRESS

Iceland Express

100.000 KRÓNA GJAFABRÉF Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI

**Sérfræðingar Blómavals veita ráðleggingar varðandi val á brúðarvendinum og allar skreytingar fyrir brúðkaupið.**

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

# Lifandi blóm og bleikar varir

**Allra augu hvíla á verðandi brúði þegar hún gengur inn kirkjugólfið á daginn stóra. Fréttablaðið fékk hársnyrtistofuna Barbafín Reykjavík og snyrtivörufyrirtækið MAC til að gefa hugmynd að greiðslu og förðun brúðar í ár.**

Mikilvægt er að undirbúa húðina vel fyrir stóra daginn og byrja nokkrum dögum áður að bera á sig góð krem kvölds og morgna. Einnig er mikilvægt að passa upp á varirnar, eiga góðan varasalva og jafnvel skrúbba þær með þurrum þvottapoka. Svo hárið fái sem mestan glans er ráðlegt að fara viku fyrir stóra daginn í djúpnæringu á stofu. Eins er yfirleitt innifalin prufugreiðsla sem verðandi brúður fer í nokkrum dögum fyrir brúðkaupið sjálft. Frjálslegar og náttúrulegar hárgreiðslur njóta alltaf vinsælda og eins að hafa lifandi blóm í hárinu. - rat



Björg Alfreðsdóttir hjá MAC Debenhams notaði Margin-kinnalit í skyggingu undir kinnbein og ferskjulitan Style-kinnalit á eplin, Subculture-varablýant til að móta varirnar og svo Gotta Dash, Sheen supreme-varalit, sem gefur fallegan gljáa og góðan raka. Steppin out dazzelglass-varagloss á miðjar varirnar.



Katrín Brynja Björgvinsdóttir, hársnyrtir hjá Barbafín Reykjavík, tók bylgjað hárið á Rakel Kristinsdóttur saman í lausan hnút en mjög vinsælt er að hafa hárið sem náttúrulegast á brúðkaupsdaginn.



Rakel og Andrea eru báðar farðaðar með snyrtivörum frá MAC. Litirnir eru léttir og ferskir, brúnir, fjólubláir og ferskjulitaðir tónar í bland við bleikan gljáa á varir. Í ár eru náttúrulegir litir vinsælir hjá verðandi brúðum.



Harpa Káradóttir hjá MAC Kringlunni notaði Bare Study Paint Pot-grunn undir augnskuggana og Pink Venus á augnlok. Honey Lust-augnskugga á mitt augnlokið og undir augu og Sketch-augnskugga í skyggingu.



Valgerður Brynja Viðarsdóttir, hársnyrtir hjá Barbafín Reykjavík, notaði lifandi blóm í hárið á Andreu Marie Christine Jacob í brúðargreiðslu.


Fjölbreytt úrval af brúðartertum allt að ykkar óskum!

Bernhöftsbakarí er með yfir 175 ára reynslu af því að baka fyrir landsmenn.

Brúðarterturnar hjá okkur eru engu líkar, þær eru eingöngu lagaðar úr besta fáanlega hráefni sem völ er á.



*Þú getur treyst gæðunum og þjónustunni hjá Bernhöftsbakarí.*

BERNHÖFTSBAKARÍ STOFNAÐ 1834

Bernhöftsbakarí ehf. • Bergstaðarstræti 13 • Sími 551 3083 • www.bernhoftsbakari.is

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is




# Korfu
# Gríska draumaeyjan

## Nýr og ómótstæðilegur áfangastaður

**Nýjung!**

## Flugsæti

**Verð frá 95.500 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar 18. júní.
* Verð án Vildarpunkta 105.500 kr.

**BEINT MORGUNFLUG MEÐ ICELANDAIR Í ALLT SUMAR**

## Flugáætlun

| | | |
|---|---|---|
| 28. maí (UPPSELT) | 9. júlí | 23. ágúst |
| 7. júní | 23. júlí | 24. sept. |
| 18. júní | 2. ágúst | 1. okt. |
| 28. júní | 13. ágúst | |

Ótal fleiri gistimöguleikar á VITA.is




## Park hótel ★★★

Park hótel í Gouvia er gott 3ja stjörnu hótel með 190 herbergjum í 10 mín. göngufæri frá Gouvia. Hugguleg gestamóttaka með smáverslun, aðgangi að interneti , setustofu og bar. Góður garður með sundlaug, barnalaug og bar.

**Verð frá 149.000 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-11) í 10 nætur, 3. sept. Hálft fæði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli: 169.200 kr. og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 159.000 kr. m.v. 2+1. Verð án Vildarpunkta 179.200 kr. m.v. 2.




## Ipsos Beach ★★★

Ipsos Beach hótel er snyrtilegt þriggja stjörnu hótel , einungis 50 til 80 metrum frá ströndinni í Ipsos. Við hótelið er sundlaug, barnarlaug, barnaleiksvæði og sólbekkir með ágætri aðstöðu.

**Verð frá 135.600 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-11) í 10 nætur, 18. júní. Hálft fæði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli: 142.800 kr. og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 145.600 kr. m.v. 2+1. *Verð án Vildarpunkta 152.800 kr. m.v. 2.



## Helion íbúðir ★★★

Helion íbúðagarðurinn samanstendur af sjö tveggja hæða byggingum í stórum og snyrtilegum garði, sem liggur niður að strönd og er stutt frá miðbænum í Gouvia. Gestamóttaka og smáverslun eru í sérhúsi og í garðinum er sameiginlegt sundlaugarsvæði með sólbaðsaðstöðu og snakkbar fyrir öll húsin.

**Verð frá 131.500 kr. ***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11) í 10 nætur 18. júní.
Verð á mann m.v. 2 í íbúð: 147.120 og 15.000 Vildarpunktar, í 10 nætur 3. sept.
* Verð án Vildarpunkta 141.500 kr. m.v. 2+2. *Verð án Vildarpunkta 157.120 kr. m.v. 2.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 54324 04/11

**● KAUPMÁLAR DÝRARI EFTIR BRÚÐKAUP** Kaupmáli er nokkurs konar samningur milli hjóna. Tilgangur hans er að búa til séreign, en það er eign sem annað hvort hjóna á og tilheyrir ekki félagsbúi þeirra. Séreignin er þannig undanþegin skiptum ef til skilnaðar kemur. Algengast er að kaupmálar séu gerðir um fasteignir.

Bæði má gera kaupmála fyrir og eftir brúðkaup. Mun hagstæðara er þó að gera slíkan samning fyrir brúðkaup. Skráningargjald kaupmála er 6.600 krónur en síðan þarf að borga stimpilgjald. Þetta stimpilgjald er aðeins 50 krónur ef kaupmálinn er gerður fyrir hjónaband en annars er það 0,4% af verðmæti eignar sem verður séreign. Það getur orðið dágóð upphæð þegar um fasteign er að ræða en taka skal fram að frá upphæðinni má draga áhvílandi skuldir eins og þær standa þegar kaupmálinn er gerður.



**● BORGARALEG ATHÖFN** Þeim sem ætla að ganga í hnapphelduna stendur fleira til boða en kirkjuleg athöfn. Borgaraleg athöfn er valkostur sem nýtur vaxandi vinsælda, en í ár hafa 58 pör gift sig með þeim hætti sem er um 20 prósenta aukning miðað við sama tíma í fyrra.

Eyrúnu Guðmundsdóttur, deildarstjóri sifja- og skiptadeildar hjá Sýslumanninum í Reykjavík, finnst erfitt að geta sér til um ástæðuna fyrir þessari aukningu. Hins vegar leggi starfsmenn sig fram við að gera stundina hátíðlega.

„Athöfnin fer fram á skrifstofu sýslumanns. Flestir mæta í sínu fínasta pússi, oft með sínum nánustu og kveikt er á kertum til að gera stundina sem hlýlegasta. Sýslumaður eða fulltrúi hans leiðir athöfnina sem tekur um fimm mínútur," lýsir hún og getur þess að áður verði ákveðin formsatriði að vera frágengin.

„Brúðhjónin þurfa að skila inn fæðingarvottorði, hjúskaparstöðuvottorði og ljósriti af skilríkjum viku áður. Þá skila þau inn útfylltum eyðublöðum með undirskrift svaramanna og vottar kvitta undir." Nánar á www.syslumadur.is.






GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir
Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453
gullsmidjan.is

Glæsileg áklæði á veislustóla



Ásamt miklu úrvali af skreytingarvörum og öðrum vörum sem tengjast þessum stóra degi.

SÓFALIST - S. 692 8022 www.sofalist.is - www.brudarskreytingar.is





Las Vegas í Bandaríkjunum



St. Andrews í Skotlandi

# Konunglegir kastalar, v rómantík eða borg syn

**Brúðkaupsferðin er fyrir marga það allra mest spennandi við giftinguna. Að fara tvö ein til fjarlægra landa og uppfylla kannski gamlan draum um að heimsækja ákveðið svæði í leiðinni. Rómantískir staðir eins og París, Feneyjar, Havaí eða grísku eyjarnar njóta alltaf jafnmikilla vinsælda en hér eru nokkrar hugmyndir fyrir þau sem vilja fara ótroðnar slóðir í brúðkaupsferðinni.**



Transsylvania í Rúmeníu.

### Í SPOR VILLA OG KÖTU

Heimurinn bíður með öndina í hálsinum eftir brúðkaupi Vilhjálms Bretaprins og Kate Middleton og ferðaskrifstofan Royal Scottish Tours hefur nýtt tækifærið og markaðssett brúðkaupsferðarpakka undir nafninu „Royal Romance", þar sem nýgiftum býðst að upplifa hina rómantísku hlið Skotlands og feta um leið í fótspor brúðhjónanna konunglegu, allt frá St. Andrews, þar sem þau hittust fyrst, til Edinborgar, með viðkomu á ýmsum uppáhaldsstöðum Villa og Kötu.

### FÖNGULEGAR VÍGTENNUR

Aukinn áhugi á vampírum og öllu sem þeim tengist hefur fylgt í kjölfar Twilight-æðisins sem ýmsir eru illa haldnir af. Er ekki kjörið fyrir vampíruelskandi brúðhjón að ferðast til Transylvaníu í Rúmeníu, þar sem Drakúla greifi sjálfur lék lausum hala samkvæmt goðsögninni? Ferðamannaiðnaður í Transylvaníu hefur blómstrað undanfarin ár, enda er þar að finna fjölda gamalla kastala, gamla bæi sem lítið hafa breyst í tímans rás, gamlar kirkjur, stóra dularfulla skóga og skíðahótel á heimsmælikvarða. Vinsælustu bæirnir eru Sibiu og Brasov, þar sem fróðleiksþyrstir ferðalangar ættu að vera öruggir um að finna eitthvað við sitt hæfi.



Acapulco í Mexíkó



# ampírur, danna?

**VIVA LAS VEGAS**
Brúðkaup í Las Vegas er auðvitað hálfgerð klisja, en borg syndanna hefur óneitanlega aðdráttarafl, þótt fólk hafi kannski ekki áhuga á að láta Elvis-eftirhermu í bílalúgu gifta sig. Auk spilavítanna er þar að finna nánast allt sem hugurinn girnist, svo sem háklassatónleika, skemmtigarða og einhver háþróuðustu heilsuhótel í heimi. Ætti að vera óhætt að lofa ógleymanlegri brúðkaupsferð þeirra sem leggja leið sína þangað.

**HVEITIBRAUÐSDAGAR Í MEXÍKÓ**
Acapulco í Mexíkó var einhver vinsælasti staður ungra Ameríkana á brúðkaupsferð á fimmta og sjötta áratugnum. Ekki ómerkari brúðhjón en John F. Kennedy og Jackie eyddu hveitibrauðsdögunum þar. Síðustu árin hefur Acapulco rokið upp vinsældalista brúðkaupsferðaseljenda á ný, enda býður Acapulco upp á nánast allt sem fólk dreymir um í fríinu, fallegt umhverfi, sól og hita, og hlýjan sjó sem ómótstæðilegt er að synda og kafa í. Acapulco er þar fyrir utan til þess að gera ódýr kostur, það er að segja, eftir að fólk er komið á staðinn.

Hvert sem leiðin liggur skiptir þó auðvitað mestu máli að njóta þess að vera saman og vera góð hvort við annað hvort sem stefnan er sett á fimm stjörnu hótel eða tjaldútilegu. Hveitibrauðsdagarnir hafa nefnilega forspárgildi um hamingju og endingu hjónabandsins. *- fsb*



# Lofa skal mey að morgni

**Morgungjöf er að uppruna germanskur siður brúðguma að morgni fyrsta dags nýgiftra hjóna og markaði eins konar reikningsskil á sönnun þess að brúðurin hafi reynst honum óspjölluð á brúðkaupsnóttina. Í nútíma hafa nýbakaðir eiginmenn fært konu sinni persónulega morgungjöf í nafni ástarinnar.**



Allar konur elska demanta og líta á demantaskart sem ósvikinn tryggðarpant af hálfu eiginmannsins. Persónuleg áletrun inni í hring eða aftan á hálsnisti gerir gjöfina enn hjartfólgnari.



Kisur eru margar heimilislausar og hjartnæm gjöf að gefa frúnni fagran kött sem heldur henni félagsskap þegar hennar heittelskaði er fjarri en setur líka heimilislegan brag á heimilislíf nýgiftra hjóna.



Óvænt ástarferð á rómantískar slóðir er spennandi morgungjöf, eins og til ástarhofsins Taj Mahal sem lætur engan ósnortinn.

HÓTEL BÚÐIR

*Upplifðu einstaka náttúrufegurð og gældu við bragðlaukana á óviðjafnanlegu hóteli*

Munið gjafabréfin - einstök gjöf fyrir brúðhjón, afmæli og aðrar tækifærisgjafir

*Nánari upplýsingar í s: 435 6700.*

*Velkomin á Hótel Búðir*








Hotel Budir | IS-365 Snæfellsnes | Iceland | Tel. +354 435 6700 | Fax. +354 435 6701 | budir@budir.is

# MIKIÐ ÚRVAL BRÚÐARGJAFA






*Sérstök brúðkaupsgjöf*

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum




Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir

Gildir um KitchenAid hrærivélar

**KitchenAid**

FOR THE WAY IT´S MADE



**Saeco kaffivélar**

*– mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil*

## Glænýr blandari frá KitchenAid

*- Alvöru tæki fyrir kröfuharða*



*Aðeins brot af úrvalinu.*
*Verið velkomin í verslun okkar.*

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Draumkennt augnaráð kvenna

**Löng, hnausþykk og uppbrett augnhár eru prýði hverrar konu en ekki eru allar svo heppnar að hljóta slíka augnadýrð í vöggugjöf. Nú er hægt að lengja og þykkja augnhár með eðlilegum gerviaugnhárum þannig að útkoman er náttúruleg og augnaráðið heillandi fagurt.**

„Eðlileg gerviaugnhár eru kostur sem æ fleiri konur kjósa fyrir brúðkaup, ferðalög og lífið sjálft, því þannig eru þær alltaf fínar og með sláandi flottan augnsvip, án fyrirhafnar og þess að taka nokkurn tímann um maskara,“ segir Ágústa Kristjánsdóttir snyrtifræðingur og eigandi Snyrtistofu Ágústu í Hafnarstræti, en þar er heitasta fegrunarmeðferðin nú stök, álímd gerviaugnhár sem gerir konur íðilfagrar með draumkenndan augnsvip við öll tækifæri, allan sólarhringinn.

„Það er útilokað að koma auga á að augnhárin séu óekta því hvert hár er límt ofan á náttúrulegt augnhár konunnar, þétt upp við augnlokin, og útkoman gullfalleg, uppbrett og þétt augnháralína,“ segir Ágústa sem tekur á móti konum á öllum aldri í augnháralengingu, en hægt er að velja úr mismunandi þykktum og lengdum.

„Augnhárin má hafa árið um kring en þá þarf að koma í uppfyllingu á eins og hálfs mánaðar fresti sem er líftími náttúrulegra augnhára sem losna eitt af öðru í eðlilegum vaxtarhring augnhársins,“ segir Ágústa, en gerviaugnhárin eru litekta og því óþarfi að mála þau, sem sparar konum tíma, fyrirhöfn og snyrtivörukaup.

„Munurinn er mikill og margar okkar viðskiptavina hafa skartað augnháralengingum í nokkur ár. Þeim þykir notalegt að koma í meðferðina sem tekur um tvo tíma, því nákvæmnisvinnan er mikil en á móti kemur að okkur snyrtifræðingum þykir vinnan skemmtileg og svipuð því að hekla eða prjóna á meðan viðskiptavinurinn liggur undir hlýju teppi í algerri slökun,“ segir Ágústa.

Öll efni til augnháralenginga hjá Snyrtistofu Ágústu koma frá Lash Perfect og eru ofnæmisprófuð og í hæsta gæðaflokki.

*thordis@frettabladid.is*



Hér má sjá fyrirsætuna áður en fölsku augnhárin voru sett á.



Ágústa Kristjánsdóttir segir snyrtifræðinga njóta þess að lengja augnhár kvenna því árangurinn sjáist strax og notalegt sé að dunda sér við verkið.





Endanleg útkoma er stórkostleg og augnhárin þykk, löng og fagurlöguð, en verkið tekur alls um tvo tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Slagorðið „demantur varir að eilífu“ (a diamond is forever) notaði suður-ameríska demantafyrirtækið De Beers í frægri auglýsingaherferð árið 1947. Slagorðið var valið auglýsingaslagorð síðustu aldar. Margir kannast einnig við það sem titil kvikmyndar um njósnarann James Bond (Diamonds Are Forever).



De Beers kom þeirri þumalputtareglu einnig af stað að trúlofunarhringur ætti að kosta sem nemur tveggja mánaða launum vonbiðils.

www.visindavefur.is







ESCADA

TAJ SUNSET

Kynning í Lyf og heilsu Kringlunni 14-16 apríl

15% kynningar-afsláttur




Falleg snyrtitaska fylgir hverju keyptu glasi

Lyf & heilsa Kringlunni

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, gólfbónun, teppahreinsun, gluggaþvottur & Alhliða garðaþjónusta. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja

Þarf að gera stílbrot í garðinum? GARÐAR BEST
gardarbest.is - sími 698 9334

Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
- Trjáklippingar
- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Stubbatæting
- Garðaúðun
- Þökulagnir
- Og margt fleira
Traust þjónusta í 20 ár
554-1989
Gardlist.is

Alhliða garðþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
Tökum að okkur alhliða garðavinnu og hreinsun. Klippum og fellum tré, jarðvegsskiptum, helluleggjum, þökuleggjum, beðahreinsum, sláum og fleira.
Vönduð vinnubrögð!
Róbert S. 866 9767

Láttu fagmenn vinna verkið.
Hellulagnir
Jarðvegsskipti
Drenlagnir og
öll önnur jarðvegsvinna.
Vönduð vinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Bjössi 696 6676
www.hellulagnir.is

HreinirGarðar
Trjáklippingar og trjáfellingar
www.hreinirgardar.is
S.571-2000

**Beðaþjónusta Rvk**
Lofum lægra verði. Einungis fagmenn. S. 669 0011, Eiríkur.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör ehf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Framtöl - bókhald- ársreikningar. Mikil reynsla - sanngjarnt verð. www.fob.is s. 517-3977

## Málarar

**Málarar**
Alhliða málingarþjónusta, getum bætt við okkur verkefnum inni og úti, hagstæð verð í boði. S. 823 8547.

Málningaþjónusta Reykjavíkur



**20% afsláttur út apríl**
Fagleg vinnubrögð. Margra ára reynsla. Fáðu tilboð strax í dag, þér að kostnaðarlausu. Haukur, S. 669 0044.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna tilb./tímav. S. 899 4254.

Flisaverk.is
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö
Niðurrif - Förgun - Pípulagnir - Rafmagn - Múrverk -Smíðavinna- Flísalagnir -Yfirförum ofnalagnir
Þú þarft ekki að leita lengra við sjáum um allt.
Sími 553 2200
kristjan@flisaverk.is



**Handriðaplast**
Útvegum og setjum á handriðaplast, margir litir. Uppl. Dúkarinn Óli Már s. 699 4418.

# Þjónustuauglýsingar

Komdu Skemmtilega á óvart.
Bókun í síma 847 3883
ICELIMO
Lúxusbílaþjónusta
www.icelimo.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Gabriel demparar í 40 ár
Gabriel
GS varahlutir
Bíldshöfða 14 • Rvk • S. 567 6744 • gsvarahlutir.is

Trúin flytur fjöll við flytjum allt annað
553 5050
Allir bílar með posa
SENDIBÍLASTÖÐIN H.F
Klettagarðar 1 // Sími: 553 5050 og 533 1000
www.sendibilastodin.is // stodin@sendibilastodin.is

CARGO sendibílaleiga
566 5030
www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.
Krefst ekki meiriprófs réttinda

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

BOMAG
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Vagnhöfða 5

IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Vagnhöfða 5

NEW HOLLAND CONSTRUCTION
Varahluta- og viðgerðarþjónusta
New Holland – O&K – Fiat – Fiat Hitachi
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar: 555 6670 / 892 3996 • www.velanaust.is

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

freud®
Hjólsagarblöð
Skerping ehf.
Smiðjuvegi 11 200 Kópavogi Sími. 564 2488 Gul Gata

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn- verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

B.S.VERKTAKAR
Málun bílastæða
Vélsópun
Malbiksviðgerðir
Bílastæðaskilti
Hellulagnir
5514000-www.verktak.is

GARÐÁLFARNIR
GARÐAÞJÓNUSTA
Trjáklippingar
Trjáfellingar
Sláttur
Heimaþúttvellir
Fáið tilboð ykkur að kostnaðarlausu!
577 4444

DAKIN FLATHERS
Bandsagarblöð

# Alla fimmtudaga

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir
Fáðu upplýsingar í síma 567 6699
vidhald@vidhald.is

**Steinslípun Kjarnaborun Steinsögun**
Litli klettur
Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu
Litliklettur.is – s: 699-0355

**HAMRABORG ehf**
Þakpappaþjónusta
Viðgerðir á PVC dúk
Almennar húsaviðgerðir
Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

**LP VERK**
SÍMI: 698 6738
Allar almennar húsaviðgerðir !!
Múrarar
Smiðir
Flísalagnir
Málarar
Rafvirkjar
Píparar
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu !
WWW.LP-VERK.IS

**SG Steingæði slf Alhliða húsaviðgerðir**
Getum bætt við okkur í flísalögn, pípulögn, múrverki, málingu, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum.
Uppl. í síma 899 2420.

**Húsaviðgerðir**
Tökum að okkur viðhald húseigna td. múr, flotun, húsa-og þakmálun, rennur og niðurföll ofl. Áralöng reynsla. Hafið samband og fáið raunsætt tilboð í s. 666 1974 Þórður eða 666 1975 Ingvi.

## Tölvur

**tölvuhjálp!**
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 8216839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

PERFECT MASSAGE WITH TWO OR FOUR HANDS 659 62 69

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

Whole body massage. S. 849 5247.

New whole body massage. S. 864 8449, Isabella.

THE BEST!!!LUXURY WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME! !869 8602.

## Spádómar

www.orlagalinan.is
**Örlaga línan**
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

**661 3839 - Símaspá**
Tímapantanir frá kl. 13.00. um helgar og 16 virka daga.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spámiðlun - árulestur - heilun. Laugardaga í miðbænum. Hólmfríður. 867 3647. www.spamidill.is

**KÆRLEIKS-LJÓSIÐ**
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 869 4650

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

Lög.g Rafvirki getur tekið að sér verkefni. Gott verð í boði. Uppl S: 698 1524.

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

## Trésmíði

Smiðir geta bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 856 5555.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI VIÐSKIPTI
vísir

**Sími 512 5407**

**TROPHY 4.6 TRUGGY**
HPI Trophy Truggy 4,6
Öflugur fjarstýrður bensíntrukkur,
Tómstundahúsið
Nethyl 2, Sími: 587 0600, www.tomstundahusid.is

**ALLT EFNI TIL SKARTGRIPAGERÐAR**
Glernámskeið, leirmótunarnámskeið og ýmis skartgripanámskeið.
Mikið úrval af skartgripaefni, gott verð.
Allt til glervinnslu og leirvinnslu.
www.glit.is
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411

**Frábæru minimizer haldararnir sem Oprah mælir með komnir.**
Verð 7.990 kr. Litir svart og hvítt
st. 36C-40DDD
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

**FJÖLSKYLDUTILBOÐ**
THAI – GRILL
Thaigrill.is
Hagamel 67
562 8333
Fjórir réttir fyrir fjóra
Kjúklingur kókos og chili
Svínakjöt m/ cashewhnetum
Djúpsteiktar rækjur
Steiktar eggjanúðlur
Hrísgrjón & sósa
Kr. 4000.-

**RESTAURANT Thai food.is TAKE AWAY**
Lóuhólar 6 - Hólagarði
Pöntunarsími 567 2300

**Bekkjarparty - Afmælis veislur**
ÓKEYPIS SALUR! ÓDÝRAR FERMINGARVEISLUR!
Stúdíó 29
Laugavegur 101
Sími 511 3032 & 861 2319

**XPRENT**
-merkir allt!
Prentun, merkingar, filmur, frágangur ofl.
www.xprent.is - s.777 2700 - xprent@xprent.is

**OSEA Öryggiskerfi**
Vertu þinn eigin öryggisvörður og áttu þitt eigið öryggiskerfi.
Tilboðsverð kr. 36.136
1 stk. hreyfiskynjari
1 stk. hurðaskynjari
2 stk. fjarstýringar
Dalvegi 16b s:554-2727
Hugna.is

**FJARÐARBÓLSTRUN ehf** Sími 864-4188
Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta.
Metum og gerum við.
Margra ára reynsla.
Netfang: www.fjardarbolstrun.is
Sími: 864-4188

**[ AIS Fyrir Báta og Skip ]**
AIS Class – A
AIS Class – B
AIS Class – B með skjá
Betri búnaður - Betra verð
Elcon ehf • sími 5529510 • elcon@simnet.is

**VICTORIA SALON & SPA**
SUMAR TILBOÐ:
HÚÐHREINSUN - VERÐ: 4.900 KR.
50 MÍN HEILSUNUDD VERÐ: 4.900 KR.
VICTORIA SALON & SPA LAUGAVEGI 178 S: 611-5500

**Hleðslugrjót og garðamold**
Til sölu:
- Holtagrjót og sprengigrjót í hleðslur - til í ýmsum stærðarflokkum
- Sérunnin garðamold í beð og undir torf

s. 660 6101
s. 545 1805
VERKTAKAR MAGNI

**CMT sagarblöð og fræsitennur**
CMT ORANGE TOOLS
Ásborg vélar og verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

**PAKKASENDINGAR**
Reykjavík
Selfoss
Reykjavík
Selfoss
2 ferðir á dag
772 6010 www.netpartar.is
Opið alla daga kl. 8–18

**Bón & þvottur**
Vatnagörðum 16
Alþrif á fólksbílum frá 8.500 kr.
Opið frá 8-18 virka daga.
Sími 551 7740.

gunny@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is

## Vespur

Til sölu Rafmagnsvespur 904z. Gullmolinn fyrir 101. V. 185 þús. Uppl. í s. 693 3730.

## Fjórhjól



Polaris sportsman 800x2 ek. 1800km, 14" álfelgur radialdekk, spil, dráttarkrókur ofl. Litur út sem nýtt. Uppl. í s. 847 4849.

## Reiðhjól




**Kría Hjól**
Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól. Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.534 9164. kriacycles.com




## Fellihýsi

Til sölu Starcraft RT10, 10 feta fellihýsi. Mjög lítið notað og vel með farið. Uppl. í s. 892 8945.

## Pallhýsi



**Örfá pallhýsi**
Sun-lite/Shadow Cruiser árg. 2005-2007, Passar á alla pallbíla. 7 feet, Ísskápur, Eldavél, Miðstöð, Kaltvatn. 12V/230V. Myndir á www.pallhysi.is Uppl. í síma 849 2220.

## Vinnuvélar




## Hjólbarðar

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

**!!!TIL SÖLU!!!**
Ný næstum ónotuð Firestone Dekk til sölu. P 215/75 R15 Gerð winterforce. Uppl: 772-6238 /Einar b.

## Bílaþjónusta



INNI VINNULYFTUR - PASSA INN UM 90CM HURÐARGÖT OG FARA Í 4,9m VINNUHÆÐ. EINNIG STÆRRI LYFTUR TIL LEIGU Á FRÁBÆRU VERÐI. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is




Flytjum vinnuvélar og bifreiðar af öllum gerðum. VAKA SÍMI: 5676700




MOTHERS Bón & Bílhreinsivörurnar fást hjá WWW.MOTHERS.is og hjá Höfðabílum Fosshálsi 27 fyrir ofan Ölgerðina S.8982832 eða mothers@mothers.is

## Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Baleno '97 , Primera '98, Elantra '98, Almera '98. S. 896 8568.

**Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is japvel@carparts.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**VW, Skoda, Audi, Pajero - varahlutir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Fókus, M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 666 6555. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**Hringbraut.is**
Til sölu notaðir varahlutir í ýmsar teg bifreiða. Kaupum bíla til niðurrifs. Erum þjónustuaðili fyrir Úrvinnslusjóð. Opið 8-17. Uppls.420-1200

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Kæliklefi 2,79x2,63m auðveldur í uppsetningu, hljóðlátur, 3 ára. Verð 600þús (nýr 1,3m.) Uppl. í s. 892 3102.

Tæki fyrir fisk- eða kjötbúð: Kæliborð (2,5 metrar) nýupptekin pressa, mjög snyrtilegt - vönduð tölvuvigt frá Prentmet með límmiðaprentara - flottir bakkar undir matvæli í kæliborð. Selst saman á mjög sanngjörnu verði. Upplýsingar í síma 898 6902.

Ísskápar, þvottavélar,eldavél á 15þ, stálvaskar á 5þ, uppþvottavélar, þurrkarar, barnaþríhjól, barnahjól, sjónvörp, Tölvuflatskjár, Gaggenau ofn, Toyota Corolla XLI árg.'95 S. 896 8568.

Fyrstur kemur fyrstur fær, einstök mynd til sölu. Þrykkt í íbenholt. Uppl. í s. 865 9890.

**ÞVOTTAVÉLAR**
Til sölu notaðar þvottavélar, þurrkarar, 5-10 kg. og uppþvottavélar. Tökum bilaðar vélar uppí. Varahlutir á góðu verði. Opið alla daga 10:00- 18:00 Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847 5545.







**Fermingartilboð í apríl**
10% afsláttur af öllum saltkristalslömpum -kertastjökum. 20% afsláttur af krosslömpum á meðan birgðir endast. 30% afsláttur á tilboðsborðinu. Opið mán-fös 12-18, lau 12-16 Ditto, Smiðjuvegi 4, (græn gata)

## Bílar til sölu



## Fasteignir

**LYNGVÍK**
FASTEIGNASALA
SÍÐUMÚLA 33 108 REYKJAVÍK SÍMI: 588-9490

### TIL SÖLU EINN GLÆSILEGASTI VEISLUSALUR LANDSINS



Í EIGIN HÚSNÆÐI Á GÓÐUM STAÐ Í SALAHVERFI Í AUSTURHLUTA KÓPAVOGS MEÐ GÓÐU ÚTSÝNI. SALURINN SEM ER GLÆSILEGA INNRÉTTAÐUR ER 312 FM TEKUR 140 MANNS Í SÆTI, ÁSAMT BARAÐSTÖÐU OG SETUSTOFU, EINNIG FYLGJA 260 FM HELLULAGÐAR SVALIR SEM ERU MIKIÐ NOTAÐAR Á GÓÐVIÐRISDÖGUM.

**ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR STEINAR S. JÓNSSON Á LYNGVÍK Í S: 898-5254**

SIGRÚN GISSURARDÓTTIR LÖGG. FASTEIGNASALI

## Atvinna

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

### Móttökustjóri á Grand Hótel Reykjavík

**Óskum eftir að ráða móttökustjóra í gestamóttöku hótelsins.**

**Helstu verkefni**
- Dagleg stjórnun gestamóttöku
- Aðstoða við bókanir
- Umsjón með vaktaplönum
- Ráðning starfsfólks í gestamóttöku
- Samskipti við viðskiptavini

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af störfum í ferðaþjónustu
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Góð tungumálakunnátta
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á bókunarkerfi
- Almenn tölvuþekking
- Sjálfstæð og ögðuð vinnubrögð

Vinnutími er frá 8-17

Viðkomandi þurfa að geta hafið störf fljótlega.
Umsóknir með upplýsingum um menntun, reynslu og fyrri störf sendist á starf@grand.is

Stefna hótelsins er að jafna hlut kynja í stjórnunarstörfum, sem og öðrum störfum.

## Tilkynningar

FISKISTOFA

### Umsóknir um byggðakvóta

**Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2010/2011 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 999, 17. desember 2010**

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráð byggðalag sbr. auglýsingu nr. 364/2011 í Stjórnartíðindum.

**Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:**

**Ísafjarðarbær (Flateyri)**
Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. apríl 2011.**

Fiskistofa, 12. apríl 2011.

City Runner



**Heimilisþjófavörn**
Þjófavörn fyrir heimahús, hringir í 3 símanúmer. Örfá stk eftir.

Eigum nokkur stk. 80cc kitt í 4 gengis skellinöðrur. Viðgerðarmaður setur þær í fyrir þig. Erum að selja nokkrar notaðar 50cc vespur.

**City Runner ehf**
**Laugarvegur 168, 105 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Opið frá 13 til 18 mánudaga til föstudaga.**




Klassískur gítar full stærð poki,neglur og kennsludiskur Kr:16.900,- Gítarinn ehf,Stórhöfða 27 Sími:552 2125,www gitarinn.is, gitarinn@gitarinn.is.

## Óskast keypt

Byggingarefni óskast. Var að kaupa fokhelt hús og vantar allt. T.d 400fm gifs. og 300fm þakeinangrun 200mm. Rafmangstöflu, bílskúrshurðar o.fl. Sími 867 7604.

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Hljóðfæri

Til leigu gott æfingarhúsnæði fyrir hljómsveit, laust nú þegar. S. 894 3755.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

HURÐASKILTI
Apríltilboð
2.600 kr.
BOÐI Stimplagerð
Bolholti 6, Rvk.
Sími 511-1400

bathmate
Bathmate er nú með CE vottun!
*Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!*
Pantana & upplýsingasími
849 0698
www.bathmate.is

7 rósir 990 kr.
Dalía
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120

HEILSA

## Heilsuvörur

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Heilsuvörur Herbalife, frí ráðgjöf. 8918902 asta@dagamunur.is www.dagamunur.is

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Tailenskt heilsunudd. Joom nuddari, Bolholti 4. S. 892 3899.

**NUDD - FÓTAAÐGERÐIR**
Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreifingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280

Ódýrir og vandaðir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. S. 891 6447, Óli.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

## Antík

OKEYPIS. Húsgögn, eldhúsahöld, heimilismunir. OPIÐ HUS, Fimmtud. 14.4 frá 16-21, Ljósheimar 12 A 3H TV (þriðju dyr, Anna Eliasson a dyrabjöllu niðri) SJONVARP, 32", flatskjár á 30 þús. Simi 55 368 31.

## Dýrahald

icelandichusky.com

HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Einstaklingsíbúð í Seljahv. til leigu, laus strax, ekki baðaðstaða, snyrtimennska og reglusemi áskilin. Uppl. í síma 899 8195.

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM RVK**
**Dags, viku og mánaðarleiga.**
**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG**
**sími 896 4661**

Tvær íbúðir til leigu á eskivöllum önnur 2.herb. laus strax hin 4.herb laus 1.mai S. 699 5532 Agnar.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

ROOM f/RENT W/FURNITURE in 108 RVK NEAR KRINGLA ALSO 109/111 BREIÐHOLT 8973611

## Húsnæði óskast

Vantar 4 herb. íbúð eða hús í Moso uppl. 660 6707.

Óska eftir 2 herb. íbúð í langtímaleigu á stór reykjavíkursvæðinu. Öruggar greiðslur. S. 692 5008 eða handri@simnet.is

## Sumarbústaðir



Framleiðum sumarhús, 20 ára reynsla, sjá heimasíðu: sumarhus.com s. 615-2500.

## Atvinnuhúsnæði

Til sölu 50fm atvinnu/geymslu húsnæði í Faxafeni. V. 4,7 millj. Uppl. í s. 897 1012.

Atvinnuhúsnæði til leigu í mosfelsbæ. 160 fm, hátt til lofts, stór innkeyrsluhurð. 120þús. á mán. S. 820 4939.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Bílskúr

**BÍLSKÚRSHURÐIR OG OPNARAR**
UPPSETNING, VIÐHALD, VIÐGERÐIR 30 ára reynsla.. Hringið í síma 892 7285

ATVINNA

## Atvinna í boði

Óska eftir vinnukonu í sauðburð á Suðurlandi þyrfti að koma fljótlega. Nauðsynlegt að kunna á vélar og tæki. Uppl. í s. 864 2146 & 487 4791

TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn.

## Fundir / Mannfagnaður

### Verkalýðsfélagið Hlíf

Reykjavíkurvegi 64 - 220 Hafnarfirðður - Sími 510 0800 Fax 510 0809 - Netfang hlif@hlif.is

# AÐALFUNDUR

Aðalfundur Verkalýðsfélagsins Hlífar verður haldinn fimmtudaginn 14. apríl 2011 kl: 20:00, í Skútunni, Hólshrauni 3. Hafnarfirði.

**Dagskrá:**

1. **Venjuleg aðalfundarstörf.**
   Breyting á reglugerð Sjúkrassjóðs.
2. **Kosning í kjörstjórn.**
3. **Önnur mál.**

Kaffiveitingar.

Stjórnin.

## Fundir / Mannfagnaður

# AÐALFUNDUR

Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurnesja verður haldinn **föstudaginn 29. apríl nk. kl. 15.00** í sal Verslunarmannafélags Suðurnesja að Vatnsnesvegi 14, Reykjanesbæ.

**Dagskrá**
- Venjuleg aðalfundarstörf
- Önnur mál

Stjórnin



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
LÆGRA VÖRUVERÐ Í 22 ÁR !
198 KR. 400ml.
BÓNUS KALDAR SÓSUR 400ml
Sérskorið ferskt Bónus lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
1359 KR.KG
ÍSLANDSLAMB SÉRSKORIÐ FERSKT LAMBALÆRI
ÍSLANDS LAMB
18 SALERNISRÚLLUR
598 KR.PK
BÓNUS WC PAPPÍR 18 RÚLLUR
Feti
295 KR. 250 g.
BÓNUS FETA OSTUR
Hrásalat
159 KR. 350 g.
BÓNUS HRÁSALAT
Vanillu Ís 2
Jarðarberja Ís 2 lítrar
Súkkulaði Ís 2
298 KR. 2 ltr
Appelsín
Kolsýrt vatn
159 KR. 2 LTR
BÓNUS APPELSÍN
159 KR. 2 LTR
BÓNUS KOLSÝRT VATN
6 ELDHÚSRÚLLUR
598 KR.PK
BÓNUS 6 ELDHÚSRÚLLUR
198 KR. 4 stk.
BÓNUS MJÚKAR KRINGLUR
459 KR.150g
BÓNUS LAMBHAGASALAT
Kornbrauð
198 KR. 1 kg
BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG./ 26 SNEIÐAR
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
FRÁBÆRT VERÐ Á ÍSLENSKUM BÓNUSVÖRUM
Túnfisk salat
Rækju salat
198 KR.KG
BÓNUS BRAUÐSALÖT
Pipar sósa
Hvítlauks sósa
198 KR. 270ml.
BÓNUS GRILLSÓSUR
SÝRÐUR RJÓMI
139 KR. 185ml.
BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI 10% OG 18%
PIZZASÓSA
198 KR. 430 g
BÓNUS PIZZASÓSA
Hummus
259 KR. 220g
BÓNUS HUMMUS
Florida
195 KR. 1 ltr
BÓNUS FERSKUR FLORIDA SAFI
RÍSEGG
298 KR. 4 STK
BÓNUS RÍSEGG MEÐ MÁLSHÆTTI
BÓNUS Kjúklingur Bringur
1959 KR.KG
BÓNUS KJÚKLINGABRINGUR
129 KR. STK.
BÓNUS NÝBAKAÐ BAGUETTE
AFMÆLISTILBOÐ
1998 KR. 1 KG
BÓNUS SAMA VERÐ OG Í FYRRA
Góður tilbúinn matur fyrir 3-4 aðeins 998 kr.bakkinn
ÓDÝRT -FLJÓTLEGT ÞÆGILEGT
ÞARF AÐEINS AÐ HITA!
BÓNUS BURRITOS 4 STK
BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE
BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** óviljugur, **6.** eftir hádegi, **8.** skar, **9.** er, **11.** tveir eins, **12.** skjögra, **14.** veira, **16.** ætíð, **17.** þrá, **18.** tæra, **20.** númer, **21.** skrifa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** sæti, **3.** íþróttafélag, **4.** niðurstaða, **5.** sunna, **7.** kvalastaður, **10.** mánuður, **13.** æxlunarkorn, **15.** skrifa, **16.** haf, **19.** strit.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ófús, **6.** eh, **8.** hró, **9.** sem, **11.** ll, **12.** slaga, **14.** vírus, **16.** sí, **17.** ósk, **18.** æta, **20.** nr, **21.** rita.
**LÓÐRÉTT: 1.** sess, **3.** fh, **4.** úrlausn, **5.** sól, **7.** helvíti, **10.** maí, **13.** gró, **15.** skrá, **16.** sær, **19.** at.










# Vínarskólinn og veðurofsi

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**



Ég reyndi árangurslaust að koma mér þægilega fyrir á hörðum stólnum. Sneri mér á alla kanta og studdi hönd undir kinn. Þurfti helst að sofna en vissi að það væri borin von. Ég hef alltaf öfundað þá sem geta sofnað nánast hvar sem er, standandi upp á endann ef því er að skipta. Ég var strandaglópur á flugvelli í erlendri borg og klukkan var langt gengin yfir miðnætti.

**BROTTFARARTÍMI** flugvélarinnar var löngu liðinn. Engar upplýsingar höfðu þó enn birst á skjánum um tafir eða nýjan brottfarartíma og því ekkert annað að gera en bíða. Óljósar fréttir höfðu borist af óveðri heima á Íslandi sem tafði flug, en þeim var erfitt að trúa þar sem hitinn hafði farið upp í 17 gráður þennan dag í útlandinu og sólin hafði sviðið á mér nefbroddinn.

**MÍNÚTURNAR** siluðust áfram. Ég reyndi að lesa, leggjast fram á borðið og dotta, labba hring um stöðina í leit að betri sætum. Íhugaði að leggjast á gólfið úti í horni til svefns, en kunni ekki við það. Ég maulaði kanilsnúða sem ég hafði orðið mér úti um í sjoppu, sem betur fer því á vellinum var allt lokað og ekkert ætilegt að hafa. Það var helst að ég festi blund við skraf tveggja ferðafélaga minna um tónskáld fyrri alda. Orð eins og Vínarskólinn, Webern og Schönberg hljómuðu eins og ágætis vögguvísa í eyrunum.

**MÖRGUM** óþægilegum klukkustundum síðar dró loks til tíðinda; von var á vélinni frá Íslandi innan skamms og þá styttist í brottför. Eftir skrykkjótta flugferð heim og óheyrilega langa bið eftir farangri, rútuferð í slyddu og leigubíl síðasta spölinn stóð ég loksins á tröppunum heima. Ég barmaði mér yfir svefnleysinu og bar mig aumlega eftir næturlanga bið á flugvellinum. Gerði mikið úr aumum vöðvum og kvartaði undan lélegu upplýsingaflæði flugfélagsins og lagðist svo til svefns í mjúku rúmi.

**ÞAÐ** var ekki fyrr en ég vaknaði síðdegis endurnærð að ég kíkti betur á fréttir. Þar las ég um fólk sem einnig hafði lent í töfum vegna óveðursins. Ég snarhætti að barma mér. Meðan ég sat inni í rúmgóðri flugstöðinni um nóttina og hlustaði á skraf um klassískar tónsmíðar höfðu aðrir setið fastir í flugvél á Keflavíkurflugvelli og horft á þakplöturnar fljúga hjá í veðurofsanum.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# PÁSKA TILBOÐ

**OPIÐ ALLA HELGINA • STÚTFULLAR VERSLANIR AF TILBOÐUM**




**ALLT AÐ 50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM**

**0% VEXTIR**
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

NÓI SÍRÍUS
**RISA PÁSKAEGG**
STÓRT PÁSKAEGG NR.7 FRÁ NÓA FYLGIR FYRSTU 100 TÖLVUNUM

acer ASUS hp lenovo packard bell SONY TOSHIBA

**OPIÐ ALLA HELGINA**
Í dag og föstudag
10:00 - 19:00
Laugardag
11:00 - 18:00
Sunnudag
13:00 - 17:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# menning

menning@frettabladid.is

**LJÚFUR LJÓÐASÖNGUR** Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzosópran heldur ljóðasöngtónleika í Salnum á laugardag. Með henni á tónleikunum eru þær Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari. Tónleikarnir verða í Salnum á laugardag og hefjast klukkan 17.00. Eru þetta síðustu tónleikarnir þennan veturinn í Tíbrárröð Salarins.

## Norræn höfundakvöld

Svonefnd höfundakvöld hefja göngu sína í Norræna húsinu í kvöld klukkan átta. Þau snúast um norræna höfunda en nokkrir úr hópi þeirra munu sækja Ísland heim á næstu mánuðum og hitta fyrir íslenska lesendur. Kvöldið verður tileinkað grænlenskum höfundum en þau Kristian Olsen Aaju og Mariane Petersen kynna þá verk sín.

Kristian Olsen Aaju er þekktur sem rithöfundur, ljóðskáld og listamaður. Bækur hans fjalla um átökin milli horfins veiðimannasamfélags og iðnaðarsamfélags dagsins í dag. Þess má geta að bók hans, Det tatoverede budskap, var tilnefnd til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Mariane Petersen er þýðandi og ljóðskáld. Ljóðasafnið Storfangerens efterkommere eftir hana kom nýverið út og sló í gegn á Grænlandi. Jórunn Sigurðardóttir, dagskrárgerðarkona á RÚV, mun ræða við bæði skáldin um verk þeirra og innblástur. - sbt


METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

06.04.11 - 12.04.11


1 Morð og möndlulykt
Camilla Läckberg



2 Konan í búrinu - kilja
Jussi Adler Olsen


3 Mundu mig, ég man þig
kilja - Dorothy Koomson


4 Djöflastjarnan - kilja
Jo Nesbø


5 Betri næring - betra líf
Kolbrún Björnsdóttir


6 Á réttri hillu
Árelía Eydís Guðmundsdóttir


7 Ég man þig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir


8 Myrkraslóð - kilja
Åsa Larsson


9 Handbók um íslensku
Jóhannes B. Sigtryggsson ritst.


10 Máttur viljans
Guðni Gunnarsson

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872








**MÁLNINGIN VART ÞORNUÐ** Eggert Pétursson málaði þessa mynd sérstaklega fyrir uppboðið til styrktar náttúrusjóðnum Auðlind, sem berst fyrir endurheimt votlendis á Íslandi. Hin verkin eru ljós eftir Ólaf Elíasson og ljósmynd eftir Magnús Sigurðarson. MYND/I8

# Nútímalist boðin upp í þágu votlendis á Íslandi

**Þrjátíu og átta listaverk eftir íslenska og erlenda samtímalistamenn verða boðin upp í Þjóðmenningarhúsinu á þriðjudag. Verkin verða öll til sýnis í i8 galleríi frá og með morgundeginum fram að uppboði. Uppboðið er til styrktar náttúrusjóðnum Auðlind. Listamenn í fremstu röð gáfu verk sín fúslega, segir Börkur Arnarson hjá i8.**

Sýning á 38 samtímalistaverkum verður opnuð í gallerí i8 á morgun, föstudaginn 15. apríl. Verkin eiga það öll sammerkt að þau verða boðin upp næsta þriðjudag og rennur afraksturinn allur til náttúrusjóðsins Auðlindar, sem vinnur að endurheimt landgæða á Íslandi með höfuðáherslu á votlendi. Að sögn Þrastar Ólafssonar, formanns stjórnar Auðlindar, bar sýninguna að með þeim hætti að hafði var samband við Börk Arnarson hjá i8 og falast eftir samstarfi við hann. „Okkur hjá Auðlind þótti afar gaman að sjá hvað listamennirnir tóku vel í málaleitan okkar,“ segir Þröstur. Börkur segir að hann hafi um skeið haft hug á að styrkja gott málefni í samstarfi við listamenn og þetta verkefni hafi heillað. Afraksturinn sé svo mjög góður. „Ég er mjög ánægður með samsetninguna á verkunum og tel að sýningin endurspegli samtímalist afar vel,“ segir Börkur og tekur undir með Þresti að listamennirnir hafi tekið umleitan hans afar vel. „Listamennirnir virtust flestir vera sammála um ágæti og þörf málefnisins.“ Börkur valdi listamenn til samstarfs og eru verkin sem þeir gáfu flest ný. Þess má geta að þetta er í fyrsta sinn sem i8 stendur að uppboði.

„Flestir listamannanna eru enn starfandi, en tveir reyndar látnir, Birgir Andrésson og Dieter Roth. Óhætt að segja að verkin séu fjölbreytt, þarna eru bæði málverk, skúlptúrar, ljósmyndir og nokkur verkanna hafa ekki sést áður,“ segir Börkur sem telur gott tækifæri til að gera góð kaup á samtímalist næsta þriðjudag. Spurður um heildarverðmæti verkanna vildi hann ekki gefa það upp en sagði þau vera á verðbilinu 30.000 til rúmrar milljónar króna.

Sýningin verður opnuð klukkan 17 á morgun og verður opin fram á þriðjudag. Uppboðið fer fram í Þjóðmenningarhúsinu á þriðjudag klukkan 18.

sigridur@frettabladid.is


„Ljóðið rúllar“








Ljóðaþýðingar
Einars Thoroddsens
á ljóðabálki Heines,
**Þýskaland –**
**Vetrarævintýri,**
eru komnar út.

*Tvímála útgáfa*
*á íslensku og þýsku*

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is


Bókasafnsdagurinn 14. apríl 2011
Komdu á bókasafnið
SKISSA
Bókasafn
heilsulind hugans


FOO FIGHTERS


BATTLES

## > Í SPILARANUM

Foo Fighters - Wasting Light
Atmosphere - Family Sign
Steve Sampling - The Optimist
The Feelies - Here Before
Battles - Gloss Drop

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Dóp og kynlíf í nýrri ævisögu


**ÓLIFNAÐUR** Sjálfsævisaga Tylers verður uppfull af kynlífs- og eiturlyfjasögum.

Steven Tyler, söngvari Aerosmith, segir að væntanleg sjálfsævisaga sín verði uppfull af ólifnaði, þar á meðal kynlífs- og eiturlyfjasögum.

Bókin nefnist Does the Noise in My Head Bother You? og kemur út 3. maí. „Þetta verður persónuleg og djörf saga um Steven Tyler þar sem ekkert verður dregið undan," sagði söngvarinn. Fjallað verður um skilnað hans við aðra eiginkonu sína, áfengismeðferðina sem hann hefur gengist undir, baráttu hans við lifrarbólgu C og opinberar deilur hans við félaga sína í Aerosmith. Tyler, sem er 63 ára, hefur áður gefið út ævisöguna Walk This Way árið 1997 í samstarfi við hljómsveitina.

Söngvarinn hefur vakið athygli í vetur fyrir góða frammistöðu sem dómari í þáttunum American Idol og skemmir sú athygli sem hann fær þar væntanlega ekki fyrir sölu á nýju bókinni.



## > PLATA VIKUNNAR

Megas og Senuþjófarnir – (Hugboð um) vandræði

★★★★

„Enn ein gæðaplatan frá Megasi og Senuþjófunum." TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Safarík dagskrá fram undan*

Iceland Airwaves í Reykjavík og Aldrei fór ég suður á Ísafirði hafa verið flottustu tónlistarhátíðir landsins undanfarin ár. Airwaves einokar sviðið í októbermánuði og Aldrei fór ég suður er fastur passi um páskana hjá mörgum. Það hefur hins vegar verið frekar lítið að gerast á vordögum í höfuðborginni. Tónlistarhátíðin Reykjavík Music Mess, sem hefst á morgun og stendur fram á sunnudagskvöld, er tilraun til að breyta því.

Dagskráin lofar mjög góðu. Í fyrsta lagi spila á hátíðinni margir af heitustu tónlistarmönnnum Íslands, þ.á m. Agent Fresco, Sudden Weather Change, Miri, Kimono, Sóley, Swords of Chaos, Ég, Sin Fang, Nolo og Quadruplos og í öðru lagi eru nokkur vel valin útlend nöfn. Þar ber auðvitað hæst bandarísku sveitina Deerhunter, en að auki koma að utan danska keyrslurokkdúóið Fossils, grænlenska söngkonan Nive Nielsen, Baltimore indie-sveitin Lower Dens og finnski raftónlistarbrjálæðingurinn Tomutonttu, sem ég er mjög spenntur fyrir því að sjá. Tomutonttu er listamannsnafn Jans Anderzen, en hann spilar tilraunakennda og á köflum hamslausa raftónlist.

Og svo eru þarna líka nöfn eins og AMFJ, Kippi kanínus, Mugison, Einar Örn ásamt SWC og Lazyblood sem er dúó skipað Ernu Ómarsdóttur dansara og Valda gítarleikara úr Reykjavík, en þau eru að vinna að sinni fyrstu plötu. Og mörg fleiri.

Semsagt nóg af djúsi! Hátíðin fer fram í Norræna húsinu og á Nasa og Sódómu. Upplýsingar og tóndæmi má finna á www.reykjavikmusicmess.com.


**RAFTÓNLISTARBRJÁLÆÐINGUR** Hinn finnski Tomutonttu er á meðal þeirra sem koma fram á hátíðinni Reykjavík Music Mess.


**STOFNANDI** Söngvarinn Tunde Adebimpe er annar af stofnmeðlimum hljómsveitarinnar TV on the Radio sem var að senda frá sér nýja plötu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Spennandi tónlistarkokkteill

**TV on the Radio frá Brooklyn í New York hefur gefið út plötuna Nine Types of Light. Hljómsveitin er þekkt fyrir að hrista saman ýmsar tónlistarstefnur í litríkan og bragðgóðan kokkteil.**

Bandaríska hljómsveitin TV on the Radio hefur frá upphafi blandað saman ýmsum tónlistarstefnum, þar á meðal rokki, fönki, danstónlist, djassi og sálartónlist með athyglisverðum árangri. Nýjasta hljóðversplata sveitarinnar, Nine Types of Light, er nýkomin út og fylgir hún eftir hinni vel heppnuðu Dear Science sem kom út fyrir þremur árum.

TV on the Radio var stofnuð í Brooklyn í New York árið 2001 af söngvaranum Tunde Adebimpe, sem er ættaður frá Nígeríu, og gítar- og hljómborðsleikaranum David Andrew Sitek. Fyrsta platan, Ok Calculator, kom út árið 2002 og var gefin út af þeim Adebimpe og Sitek. Skömmu síðar gekk Kyp Malone til liðs við þá félaga og út kom EP-platan Young Liars sem fékk fínar viðtökur gagnrýnenda. Á svipuðum tíma spilaði TV on the Radio á Iceland Airwaves hátíðinni þar sem hún sýndi og sannaði að stórir hlutir væru í vændum.

Árið 2004 kom út fyrsta „alvöru" hljóðversplata sveitarinnar, Desperate Youth, Blood Thirsty Babes, og hlaut hún hin virtu Shortlist-tónlistarverðlaun í Bandaríkjunum. Tilnefningar til þeirra fá þær plötur sem hafa selst undir hálfri milljón eintaka og hlaut til að mynda Sigur Rós þessi sömu verðlaun fyrir Ágætis byrjun þegar þau voru fyrst veitt 2001.

Næsta hljóðversplata TV on the Radio, Return to Cookie Mountain, kom út 2006. Hún fékk mjög góða dóma og var kjörin plata ársins af tímaritinu Spin. Góðir gestir komu þar við sögu, meðal annars David Bowie, sem hafði áður lýst yfir aðdáun sinni á sveitinni. Fjórða platan, Dear Science, kom svo út tveimur árum síðar. Hún hlaut enn betri dóma og jók vinsældir TV on the Radio til muna. Rolling Stone, Pitchfork, Spin og Guardian hrifust af innihaldinu og völdu Dear Science bestu plötu ársins.

Árið 2009 tilkynnti Tunde Adebimpe að TV on the Radio ætlaði í árs frí. Sama ár gaf Kyp Malone út sólóplötu undir nafninu Rain Machine og sólóplata frá Dave Sitek kom einnig út undir nafninu Maximum Balloon þar sem Karen O úr Yeah Yeah Yeahs og David Byrne úr Talking Heads voru á meðal gesta.

Upptökur á Nine Types of Light hófust síðan í fyrra í heimahljóðveri Siteks í Los Angeles en þangað flutti hann til að breyta um umhverfi. Platan hefur fengið góða dóma eins og fyrri verk sveitarinnar. Fjórar stjörnur af fimm mögulegum hjá Rolling Stone, Uncut og Spin bera vott um að hljómsveitin sé enn á meðal þeirra allra fremstu þegar tilraunakennd og margslungin tónlist er annars vegar.

freyr@frettabladid.is

„Bækur eru saklausir hlutir, en rithöfundar eru ægilegar verur".
Þórbergur Þórðarson, Mitt rómantíska æði.



NORRÆNA HÚSIÐ KYNNIR:
HÖFUNDAKVÖLD #1
Fimmtudaginn 14. apríl kl. 20.00

Landsþekktu rithöfundarnir þau Kristian Olsen Aaju og Mariane Petersen frá Grænlandi kynna ritverk sín.

Kristian Olsen Aaju er í ár tilnefndur til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir bók sína *Det Tatoverede Budskap* og Mariane Petersen hefur nýverið gefið út ljóðasafn sitt: *Storfangerens Efterkommende.*

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

NORRÆNA HÚSIÐ
www.boddydesign.com

## LAGALISTINN
Vikuna 7. - 13. apríl 2011

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Adele | *Someone Like You* |
| ▼ | 2 | Bubbi Morthens | *Ísabella* |
| ▲ | 3 | Vinir Sjonna | *Coming Home* |
| ▼ | 4 | P!nk | *F**kin' Perfect* |
| ▼ | 5 | Jessie J | *Price Tag* |
| ▶ | 6 | Ingó | *Fanney* |
| ▲ | 7 | Valdimar Guðm. & Memfismafían | *Okkar eigin Osló* |
| ▲ | 8 | Adele | *Rolling in the Deep* |
| ▼ | 9 | Magni | *Ég trúi á betra líf* |
| ▲ | 10 | Hvanndalsbræður | *Koss* |

## TÓNLISTINN
Vikuna 7. - 13. apríl 2011

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ✱ | 1 | Megas og Senuþjófarnir | *(Hugboð um) vandræði* |
| ▲ | 2 | Justin Bieber | *My Worlds* |
| ▲ | 3 | Sin Fang | *Summer Echoes* |
| ▼ | 4 | Skálmöld | *Baldur* |
| ▼ | 5 | Svavar Knútur | *Amma* |
| ▶ | 6 | Eagles | *Complete Greatest Hits* |
| ▲ | 7 | Adele | *21* |
| ▲ | 8 | Valdimar | *Undraland* |
| ▲ | 9 | Elly Vilhjálms | *Heyr mína bæn* |
| ▼ | 10 | Úr leikriti | *Ballið á Bessastöðum* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is



ÚTILÍF
LÁTTU EKKERT STOPPA ÞIG
HLAUPASOKKAR FYLGJA FRÍTT MEÐ ASICS SKÓM UM HELGINA
SUMARIÐ ER TÍMI ÚTIVISTAR OG HREYFINGAR. ÞÚ FÆRÐ ALLT FYRIR HLAUPARANN Í ÚTILÍF.
NIMBUS DÖMU: 28.990 KR.
Einn allra vinsælasti Asics hlaupaskórinn. Ótrúlega þægilegir og mjúkir skór. Dömustærðir 37-41,5.
NIMBUS HERRA: 28.990 KR.
Einn allra vinsælasti Asics hlaupaskórinn. Ótrúlega þægilegir og mjúkir skór. Herrastærðir 41-48.
KAYANO HERRA: 29.990 KR.
Mest seldi innanfótarstyrkti skórinn á Íslandi. Einn besti alhliðaskórinn. Einnig til í svörtu. Herrastærðir 41-48.
KAYANO DÖMU: 29.990 KR.
Mest seldi innanfótarstyrkti skórinn á Íslandi. Einn besti alhliðaskórinn. Einnig til í svörtu. Dömustærðir 37-41,5.
GT-2160 HERRA: 23.990 KR.
Léttinnanfótarstyrktur skór með góða endingu Herrastærðir 41-48.
GT-2160 DÖMU: 23.990 KR.
Léttinnanfótarstyrktur skór með góða endingu. Dömustærðir 37-41,5.
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

## > CRUISE Í OBLIVION

Tom Cruise er nú sagður vera í viðræðum við Joseph Kosinski um að leika í kvikmyndinni Oblivion, rómantískri vísindaskáldsögukvikmynd. Disney hætti nýlega við að framleiða myndina en Universal er sagt fylgjast grannt með gangi mála. Enda trekkir Cruise að.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Spennandi myndir frumsýndar

Nóg er um að vera í íslenskum kvikmyndahúsum um þessa helgi. Að venju má finna vandaðar kvikmyndir í Bíó Paradís en þar ber hæst frumsýning Boy, nýsjálenskrar kvikmyndar um Dreng, 11 ára gamlan strák sem hittir pabba sinn í fyrsta skipti. Og sá reynist vera allt öðruvísi en Drengur hafði gert sér í hugarlund um.

Sambíóin frumsýna um helgina tvær kvikmyndir. Annars vegar hryllingsmyndaútgáfuna af Rauðhettu og úlfinum sem skartar Mamma Mía-stjörnunni Amöndu Seyfried í aðalhlutverki. Leikstjóri Twilight-myndaflokksins, Catherine Hardwicke, er konan á bak við myndina sem leikur sér með mýtuna í þessu sígilda ævintýri. Hin mynd Sambíóanna er Chalet Girl en þær unglingsstúlkur sem eltu Ed Westwick á sínum tíma gætu rifjað upp hvernig hann lítur út því hjartaknúsarinn er í aðalhlutverki í myndinni ásamt Felicity Jones.

Og svo er það páskamyndin Rio um páfagaukinn Blu og ævintýraferð hans til Rio De Janeiro. Fjöldi stórstjarna talar inn á myndina en meðal þeirra má nefna Jesse Eisenberg, Jamie Foxx og Anne Hathaway. - fgg



**RAUÐHETTA** Amanda Seyfried, stjarnan úr Mamma Mía, leggur til atlögu við stóra, ljóta úlfinn. Sem er reyndar varúlfur, hungraður í mannakjöt.

# Skapbráðir snúa bökum saman

Stórleikararnir Christian Bale og Sean Penn eru nú sagðir líklegastir til að hreppa aðalhlutverkin í spennutryllinum The Last Photograph. Þetta er gæluverkefni bandaríska leikstjórans Zach Snyder sem gerði síðast hina arfaslöku Sucker Punch en hann mun einnig leikstýra næstu Ofurmennismynd.

Upphaflega var talið að Bale hefði gefið hlutverkið frá sér en nú virðist handritið hafa vakið áhuga hans á nýjan leik.

Myndin segir frá stríðsfréttaritara sem lifir af árás talibana á bandaríska hermenn í Afganistan. Bale á að leika stríðsfréttaritarann en Penn yrði þá fyrrverandi sérsveitarmaður sem er fenginn til að bjarga fjölskyldumeðlimi sínum úr klóm hryðjuverkamanna og tekur Bale með sér þar sem hann veit hvernig þeir líta út. Saman takast þeir á við óvinveitta ættbálka í þessu stríðshrjáða landi.

Bale og Penn yrðu ansi magnað tvíeyki og það er eins gott að menn verði með allt á hreinu ef þeir tveir mæta á tökustað saman því þeir eru báðir þekktir fyrir að vera með ansi stuttan kveikiþráð.

Ekki liggur fyrir hvenær tökur gætu hafist en myndin hefur verið á flakki milli kvikmyndavera í Hollywood. Ef Snyder tekst að sýna fram á staðfestu Penn og Bale þarf hann þó eflaust ekki að hafa miklar áhyggjur. - fgg



**SAMAN** Bale og Penn yrðu ansi magnað tvíeyki en þeir eru nú orðaðir við kvikmyndina The Last Photograph eftir Zach Snyder.



**SJÓNARSVIPTIR** Sidney Lumet lést 86 ára að aldri á laugardaginn á Manhattan-eyju. Fjöldi kvikmyndagerðarmanna hefur vottað honum virðingu sína. NORDICPHOTOS/GETTY




# KVIKMYNDAFÓLK SYRGIR LUMET

**Bandaríski leikstjórinn Sidney Lumet andaðist í síðustu viku, 86 ára að aldri. Fjölmargir kvikmyndagerðarmenn hafa vottað honum virðingu sína að undanförnu og látið í það skína að hann hafi verið í fremstu röð leikstjóra.**

Sidney Lumet lést 9. apríl á Manhattan-eyju í New York en hann, eins og Martin Scorsese og Woody Allen, var mikill New York maður og valdi borgina yfirleitt sem sögusvið kvikmynda sinna. Þrátt fyrir að Lumet hefði verið tilnefndur til Óskarsverðlauna fimm sinnum hlaut hann aldrei gullstyttuna en þekktasta kvikmynd hans, 12 Angry Men, er af mörgum talin ein besta kvikmynd sögunnar. Myndin situr í sjöunda sæti á lista yfir 250 bestu kvikmyndir allra tíma á imdb.com.

Lumet var sérlega afkastamikill, hann leikstýrði fjörutíu kvikmyndum í fullri lengd og þær voru tilnefndar til fimmtíu Óskarsverðlauna. Vandamál Lumets, ef vandamál skyldi kalla, var að hann reyndist ekki nógu stöðugur, hann gat sent frá sér meistarastykki en dottið niður þess á milli. Lumet hóf störf í kvikmyndageiranum á sjötta áratug síðustu aldar eftir að hafa unnið í leikhúsi, hann var sjálfur sonur leikara og var alltaf mikils virtur meðal leikara og leikstjóra. New York lék stórt hlutverk í lífi hans og sjálfur sagðist hann ekki geta hugsað sér að gera kvikmynd í Los Angeles. „Ég hef ekkert á móti borginni, ég kann bara ekki við fyrirtækjastaðið,“ hafði New York Times eftir honum. Hann sagði jafnframt að þótt kvikmyndir ættu að skemmta fólki vildi hann gera kvikmyndir sem gengu einu skrefi lengra í þeirri viðleitni.

Fjöldi leikara og leikstjóra hefur vottað Lumet virðingu sína. Þar fremstir í flokki eru Woody Allen og Scorsese. „Það kemur mér alltaf á óvart hversu margar yndislegar kvikmyndir hann gerði og hversu margir leikarar og leikkonur áttu sína bestu daga undir hans stjórn,“ hefur BBC-fréttavefurinn eftir Woody Allen. „Hann var New York kvikmyndagerðarmaður í hjarta sínu sem breytti og dýpkaði sýn okkar á borginni með kvikmyndum á borð við Serpico, Dog Day Afternoon og síðast en ekki síst Prince of City,“ hefur vefurinn síðan eftir Scorsese.

Al Pacino, sem lék bæði í Serpico og Dog Day Afternoon, sagði að það væri erfitt að hugsa til þess að ekki ætti eftir að frumsýna fleiri kvikmyndir eftir Lumet. „Og þess vegna verðum við að hugsa vel um þær sem hann skildi eftir.“ freyrgigja@frettabladid.is

## FJÖGUR MEISTARASTYKKI

**12 Angry Men (1957):**
*Af mörgum talin ein besta kvikmynd sögunnar en hún fjallar um átök í kviðdómi í viðkvæmu sakamáli.*

**Serpico (1973)**
*Al Pacino fer á kostum í hlutverki hins réttsýna lögreglumanns sem berst gegn spillingu.*

**Dog Day Afternoon (1975)**
*Enn og aftur sýnir Pacino stórleik. Hann leikur bankaræningja sem lendir í miðjum fjölmiðlasirkus.*

**Network (1976)**
*Einstök kvikmynd um firrtan heim bandarískra fjölmiðla með Robert Duvall og Faye Dunaway í fantaformi.*




Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 | www.smaralind.is | 528 8000




# Fólk

folk@frettabladid.is

**128** *þúsund pund er upphæðin sem sjónvarpsmógúllinn Simon Cowell þénar á dag með sjónvarpsverkefnum sínum. Það gerir tæplega 24 milljónir íslenskra króna.*



# Danski prinsinn á kvennafari

**Danskir fjölmiðlar fara nú mikinn vegna myndbands sem sýnir Friðrik krónprins láta vel að konu á skemmtistað nokkrum dögum fyrir skírn tvíbura hans.**



**KONUNGLEGUR DJAMMARI** Friðrik prins var á næturbrölti nokkrum dögum fyrir skírn tvíburanna og þótti meira en lítið vinalegur við óþekkta blondínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Myndband af hegðun Friðriks krónprins á skemmtistaðnum Simon í Kaupmannahöfn hefur valdið miklu fjaðrafoki í dönskum miðlum. Bæði Ekstrabladet og BT fjölluðu ítarlega um málið á vefsíðum sínum í gær en það var slúðurtímaritið Se og Hör sem fyrst greindi frá málinu. Á myndbandinu sést Friðrik ansi vel við skál á umræddum skemmtistað nokkrum dögum áður en tvíburar hans og dönsku prinsessunnar Mary Donaldson verða skírðir. Það eru þó ekki drykkjusiðir Friðriks sem þykja fréttaefnið heldur sú staðreynd að hann sýnir blondínu nokkuð sérstök vinahót miðað við kvæntan mann, heldur utan um axlir hennar og er meira en lítið kumpánlegur við hana.

Eftir að fréttin fór í loftið hafa talsmenn konungshallarinnar rembst eins og rjúpur við staur að tala atvikið niður og starfsmenn skemmtistaðarins reyna nú af öllum mætti að finna hver það var sem tók upp myndbandið. Enda vill staðurinn umfram allt vernda sinn ríkasta og besta viðskiptavin. Vefsíðan MSN Starlounge hefur síðan eftir vinum ljóskunnar að þetta mál sé stormur í vatnsglasi, hún sé góð vinkona bæði Friðriks og Mary og ekkert hafi gerst á þessu pöbbarölti. „Henni þykir leiðinlegt hvernig þetta fór en skemmtistaðarferðin var sárasaklaus.“

Friðrik hefur alla tíð verið mikill partípinni og var fastur gestur á slúðursíðum dagblaðanna áður en hann gekk í það heilaga. Hann átti meðal annars vingott við undirfatafyrirsætur og poppstjörnur, sem Margréti Þórhildi Danadrottningu fannst ekki nógu fínt fyrir strákinn, en hefur róast eftir að hann gekk í það heilaga með Mary. **freyrgigja@frettabladid.is**





# L'ELLEDUE SOKKABUXNA-TILBOÐ !

**Hotel 20 den**
Verð áður: 798 kr
**Verð nú: 598 kr**

**Le Carezze**
Verð áður: 1.198 kr
**Verð nú: 898 kr**

L'ELLEDUE

Birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl Gildir meðan birgðir endast

# netto KRÆSINGAR & KOSTAKJÖR

**www.netto.is**

Mjódd
Salavegur
Hverafold
Akureyri
Höfn
Grindavík
Reykjanesbær

markhonnun.is

# Íslensku barnaskrímslin seld til Kína

Allar sex skrímslabækurnar eftir Áslaugu Jónsdóttur, Kalle Güettler og Rakel Helmsdal hafa verið seldar til Kína og munu koma þar út í kínverskri þýðingu á næstu árum. Gengið var frá samningum þess efnis á bókamessunni í London sem nú stendur yfir. „Stóru tíðindin eru þau að erlendir útgefendur sýna íslenskum barnabókahöfundum mikinn áhuga. Það er mjög sjaldgæft því barnabækur seljast yfirleitt lítið og illa til útlanda,“ segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins.

Áslaug er himinlifandi með útkomuna og segir það mjög skemmtilegt og forvitnilegt að bækurnar um stóra skrímslið og litla skrímslið skuli ferðast hálfa leið yfir hnöttinn. „Mér fannst mjög gaman að sjá hvað þeir sáu í bókunum sem við höfðum kannski ekkert pælt í. Þeim fannst til að mynda mjög merkilegt að sjá stóra skrímslið gráta og fannst það vera mjög gott fyrir kínverska foreldra að sjá,“ segir Áslaug. Hún er stödd á Álandseyjum ásamt meðhöfundum sínum en þar fer nú fram mikil bókahátíð fyrir börn og unglinga.

Egill segir að Kína sé óplægður akur, til að mynda hafi ekki margir íslenskir höfundar fengið bækur sínar útgefnar þar. Hann segir þó að markaðurinn sé smám saman að opnast. „Þeir eru farnir að þýða miklu meira af vestrænum bókum og þetta er markaður sem maður horfir til.“ - fgg





**VINSÆLAR** Kínverskt forlag hefur keypt sex bækur Áslaugar Jónsdóttur, Kalle Güettler og Rakelar Helmsdal um skrímslin.




# Scarlett er ekki ólétt

**Bandaríska leikkonan Scarlett Johansson blæs á sögusagnir þess efnis að hún sé með barni. Bandarískir slúðurmiðlar hafa mikið verið að velta þessu fyrir sér eftir að mynd birtist af leikkonunni úti að skokka og breiðari um sig miðja en gengur og gerist. Barnsfaðirinn mun þá vera leikarinn og meintur ástmaður Johansson, Sean Penn. Þess ber að geta að síðast þegar Johansson sló á sögusagnir um sjálfa sig í slúðurmiðlunum var það einmitt um samband hennar við Penn sem nú er staðfest.**



**EKKI AÐ FJÖLGA SÉR** Scarlett Johansson blæs á slúðursögurnar um að hún sé ólétt eftir Sean Penn. NORDICPHOTOS/GETTY



**PRÚÐIR AÐDÁENDUR** Fólk sem hlustar á Coldplay er ólíklegt til að fara alla leið á fyrsta stefnumóti.

# Aðdáendur Coldplay fara ekki alla leið

Aðdáendur bresku hljómsveitarinnar Coldplay eru ólíklegastir allra tónlistaraðdáenda til að stunda kynlíf á fyrsta stefnumóti. Könnun vefsíðunnar Tastebuds.fm leiðir þetta í ljós, en vefsíðan leiðir saman fólk eftir tónlistarsmekk.

Notendur vefsins voru spurðir hversu langt þeir væru líklegir til að fara á fyrsta stefnumóti. Svarmöguleikarnir voru: „Ég væri til í að hittast og spjalla“, „Ég myndi kannski kyssa“ og „Ég færi alla leið ef stemningin væri góð“. Könnunin leiddi í ljós að Coldplay-aðdáendur eru ólíklegastir til að fara alla leið á fyrsta stefnumóti á meðan aðdáendur Nirvana eru þeir líklegustu til að stunda kynlíf í kjölfar fyrsta stefnumóts.

Á meðal annarra hljómsveita og listamanna á lista yfir þá ólíklegu voru Adele, Lady Gaga, Katy Perry og Kings of Leon. Á lista yfir þá líklegu eru hljómsveitir á borð við Metallica, Linkin Park, Gorillaz og rapparinn Kanye West.



# Óánægja með Hróarskelduhátíðina

Danskir tónlistargagnrýnendur eru æfir yfir dagskrá Hróarskelduhátíðarinnar og segja hana vægast sagt ömurlega. Danskt tónlistaráhugafólk virðist vera þeim sammála.

„2009 var allt í lagi, 2010 var fyrir neðan meðallag en dagskrá hátíðarinnar í ár er vonlaus,“ skrifar tónlistargagnrýnandi Ekstrablaðsins, Thomas Treo. Hann gefur dagskránni tvær stjörnur af sex mögulegum en samkvæmt netkosningu á vefsíðu blaðsins verðskuldar dagskráin ekki einu sinni svo góða dóma. Þeir sex þúsund sem taka þátt lýsa yfir megnri óánægju og þykir Hróarskelduhátíðin mega muna fífil sinn fegurri. „Mér leið eins og það væri verið að spá hellidembu alla dagana,“ skrifar Treo í gagnrýni sinni. „Maður hefði þurft að búa í helli til að hafa ekki séð Iron Maiden á sviði,“ bætir Theo við en bresku ellirokkarnir eru eitt af aðalatriðunum ásamt The Strokes, Arctic Monkeys og Kings of Leon. Treo bendir á að fjölmörg stór nöfn séu á tónleikaferðum um Evrópu um svipað leyti og Hróarskeldan fer fram en þau hafi hins vegar ákveðið að sniðganga hátíðina. Þar á meðal eru Paul Simon, Metallica, Arcade Fire og Primal Scream. „Og Bob Dylan, sem hefur margoft verið gestur á Hróarskeldu, ákveður að spila í Odense.“

Tónlistargagnrýnandi BT, Steffen Jungersen, tekur undir hvert orð hjá kollega sínum. „Ég ætlaði að vera búinn að skrifa pistil um hátíðina mun fyrr en ég bara trúði ekki mínum eigin augum. Þetta er virkilega glatað,“ skrifar Jungersen. Hann hefur jafnframt sömu áhyggjur af framtíð Hróarskeldu, hátíðir allt í kring geti boðið upp á listamenn á borð við Beyoncé og Coldplay en Danir sitji uppi með Iron Maiden. **- fgg**



**GLATAÐ** Hróarskelda býður upp á ansi vonda dagskrá í ár að mati gagnrýnenda dönsku blaðanna. NORDICPHOTOS/AFP



**BÆTA Í BARNASKARANN** Tori Spelling á von á sínu þriðja barni með Dylan McDermott. NORDICPHOTOS/GETTY

## Barn númer þrjú á leiðinni

**Bandaríska raunveruleikastjarnan Tori Spelling á von á sínu þriðja barni með eiginmanni sínum, Dylan McDermott. Spelling, sem varð fyrst fræg í sjónvarpsþáttunum Beverly Hills 90210, er nú orðin enn þekktari vestanhafs fyrir að opinbera einkalíf sitt í sjónvarpi. Það má því eiga von á því að sjónvarpsáhorfendur fái að fylgjast með meðgöngu og fæðingu leikkonunnar í næstu raunveruleikaseríu um Spelling-fjölskylduna.**

## Leikrit um leðurblöku

**Framleiðendur nýrrar Batman-leiksýningar í Bretlandi hafa lofað því að vandamálin við sýninguna verði ekki þau sömu og í söngleik um Köngulóarmanninn í Bandaríkjunum sem ítrekað hefur verið frestað. „Sú sýning er allt öðruvísi en okkar. Einu líkindin eru þau að bæði verkin fjalla um ofurhetjur,“ sagði Anthony van Laast, leikstjóri Batman Live, í viðtali við BBC.**

**Verkið verður frumsýnt í Bretlandi í júlí og fer síðan um Evrópu og til Bandaríkjanna. Á meðal þorpara sem koma við sögu í leikritinu eru Jókerinn, Mörgæsin, Gátumaðurinn og Kattarkonan.**



**TIL ÍSLANDS** Þýski plötusnúðurinn Stephan Bodzin spilar hér í þriðja sinn.

## Til Íslands í þriðja sinn

**Þýski plötusnúðurinn Stephan Bodzin spilar á Nasa miðvikudaginn 20. apríl. Hann er að koma hingað í þriðja sinn. Bodzin er þekktur fyrir að spila mínímalíska teknótónlist. Aðrir sem koma fram á Nasa eru Oculus, Steffan J, Mr. Cuellar og Balrock. Miðasalan er í Mohawks í Kringlunni og kostar 2.500 krónur.**


IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010





Fimm rétta
HOLI
hátíðarmatseðill
4.990 kr.

FORRÉTTUR

Pollichatu-lax
*Lax marineraður í blöndu af chillí, kúmmíni, kóríander, túrmerik, engiferi og hvítlauk. Grillaður í bananalaufi*

AÐALRÉTTIR

Barra-kebab
*Lambafillet, marinerað í hvítlauk, rauðu chillí, fenugreek og ferskri myntu. Vinsælasti lambaréttur Norður-Indlands*

*og*

Murg Chili Hussainee
*Einstök blanda af grænu chillí, hnetum, sinnepsfræjum, saffran og rjóma setur þennan kjúklingarétt í sérflokk*

*og*

Aloo Lucknowi
*Hægeldaðar kartöflur í ljúffengri blöndu af kúmmíni, kóríander, fenugreek, engiferi og hvítlauk*

MEÐLÆTI

Raitha
*Salat úr heimalagaðri jógúrt og gúrkum*

*og*

Basmati-hrísgrjón

*og*

Naan-brauð
*Gómsæti úr tandoori-ofninum*

EFTIRRÉTTUR

Crème Brûlée
*Indversk útgáfa af þessum klassíska rétti með kókos- og engiferbragði*

***Frábær tilboð á drykkjum***

*Hverfisgata 56, 101 Reykjavík*
*Sími: 552 1630*

*Opið:*
*sun.-fim. 18:00 - 22:00*
*fös. og lau. 18:00 - 23:00*

# HOLI-hátíð

## á Austur-Indíafjelaginu

***– gleði, litir og dásamlegur matur***

Um þessar mundir halda Indverjar Holi-hátíðina sína og Austur-Indíafjelagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi með ríkulegum hátíðarmatseðli í apríl á hreint frábæru verði: **4.990 kr.**

***Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð.***
***Borðapantanir í síma 552 1630.***

***Opið alla páskana.***





*HOLI er án efa líflegasta og litríkasta hátíð Indverja. Þá fagna þeir vorkomunni og kveðja vetrardrungann. Hvítklætt fólk, jafnt háir sem lágir, flykkist út á götur bæja og borga og baðar hvað annað upp úr alls kyns litum og gleðin ræður ríkjum.*

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT
www.austurindia.is

# Elin ekki fengið krónu frá Tiger

Elin Nordegren hefur ekki fengið krónu frá fyrrverandi eiginmanni sínum, Tiger Woods. Hjónakornin skildu í ágúst í fyrra og samkvæmt dómsátt á Tiger að greiða Elin 110 milljónir dollara. En samkvæmt bandarískum netmiðlum hefur sænska fyrirsætan ekki fengið neitt. Tiger greiðir henni þó meðlag en það er ekki hluti af skilnaðarsamkomulaginu sjálfu.

Þetta stafar þó ekki af blankheitum Tigers samkvæmt vefsíðunni Examiner.com því hann hefur víst fjögur ár til að greiða henni alla upphæðina. Elin gengur heldur ekki um götur staurblönk, því hún festi nýverið kaup á glæsilegri villu í nágrenni við glæsihýsi Tigers á Flórída en það kostaði litlar tólf milljónir dala. Lítið hefur farið fyrir fréttum af ástarmálum parsins og svo virðist sem engin óvinátta ríki þeirra á milli. Tiger var nýlega orðaður við 22 ára gamla stúlkukind en mamma kylfingsins varð víst æf af reiði þegar hún frétti af sambandinu og lagði hart að honum að slíta því. Tiger virðist jafnframt vera að ná áttum á golfvellinum en hann þótti leika vel á nýafstöðnu Masters-móti, einu af fjórum stóru risamótunum í golfi.

Kylfingurinn hefur einnig smám saman verið að minnka umsvif sín, hann hefur til að mynda sett á sölu snekkjuna Privacy sem hann gaf Elin í brúðkaupsgjöf. Samkvæmt Examiner.com er þetta tilkomið af því að Tiger sjái engan tilgang í því að vera með þrettán manns í vinnu á snekkju sem hann notar ekki neitt.



**EKKERT BORGAÐ** Elin hefur ekki fengið krónu frá Tiger síðan hjónin skildu en virðist ekkert heldur vera fjárþurfi því hún keypti nýlega tólf milljón dala villu á Flórída.

# Jón Jónsson reynir að vera einlægur á fyrstu plötunni

**Jón Jónsson hefur vakið talsverða athygli undanfarið fyrir sumarlega popptóna sem hafa hljómað á öldum ljósvakans. Nú er plata á leiðinni frá Jóni Ragnari og félögum.**

„Við tókum lögin upp í janúar og erum búnir að vera að fínpússa síðan. Ferlið er komið mjög langt," segir tónlistarmaðurinn Jón Ragnar Jónsson.

Jón fer fyrir hljómsveitinni Jón Jónsson, sem er nú á lokasprettinum með fyrstu breiðskífuna. Platan er væntanleg í lok maí og útgáfusamningur við afþreyingarfyrirtækið Senu liggur fyrir. „Ég á bara eftir að kvitta undir," segir Jón.

Elsta lagið á plötunni var samið árið 2005, en það yngsta í nóvember í fyrra. „Þannig að ég er búinn að fá góðan tíma til að þróa tónlistina í rólegheitunum með minni hægri hönd, Kristjáni Sturlu. Hann tekur allt upp." Kristján þessi hefur komið víða við; leikur stundum á hljómborð með Ingó og Veðurguðunum og samdi tónlistina í gríðarvinsælli stiklu Audda í keppni sem hann og Sveppi settu upp á dögunum.

Spurður hvort hann sé með sumarplötu í höndunum segir Jón Ragnar svo vera, en ítrekar þó að hann eigi eftir að koma fólki á óvart. „Það eru aðeins dýpri pælingar þarna," segir hann. „En ég er bara poppari. Það gæti einhver jaðargæi spurt hvort *þetta* sé virkilega það sem ég er að tala um að sé djúpt. En ég er rosalega ánægður með útkomuna, sérstaklega viðkvæmari lögin."

Söngvarinn Friðrik Dór er yngri bróðir Jóns Ragnars. Hann gaf út fyrstu plötuna sína á síðasta ári og var henni vel tekið af gagnrýnendum, sem og aðdáendum, en hún seldist í rúmlega 2.000 eintökum. Jón viðurkennir að litli bróðir sé þar með búinn setja pressu á sig. „Ég sagði einhvers staðar að það neikvæðasta við hvað Friðriki gekk vel með plötuna er hvað hann setti mikla pressu á mig," segir Jón Ragnar í léttum dúr og bætir við að Friðriki hafi tekist að heilla menn eins og Arnar Eggert Thoroddsen, tónlistarskríbent Morgunblaðsins. Hann er ekki þekktur fyrir áhuga sinn á R&B-tónlist, þótt hann sé vissulega víðsýnn og fordómalaus.

Jón segir að það yrði ánægjulegt ef hann gæti gert jafn vel og bróðir sinn. „Ég reyni að vera einlægur í því sem ég er að gera," segir hann. „Ég geri það sem mér finnst skemmtilegt og er ekki að reyna að þvinga því upp á einn eða neinn. En ég vona að sem flestir vilji koma og vera með. Það er pælingin."

atlifannar@frettabladid.is



**FÉLAGAR** Jón Ragnar ásamt sinni hægri hönd, hljómborðsleikaranum Kristjáni Sturlu, sem tekur upp tónlist hljómsveitarinnar Jón Jónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





SMÁRABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| YOUR HIGHNESS | KL. 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| YOUR HIGHNESS LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| KURTEIST FÓLK | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| LIMITLESS | KL. 8 - 10.20 | 14 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| RANGO ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| YOUR HIGHNESS | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| KURTEIST FÓLK | KL. 5.45 - 8 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 5.45 | L |
| LIMITLESS | KL. 10.10 | 14 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| BIUTIFUL | KL. 6 - 9 | 12 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| YOUR HIGHNESS | KL. 8 - 10 | 16 |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| KURTEIST FÓLK | KL. 6 - 8 | L |
| LIMITLESS | KL. 10 | 14 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| YOUR HIGHNESS | 6, 8 og 10.10 |
| HOPP - ISL TAL | 6 |
| HOPP - ENS TAL | 8 |
| KURTEIST FÓLK | 6, 8 og 10 |
| NO STRINGS ATTACHED | 10 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SOURCE CODE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| SOURCE CODE | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| SUCKER PUNCH | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 5:40VIP - 8 - 10:20 | 10 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SOURCE CODE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SUCKER PUNCH | kl. 8 - 10:20 | 12 |

SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| SOURCE CODE | kl. 5.30 - 8 - 10.15 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| LIMITLESS | kl. 8 - 10.35 | 14 |
| UNKNOWN | kl. 10:35 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | L |
| HALL PASS | kl. 5.25 | 12 |
| ADJUSTMENT BUREU | kl. 10.35 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BARNEY´S VERSION Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | L |
| SUCKER PUNCH | kl. 8 | 12 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU Númeruð sæti | kl. 10:40 | 10 |
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:40 | L |
| TRUE GRIT Númeruð sæti | kl. 5:50 | 16 |




BAR & CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP | 18:00, 20:00, 22:00 |
| BLUE VALENTINE | 17:50, 20:00, 22:10 |
| FOUR LIONS | 18:00, 20:00, 22:20 |
| BLACK SWAN | 22:00 |
| MINI-CINÉ: WITHNAIL & I | 20:00 |

BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# Kaffi dagar

byggtogbúið

## ALLAR KAFFIVÖRUR Á ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

**Allt á afslætti en aðeins í nokkra daga.**

**Kaffivörur:** Kaffivélar, kaffikerfi, espressovélar, kaffikvarnir, pressukönnur, espressokönnur, kaffibox, kaffikönnur, hitabrúsar, flóunarkönnur og margt fleira.

**Vörumerki:** Saeco, Francis Francis, Braun, Tristar, Thermos, Cuisinart, Norpro, Philips, AEG, Bodum, Severin og Copco.

**NÝTT KORTATÍMABIL**



byggtogbúið

568 9400 byggtogbuid.is Kringlunni

Finndu okkur á Facebook

# sport

sport@frettabladid.is



**ÁGÚST BJÖRGVINSSON** verður ekki áfram í Hveragerði en hann hefur þjálfað meistaraflokka karla og kvenna hjá Hamri undanfarin tvö tímabil og var þar á undan með karlalið Hamars í tæp tvö tímabil. Karlaliðið féll úr úrvalsdeildinni en kvennaliðið féll úr leik í úrslitakeppninni eftir að hafa unnið deildarmeistaratitilinn.

## ÚRSLIT

### *N1-deild kvenna*

**LOKAÚRSLIT**

**Valur - Fram 32-32 (31-31, 27-27, 18-15)**
**Valur vann í vítakastkeppni, 5-3.**

**Mörk Vals (Skot)**: Hrafnhildur Ósk Skúladóttir11/2 (16/2), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 9 (15), Kristín Guðmundsdóttir 4 (9), Ragnhildur Guðmundsdóttir 3/3 (6/1), Rebekka Rut Skúladóttir 3 (5), Íris Ásta Pétursdóttir 2 (5).
**Varin skot**: Guðný Ásmundsdóttir 15, Sunneva Einarsdóttir 7.
**Hraðaupphlaupsmörk**: 5 ( Hrafnhildur Ósk 3, Anna Úrsúla, Rebekka Rut)
**Fiskuð víti**: 6 (Ragnhildur Rósa 2, Anna Úrsúla, Rebekka Rut, Íris Ásta)
**Brottvísanir**: 10 mínútur

**Mörk Fram (skot)**: Stella Sigurðardóttir 11/2 (19/3), Karen Knútsdóttir 7/2 (12/2) ,Birna Berg Haraldsdóttir 4 (7), Pavla Nevarilova 3 (7), Hildur Þorgeirsdóttir 2 (2), Marthe Sördal 2 (3), Guðrún Þóra Hálfdánardóttir 2 (5), Ásta Birna Gunnarsdóttir 1 (1).
**Varin skot**: Íris Björk Símonardóttir 19.
**Hraðaupphlaup**: 3 (Guðrún Þóra, Stella, Karen)
**Fiskuð víti**: 5 (Karen 2, Pavla 2, Stella)
**Utan vallar**: 8 mínútur.
*Valur vann einvígið, 3-0.*

### *Meistaradeild Evrópu*

**FJÓRÐUNGSÚRSLIT**

**Tottenham - Real Madrid 0-1**
0-1 Cristiano Ronaldo (50.).
*Real Madrid vann samanlagt, 5-0, og mætir Barcelona í undanúrslitum.*

**Schalke - Inter 2-1**
1-0 Raul (45.), 1-1 Thiago Motta (50.), Benedikt Höwedes (81.).
*Schalke vann samanlagt, 7-3, og mætir Manchester United í undanúrslitum.*

N1-deild karla:

## Úrslitakeppnin hefst í kvöld

**HANDBOLTI** Úrslitakeppni N1-deildar karla hefst í kvöld með tveimur leikjum í undanúrslitum. Akureyringar taka á móti HK-ingum á heimavelli og FH fær Fram í heimsókn í Kaplakrika. Báðir leikirnir hefjast klukkan 19.30.

Tvo sigra þarf til að komast í sjálfa úrslitarimmuna en í henni þarf þrjá sigra til að tryggja Íslandsmeistaratitilinn.

Akureyri vann á dögunum sinn fyrsta titil í stuttri sögu félagsins er liðið varð deildarmeistari. Akureyri tapaði aðeins þremur leikjum í deildarkeppninni og komst einnig í úrslit bikarkeppninnar, þar sem liðið mátti reyndar þola tap gegn Valsmönnum.

FH var spáð Íslandsmeistaratitlinum fyrir tímabilið og tapaði ekki leik í síðustu sjö deildarleikjum sínum. - esá



**TRYLLTUR SIGURDANS** Stefán Arnarsson, þjálfari Vals, stýrði sínum mönnum á Íslandsmótinu annað árið í röð. Hér fagnar hann með leikmönnum liðsins í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Sigurinn aldrei sætari

**Valur er með besta lið landsins í handbolta kvenna. Því getur enginn neitað eftir að liðið lagði Fram 3-0 í úrslitaviðureign um Íslandsmeistaratitilinn eftir tvíframlengdan leik og sigur í vítakastskeppni. Fram fékk silfur fjórða árið í röð.**

**HANDBOLTI** Valskonur unnu þriðja leikinn gegn Fram í einvíginu um Íslandsmeistaratitilinn á ævintýralegan hátt í Vodafone-höllinni í gær. Tvær framlengingar og vítakastkeppni þurfti til að knýja fram sigurvegara í leiknum. Framkonur þurfa fjórða árið í röð að gera sér silfrið að góðu.

„Ég hef vitað það allan tímann að við erum með besta liðið. Samkvæmt næstum öllum fjölmiðlum og öðrum þjálfurum deildarinnar virtust flestir hafa meiri trú á þeim þrátt fyrir að tölfræðin sé okkur algjörlega í hag. Þessi umræða mótiveraði okkur vel,“ sagði Hrafnhildur Skúladóttir eftir að hafa lyft Íslandsmeistarabikarnum.

„Ég sagði við stelpurnar að það væri miklu skemmtilegra að vinna eftir framlengingu en að vinna með tíu en það gerist ekki sætara en að vinna í vítakastkeppni. Við höfum átt frábæran vetur og ég ætla rétt að vona að það endurspeglist í verðlaunum á lokahófinu. Það hefur ekki alltaf verið tilfellið.“

Valskonur byrjuðu leikinn betur en Framliðið var lengur í gang. Leikurinn var gjörólíkur fyrri tveimur leikjum þessara liða í úrslitunum og öll skot virtust inni. Staðan í hálfleik var 18-15. Varnarleikur beggja liða í hálfleiknum var arfaslakur og markvarslan í lágmarki. Þetta lagaðist í seinni hálfleik og var mikil spenna í lok leiksins. Birna Berg Haraldsdóttir jafnaði metin fyrir Fram þegar nokkrar sekúndur voru eftir af leiknum en sá tími dugði Val ekki til að skora, þannig að framlengja þurfti leikinn.

Staðan að lokinni framlengingu var 31-31 og því þurfti aðra framlengingu til að knýja fram úrslitin. Bæði lið voru greinilega orðin ansi þreytt því að á þeim tíu mínútum sem önnur framlengingin tók náðu þau aðeins að skora eitt mark hvort, staðan 32-32. Því þurfti að grípa til vítakastkeppni, sem er sárasjaldgæft í nútímahandbolta.

Í vítakastkeppninni var Stella Sigurðardóttir í Fram sú eina sem klikkaði en Guðný Jenný Ásmundsdóttir varði frá henni fyrsta vítakast Safamýrarliðsins. Hrafnhildur skoraði úr síðasta vítakastinu og tryggði Val Íslandsmeistaratitilinn. Hlíðarendaliðið er eins vel að titlinum komið og hægt er.

„Það er ekkert sem toppar þetta,“ sagði Stefán Arnarson, þjálfari Vals, eftir leikinn. „Þetta var frábær leikur. Það er búið að gagnrýna liðið fyrir sóknarleik en þetta var frábær sóknarleikur. Ég vil þakka Fram fyrir seríuna enda verulega gott lið en við vorum einfaldlega betri í þessum leikjum og eigum þetta skilið.“

Stefán hafði aðeins einu sinni áður tekið þátt í vítakastkeppni á ferlinum. „Þá var ég leikmaður en tapaði, svo maður lærir af reynslunni. Það er frábært að ná að klára þetta og það sýnir styrk liðsins. Við tókum fjóra af fimm bikurum svo við erum einfaldlega besta liðið,“ sagði Stefán.

elvargeir@frettabladid.is

### Vítakastkeppnin

**Valur vann 5-3 sigur:**

| | |
|---|---|
| Anett Köbli, Val | 1-0 |
| Stella Sigurðardóttir, Fram | varið |
| Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir, Val | 2-0 |
| Birna Berg Haraldsdóttir, Fram | 2-1 |
| Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, Val | 3-1 |
| Ásta Birna Gunnarsdóttir, Fram | 3-2 |
| Kristín Guðmundsdóttir, Val | 4-2 |
| Sigurbjörg Jóhannsdóttir, Fram | 4-3 |
| Hrafnhildur Skúladóttir, Val | 5-3 |

Sjö mörk Schalke gegn Inter:

## Schalke slátraði meisturunum

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir skrautlegt tímabil hjá Schalke í þýsku úrvalsdeildinni er liðið nú komið í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu þar sem stórliðið Manchester United bíður.

Schalke gerði sér lítið fyrir og sló Evrópumeistara Inter úr leik með samanlögðum 7-3 sigri eftir 2-1 sigur á heimavelli í gær. Inter átti vitaskuld lítinn sem engan möguleika á að snúa rimmunni sér í vil eftir skelfilegt tap á heimavelli í fyrri leiknum en þeir þýsku sáu til þess að Inter átti aldrei möguleika á því.

Spánverjinn Raul var frábær með Schalke í gær en hann skoraði eitt mark og lagði upp annað. Hann hefur nú skorað 71 mark í Meistaradeildinni, sem er vitanlega met. - esá



**VERÐUM Í BANDI** Jose Mourinho og Harry Redknapp. NORDICPHOTOS/GETTY

Skylduverk klárað:

## Real mætir Barcelona

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, stjóri Real Madrid, sá til þess að hans menn fóru örugglega áfram í undanúrslit Meistaradeildarinnar með 1-0 sigri á Tottenham í gær. Hann stillti upp sterku liði þrátt fyrir að vera með 4-0 forystu eftir fyrri leikinn enda kom það á daginn að Tottenham átti í raun aldrei möguleika í gær.

Cristiano Ronaldo skoraði eina markið eftir mistök Heurelho Gomes í marki Tottenham. Nú þarf Mourinho að kljást við erkifjendurna í Barcelona í undanúrslitum – alveg eins og í fyrra en þá var hann stjóri Inter. Þá hafði Mourinho betur.

„Við skulum sjá hvað gerist. Við erum metnaðarfullir og það getur allt gerst í undanúrslitum,“ sagði „sá sérstaki“. - esá


FRÁBÆRT VERÐ Á FÓTBOLTASKÓM



SAMBDORIA
stærðir 26-34
7.490,-



CLASSIC
stærðir 26-43
6.990,-



CLASSIC
stærðir 26-40
6.990,-

SELECT
player's choice




Brillant super

Mikið úrval af fótboltavörum frá SELECT, legghlífar, sokk, boltar, tape og margt fleira

Fæst í Altis Bæjarhrauni, Sportbúð Óskars Keflavík og Leiksport Hólagarði

Altis ehf • Bæjarhrauni 8 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 510 2030 • www.altis.is


UMMÆLIN SEGJA SITT
Tískusýning 66°NORÐUR í New York
"Útivistarfatnaðurinn frá 66°NORÐUR er fallegur, þægilegur og hagnýtur..." (www.hercampus.com)
"Frábær fatnaður. Flottur og þægilegur!" (Altitudeblog)
"66°NORÐUR er eitt flottasta og vandaðasta útivistarmerkið á markaðnum." (www.lyramag.blogspot.com)
66°NORÐUR er stílhreinna og glæsilegra en flest önnur útivistarmerki." (www.tineey.com)
Skannaðu kóðann
www.66north.is
66°
NORÐUR

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is

**495** **LAXAR** hafa að meðaltali veiðst í Hrútafjarðará á þrjár stangir síðustu sjö ár.

**1.341** **LAX** veiddist að meðaltali sumar hvert úr Laxá í Kjós síðustu tíu árin.

FLUGAN

## Góð í bleikju og sjóbirting

Frá því sjóbirtingsveiðin hófst hinn 1. apríl hefur mikið farið fyrir þessari flugu í umræðunni.

Appelsínugulur Nobbler hefur gefið mörgum veiðimanni góða veiði í upphafi veiðitímabils.



MYND/FLUGAN.IS

**Uppskrift:**
**Öngull** – Legglangur straumfluguöngull, **Tvinni** – Appelsínugulur UNI 6/0, **Stél** – Fanir úr appelsínugulri marabou fjöður og nokkrir þræðir af flashabou, **Kragi** – Gulgrænt chenille, **Vöf** – Ávalt silfur, **Búkfjaðrir** – Appelsínugul hanahálsfjöður, **Búkur** – Appelsínugult chenille, **Augu** – Þverhaus


Urriðaveiði í Laxárdal og Mývatnssveit www.svfr.is



NÚ BER VEL Í VEIÐI

Eigum lausar stangir í frábæra urriðaveiði í Laxárdal og Mývatnssveit
Hægt er að kaupa veiðileyfi á svfr.is eða síma 568 6050

Farðu inn á SVFR.is og gerðu veiðisumarið ógleymanlegt.

SVFR


# Óvæntir sjóbirtingar vekja lukku í Soginu

**Vorveiðin hefur víða verið þokkaleg þrátt fyrir endemis veðráttu undanfarið. Í Soginu hafa sjóbirtingar slegið í gegn en við Tungufljót brjóta menn heilann um áhrif þess að vatnaskilin við Eldvatn hafa færst langt niður eftir.**



**SYÐRI-HÓLMUR** Hin gamalkunnu skil í Syðri-Hólma sem gefið hafa ófáa sjóbirtinga í Tungufljóti eru nú hvergi sjáanleg á þeim veiðistað. MYND/SIGURBERG GUÐBRANDSSON

„Vorveiðin hefur gengið ágætlega þótt það sé búið að vera hundleiðinlegt veður," segir Páll Þór Ármann, framkvæmdastjóri Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

Páll segir tíðarfarið hafa gert veiðimönnum erfitt fyrir. „En það hefur samt gengið vel. Til dæmis hefur verið ágætis veiði í Soginu. Þar var hoplax til að byrja með en síðan hefur verið svolítið af sjóbirtingi og það finnst mönnum mjög skemmtileg tilbreyting," segir Páll, sem kveður sjóbirtingsveiðina í Soginu nú ekki dæmigerða. „Það hefur ekki verið eins mikið af sjóbirtingi í Soginu undanfarin ár og hann er því að koma okkur skemmtilega á óvart. Það er spurning hvort það er einhver breyting í gangi."

Þá segir Páll að þokkalega veiðist í Varmá við Hveragerði. „Það hefur ekki verið nein veisla heldur bara jafnt og þétt," segir hann. Aðallega hafi veiðst á svæðinu við Stöðvarhyl en veiðimenn hafi einnig verið að fikra sig neðar í ána þar sem staðbundinn fiskur sé að gefa sig. „Það hefur líka verið fín veiði í Steinsmýrarvötnum," bætir hann við.

Miklar breytingar eru orðnar við Tungufljót í Skaftárhreppi. Páll segir veiðimenn hafa verið að kroppa upp eitthvað af fiski en strik setji í reikninginn að Eldvatn komi nú saman við Tungufljót miklu neðar en verið hefur. Í stað þess að vatnaskilin séu við hinn drjúga veiðistað Syðri-Hólma séu skilin komin niður undir Hrífunes.

„Þetta er orðið eins og það var fyrir um tuttugu árum. Menn eru svolítið að velta því fyrir sér hvað áhrif þetta hefur og muni hafa. Það virðist að minnsta kosti ljóst að þetta verður svona í sumar," segir Páll.

Stangaveiðifélagið hefur nú samið við Veiðifélag Elliðavatns um að annast sölu veiðileyfa. Á aðalfundi veiðifélagsins verður væntanlega staðfest að veiðin í vatninu hefjist að þessu sinni 20. apríl. „Svæðaskipting verður áfram sú sama og annað hefðbundið eins og verið hefur, til dæmis verður áfram frítt fyrir unglinga og eldri borgara í Reykjavík og Kópavogi."

**gar@frettabladid.is**








**HARPA HLÍN ÞÓRÐARDÓTTIR** Veiðikona með flugulax við Hellisey í Ytri-Rangá. MYND/STEFÁN SIGURÐSSON

# Fá fría leiðsögn við ána

Veiðimönnum sem kaupa leyfi í Ytri-Rangá og Eystri-Rangá í sumar stendur til boða ókeypis veiðistaðalýsing á bökkum ánna um miðjan maí.

Stefán Sigurðsson, sölustjóri hjá Lax-á, segir að 14. maí verði farið á bakka Ytri-Rangár og daginn eftir í Eystri-Rangá. „Við förum í gegnum hvern einasta veiðistað og holur sem hafa verið að gefa fyrir þá sem hafa keypt leyfi. Þetta er alveg frábært fyrir þá sem eru að fara í sumar að fá þessa kynningu," segir Stefán.

Um 2.400 dagstangir eru í boði í Rangánum hvert sumar þannig að gríðarlegur fjöldi veiðimanna leggur þangað leið sína. Því má búast við að margir sýni framtakinu áhuga.

„Töluverður fjöldi hefur skráð sig nú þegar. Það lítur jafnvel út fyrir að við þurfum að skipta þessu og vera með tvo hópa báða dagana," segir Stefán, sem kveðst reikna með að hver kynning taki um fjórar klukkustundir. Ef vel takist til megi búast við að boðið verði upp á sambærilegar kynningar á öðrum veiðisvæðum fyrirtækisins.

**- gar**


**VEIÐIHEIMILI**

**Ráðskona/ráðsmaður óskast**

Við leitum að starfsmanni til að taka að sér rekstur á stóru og góðu veiðiheimili á Norðurlandi í sumar.

Reynsla í matargerð nauðsynleg.
Fagmennska í fyrirrúmi.

**Umsóknum með upplýsingum um aldur, nám og fyrri störf skal skilað fyrir 21. apríl nk.**
Sendist til: htholm@talnet.is


ALLTAF BETRA VERÐ
TOSHIBA
15,6"
Toshiba Satellite L650-11C
• Intel Core i5-480M örgjörvi
• 4GB DDR3 1066MHz minni
• 320GB SATA diskur
• 512MB AMD HD 5470 DX11 skjákort
• 15.6" WXGA LED skjár
129.990
DRAUMAEGG
FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM
Nr.9 frá Freyju
- meðan birgðir endast!
ASUS
13,3"
10 tíma rafhlöðuending
Asus U35JC-RX040V
• Intel Core i3-370M
• 4GB DDR3 minni
• 500GB diskur
• 1GB GeForce 310M skjákort
TILBOÐ 149.990
FULLT VERÐ KR. 169.990
TOSHIBA
15,6"
Toshiba Satellite C660D-10W
• AMD Mobile V140
• 2GB DDR3 minni
• 250GB diskur
• AMD HD4250 skjákort
VISION
79.990
ASUS
10,1"
Asus EEE 1001PX 250G
• 1.66GHz Intel Atom N450
• 1GB DDR2 minni
• 250GB diskur
• Intel GMA3150 PCI skjástýring
Fæst í 2 litum svört eða hvít
49.990
27"
PHILIPS
Philips 273E3SB
• 27" LCD skjár
• 1920x1080p upplausn
• 500.000:1 skerpa
• 5ms viðbragðstími
• VGA, DVI ofl.
69.990
UNITED
United HD MMP 9530
• 3,5" margmiðlunarspilari
• HDMI, Composite, Optical tengi
• USB tengi fyrir minnislykla
• SD/MMC kortalesari
SJÓNVARPSFLAKKARI
11.990
WD
640GB
WD Elements 640GB
Fyrirferðalítill 2,5" USB flakkari sem tekur straum gegnum USB tengið. Stílhrein og flott hönnun sem passar í vasa.
12.990
21.5"
LG
LG W2240S-PN
• Frábær 21,5" Full HD LG skjár
24.990
Aðeins 1stk á mann á meðan birgðir endast!
SAMSUNG
1TB harður diskur á frábæru tilboðsverði
TILBOÐ 7.990
FULLT VERÐ KR. 11.990
Panasonic
Panasonic DMC F4
• 12,1 milljón punkta upplausn
• 5.0 - 20.0mm LUMIX Vario linsa
• Digital hristivörn
• 4x Optical og 4x Digital Zoom
• 2.7" LCD skjár
• HD hreyfimyndataka
• 50MB minni, kortarauf ofl.
TILBOÐ 14.990
FULLT VERÐ KR. 19.990
VAXTALAUS 12 MÁNAÐA TÖLVULISTALÁN
TÖLVULISTINN
TL.IS
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR
NÓATÚNI 17 SÍMI 414 1700
GLERÁRGÖTU 30 SÍMI 414 1730
MIÐVANGI 2-4 SÍMI 414 1735
HAFNARGÖTU 90 SÍMI 414 1740
AUSTURVEGI 34 SÍMI 414 1745
REYKJAVÍKURVEGI 66 SÍMI 414 1750



## > Laura Linney

„Ég lít ekki á sjálfa mig sem fræga manneskju, og ég lít ekki á sjálfa mig sem stjörnu.“

***Laura Linney leikur Claire sem þarf að takast á við átök í hjónabandinu, eftir að eiginmaður hennar finnur lík af ungri stúlku sem hefur verið myrt í dramatísku glæpamyndinni Jindabyne sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON LÆRIR AÐ SPILA GOLF HEIMA Í STOFU

# Með jákvæðnina að leiðarljósi

Nú þegar styttist í sumarið er ágætt að fara að huga að golfsveiflunni og hvernig hún kemur undan vetri. Sjálfur er ég byrjandi í golfi og tek hverri ráðleggingu sem ég get fengið fegins hendi. Þegar góðu ráðin koma frá Íslandsmeistaranum Birgi Leifi Hafþórssyni þýðir ekkert annað en að sperra eyrun. Golfþættir hans á sportrás Stöðvar 2 eru kærkomnir og fróðlegt er að fylgjast með því hvernig kylfingurinn undirbýr sig.

Golfið er mikil þolinmæðis- og sálfræðiíþrótt sem snýst mikið til um að halda sömu rútínu fyrir hvert högg því um leið og brugðið er út af vananum er voðinn vís. Einnig er mikilvægt að hugsa jákvætt og víkja öllum neikvæðum hugsunum í burtu. Orð á borð við „ekki“ eiga að vera bönnuð í orðaforða kylfinga, til dæmis hugsunin um að slá kúluna ekki í ákveðinn skurð eða vatn. Vel væri hægt að tileinka sér þennan jákvæða orðaforða í lífinu sjálfu. Það gæti einfaldað ýmislegt. Sú hugmynd um að taka með sér tvo jákvæða hluti og einn neikvæðan frá hverri holu er einnig sérlega áhugaverð og gæti nýst hvaða kylfingi sem er.



**ÍSLANDSMEISTARI** Birgir Leifur veitir góðar ráðleggingar í golfþætti sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Annað gott við þættina er að sjúkraþjálfarinn Gauti Grétarsson, aðstoðarmaður Birgis Leifs, er duglegur við að spyrja hann út í hluti sem vanir kylfingar, þar á meðal Birgir, telja sjálfsagða en byrjendur eru ekki með á hreinu. Þannig kemur hann þeim sem heima sitja oft til bjargar sem klóra sér í hausnum yfir því sem fyrir augu ber.

Hver veit nema þessir þættir eigi eftir að spara mér þá golfkennslu sem ég hef lengi ætlað mér að fara í. Held að málið sé bara að æfa sveifluna heima í stofu, búa mér til rútínu og fylgja henni eftir með jákvæðnina að leiðarljósi. Einfaldara getur það ekki verið.

## SJÓNVARPIÐ

**15.40 Bassastuð** (e)
**16.25 Kiljan** (e)
**17.20 Skassið og skinkan** (2:20)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.30 Dansskólinn** (1:7)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Úrslitakeppnin í handbolta** Bein útsending frá seinni hálfleik leiks í úrslitakeppni karla.
**20.55 Ógleymanlegar stundir - Brúðkaupið** Þáttur um upplifun nokkurra manna og kvenna 14. maí 2004, daginn þegar brúðkaup Friðriks Danaprins og Mary Donaldson var haldið.
**21.25 Krabbinn** (8:13) Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem greinist með krabbamein og reynir að sjá það broslega við sjúkdóminn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Glæpahneigð** Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.00 Lífverðirnir** (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir** (e)
**00.45 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Trading Places**
**10.00 Notting Hill**
**12.00 Meet Dave**
**14.00 Trading Places**
**16.00 Notting Hill**
**18.00 Meet Dave**
**20.00 Jindabyne**
**22.00 Johnny Was**
**00.00 The Godfather**
**02.50 Hush Little Baby**
**04.15 Johnny Was**
**06.00 Snow Angels**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 The Mentalist** (15:23)
**11.45 Gilmore Girls** (12:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Back to the Future**
**14.55 The O.C. 2** (5:24)
**15.40 Sorry I've Got No Head**
**16.10 Barnatími Stöðvar 2**
**16.55 Algjör Sveppi**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (2:22)
**19.45 The Big Bang Theory** (2:23)
**20.10 Arnar og Ívar á ferð og flugi** (4:5) Arnar og Ívar heimsækja fimm borgir og skoða m.a. matarvenjur og heilsufar viðkomandi þjóðar, smakka og kryfja vinsælasta skyndibita staðarins og athuga hollustu hans.
**20.40 Steindinn okkar** (2:8) Steindi Jr. er mættur aftur í nýrri og drepfyndinni seríu og fær fjölmarga þjóðþekkta Íslendinga til liðs við sig,.
**21.05 NCIS** (10:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington.
**21.50 Fringe** (10:22) Þriðja þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar.
**22.40 Pressa** (4:6)
**23.25 Chase** (15:18)
**00.15 Boardwalk Empire** (8:12)
**01.05 Amazing Journey: The Story of The Who**
**03.05 Back to the Future**
**05.00 NCIS** (10:24)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.25 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.50 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.15 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**16.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - (E)**
**18.05 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**18.30 Golfskóli Birgis Leifs** (3/12) Golfþáttur þar sem besti kylfingur Íslands, Birgir Leifur Hafþórsson, tekur fyrir allt sem tengist golfi og nýtist kylfingum á öllum stigum leiksins.
**19.00 Stjarnan - KR** Bein útsending frá öðrum leik Stjörnunnar og KR í úrslitarimmu Iceland Express deildarinnar í körfuknattleik karla.
**21.00 UEFA Europa League 2010/2011**
**22.45 European Poker Tour 6**
**23.35 Stjarnan - KR**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Blackpool - Arsenal** Frá leik Blackpool og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**18.15 Chelsea - Wigan** Útsending frá leik Chelsea og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**20.30 Michael Owen** Skemmtileg þáttaröð um bestu knattspyrnumenn allra tíma. Að þessu sinni verður fjallað um Michael Owen sem sló kornungur í gegn með Liverpool og var valinn Knattspyrnumaður Evrópu árið 2001.
**21.00 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.30 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**22.25 Blackburn - Birmingham** Útsending frá leik Blackburn Rovers og Birmingham City í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**07.10 Dyngjan** (9:12)
**08.00 Dr. Phil** (155:181)
**08.45 Innlit/ útlit** (6:10)
**09.15 Pepsi MAX tónlist**
**16.50 Girlfriends** (3:22)
**17.15 Dr. Phil** (156:181)
**18.00 HA?** (12:15)
**18.50 America's Funniest Home Videos**
**19.15 Game Tíví** (12:14)
**19.45 Whose Line Is It Anyway?**
**20.10 Royal Pains** (11:18) Hank er einkalæknir ríka og fræga fólksins í Hamptons.
**21.00 30 Rock** (19:22) Bandarísk gamanþáttaröð.
**21.25 Makalaus** (7:10) Þættir sem byggðir eru á samnefndri metsölubók Tobbu Marinós og fjalla um Lilju Sigurðardóttir sem er einhleyp stúlka í Reykjavík.
**21.55 Law & Order: Los Angeles** (4:22) Bandarískur sakamálaþáttur.
**22.40 Jay Leno**
**23.25 The Good Wife** (12:23)
**00.00 Game Tíví** (12:14)
**00.15 Rabbit Fall** (3:8)
**00.30 Pepsi MAX tónlist**
**00.45 Heroes** (4:19)
**01.30 Royal Pains** (11:18)
**02.15 Law & Order: LA** (4:22)
**03.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**07.00 World Golf Championship** (3:5)
**11.10 Golfing World** (62:240)
**16.50 PGA Tour - Highlights** (13:45)
**17.45 Golfing World** (64:240)
**18.35 Inside the PGA Tour** (15:42)
**19.00 Valero Texas Open Dagur 1 BEINT** (1:4) Mótið sem haldið var fyrst árið 1922 hefur alltaf laðað að marga af bestu kylfingum heims.
**22.00 Golfing World** (64:240)
**22.50 The Open Championship Official Film 2009**
**23.45 ESPN America**
**00.00 Golfing World** (64:240)
**00.50 PGA Tour - Highlights** (13:45)
**06.00 ESPN America**

## EXTRA

**19.40 The Doctors**
**20.25 Curb Your Enthusiasm** (8:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjörnunum úr Seinfeld, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Hamingjan sanna** (5:8) Ný íslensk þáttaröð í umsjá Ásdísar Olsen sem byggð er á metsölubókinni Meiri hamingja sem hefur slegið í gegn um víða veröld.
**22.40 Pretty Little Liars** (21:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard. Þættirnir fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.
**23.25 Ghost Whisperer** (5:22) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview. Hún á þó erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni öllum stundum.
**00.10 The Ex List** (1:13)
**00.55 Curb Your Enthusiasm** (8:10)
**01.25 The Doctors**
**02.05 Fréttir Stöðvar 2**
**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Bó sextugur? No wei Hósei.
**21.00 Sjávarútvegur á ögurstundu** Fyrsti þáttur af átta úr ævisafni Heiðars Marteinssonar um útgerð og sjósókn. Loðnuveiðar.
**21.30 Kolgeitin** Bogomil tekur á móti meistara Megasi í fyrsta þætti sínum á ÍNN.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.40
**Steindinn okkar**

Magnaður sketsaþáttur þar sem Steindi Jr. bregður sér í ýmis gervi og fer gjörsamlega á kostum. Þetta er annar þátturinn af átta í þessari þáttaröð og spennandi að sjá hverju Steindi tekur upp á næst.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Kamala, saga frá Indlandi **15.28** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá 17.00 Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.27** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.18** Útvarpsleikhúsið: Leikritaskáld á langri ferð **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**07.10** New Tricks **08.05** New Tricks **08.55** Deal or No Deal **09.30** Deal or No Deal **10.05** EastEnders **10.35** Top Gear **11.25** Keeping Up Appearances **11.55** ‚Allo ‚Allo! **12.30** A Bit of Fry and Laurie **13.00** New Tricks **13.50** New Tricks **14.45** Deal or No Deal **15.20** Deal or No Deal **15.55** Keeping Up Appearances **16.25** ‚Allo ‚Allo! **17.00** A Bit of Fry and Laurie **17.30** Judge John Deed **18.20** Jonathan Creek **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** The Graham Norton Show **21.30** Coupling **22.00** ‚Allo ‚Allo!

### DR 1

**06.25** Penelope **06.30** Aftenshowet **07.25** Deadline 2. Sektion **08.00** Langt ude **08.30** Dyrehospitalet **09.00** Vores Liv **09.35** Penge **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** De kongelige tvillinger **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** De kongelige tvillinger **18.00** Spise med Price **18.30** Kongehuset indefra **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Grænsekontrollen **20.45** Kodenavn Hunter II **21.45** Gangsterbander **04.00** Lillefinger **04.05** Humf **04.10** Timmy-tid **04.20** Barbapapa

### NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Par i hjerter **11.00** NRK nyheter **11.05** Aktuelt **11.35** Urix **12.00** NRK nyheter **12.05** FBI **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Et ornamentalt fluktforsøk **13.30** Kongelig dåp i København **15.00** NRK nyheter **15.10** Dyrisk **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Schrödingers katt **18.15** Nummer 1 **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Debatten **20.35** Lille Billefjord **21.00** Kveldsnytt **21.15** Trygdekontoret **21.45** Litt av et liv

### svt1

**14:05** Rådjurskidet vid havet **14:30** Elisabeth Andreassen & Alexander Rybak **15:20** Kvinnliga designers **15:30** Sverige idag **15:55** Sportnytt **16:00** Rapport med A-ekonomi **16:10** Regionala nyheter **16:15** Go'kväll **17:00** Kulturnyheterna **17:15** Regionala nyheter **17:30** Rapport med A-ekonomi **18:00** Mitt i naturen Australien **18:30** Landgång Australien **19:00** Anklagad **20:00** Debatt **20:45** Två kockar i samma soppa **21:35** Uppdrag Granskning **22:35** Simma lugnt, Larry! **23:05** Rapport **23:10** Huset fullt av hundar


BJÓSTU VIÐ AUKAGJÖLDUM? ÞÁ VERÐUM VIÐ ÞVÍ MIÐUR AÐ VALDA ÞÉR VONBRIGÐUM

Reykjavík ↔ Báðar leiðir*

BERLÍN KR69,200
MÜNCHEN KR70,000
HAMBORG KR67,300
VARSJÁ KR62,400
ZÜRICH KR72,900
MÍLANÓ KR72,100
ÓSLÓ KR48,800
GAUTABORG KR60,400
PEKING KR119,100
BANGKOK KR135,600

Ávallt með SAS
Engin dulin gjöld
23 kg farangur án endurgjalds
Frí vefinnritun
EuroBonus punktar
25% barnaafsláttur

ICELANDAIR
SAS Scandinavian Airlines

flysas.is
A STAR ALLIANCE MEMBER

*Öll fargjöld miðast við flug báðar leiðir, skattar og gjöld innifalin og framboð er takmarkað. Verð á flugi til Berlínar, München, Hamborgar, Varsjár, Zürich, Mílanó, Peking og Bangkok miðast við flug um Kaupmannahöfn. Verðdæmi til Gautaborgar miðast við flug um Ósló. Dæmi miðast við verð 16. mars 2011 og framboð er takmarkað.

ENGIN MISKUNN






Í kvöld | Undanúrslit | Leikur 1
AKUREYRI - HK
Höllin Akureyri | Kl. 19.30

Lau. 16. apríl | Undanúrslit | Leikur 2
HK- AKUREYRI
Digranes | Kl. 16.00

Í kvöld | Undanúrslit | Leikur 1
FH - FRAM
Kaplakriki | Kl. 19.30

Lau. 16. apríl | Undanúrslit | Leikur 2
FRAM-FH
Framhús | Kl. 16.00

## MORGUNMATURINN



*„Lýsi og latté er bara til að komast út. Stundum fæ ég mér ristað brauð. Á tyllidögum er góður bröns með mimosa, en það er allt of sjaldan.“*

Vera Sölvadóttir kvikmyndagerðarkona

# Gyllenhaal hreifst af íslensku stelpunum

„Ég var að koma heim frá Ástralíu þar sem við vorum að hljóðblanda nýjustu myndina mína, The Killer Elite, og rakst þá á Jake í flughöfninni,“ segir Sigurjón Sighvatsson, kvikmyndaframleiðandi með meiru. Hann hitti Jake Gyllenhaal á mánudaginn í flugstöð Leifs Eiríkssonar þegar leikarinn var að yfirgefa landið eftir ævintýralega helgi.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni var bandaríski stórleikarinn Jake Gyllenhaal staddur hér á landi yfir helgina við tökur á ævintýraþættinum Man vs. Wild sem Bear Grylls stjórnar. Tökur fóru fram í aftakaveðri á Eyjafjallajökli og Fimmvörðuhálsi en það var True North sem aðstoðaði tökuliðið. Alls unnu tuttugu starfsmenn að tökunum en mikil leynd hvíldi yfir þeim.

Leiðir Sigurjóns og Jake Gyllenhaal hafa legið saman áður; Gyllenhaal lék aðalhlutverkið í hinni dramatísku kvikmynd Brothers sem Sigurjón framleiddi og skartaði einnig Natalie Portman og Tobey Maguire í stórum rullum. „Þetta var algjör tilviljun og það var virkilega skemmtileg að hitta hann. Hann talaði ákaflega fallega um landið og náttúrlega tökurnar uppi á jökli þar sem hann lenti nánast í lífsháska með þessum Bear Grylls,“ segir Sigurjón „Jake átti ekki orð yfir hvað Ísland væri frábært og hann vildi koma hingað aftur sem fyrst í frí. Það hafði víst líka eitthvað að gera með stelpurnar,“ segir Sigurjón kankvís. -fgg



**ÆTLAR AÐ KOMA AFTUR** Miklir fagnaðarfundir voru í Leifsstöð á mánudag þegar Sigurjón Sighvatsson og Jake Gyllenhaal hittust fyrir algjöra tilviljun.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ást **Lilju Pálmadóttur** á hestum er öllum kunn og hún nýtur lífsins norður í Skagafirði við að ríða út og þjálfa á meðan eiginmaður hennar, Baltasar Kormákur, klippir til Hollywood-myndina Contraband. Lilja er nú sest á skólabekk Háskólans á Hólum þar sem hún er við diplómanám í þjálfun og reiðkennslu. Lilja keppti á dögunum í fjórgangsmóti með ágætis árangri; hún og gæðingurinn Mói fengu 5,4 í einkunn og náðu tíunda sæti.





Ítarlega er fjallað um tónlistar-og ráðstefnuhúsið Hörpuna í Condé Nast Traveler á vefsíðunni concierge.com. Þar er húsinu hrósað í hástert og þætti Ólafs Elíassonar í hönnuninni gerð góð skil. Greinarhöfundur gerir jafnframt mikið úr því að Íslendingar eigi fjölbreytta tónlistarmenningu; Airwaves og **Björk**. Hann spáir því að Harpan eigi eftir að verða nefnd í sömu andrá og þessi tvö fyrirbæri. - fgg




10 ára afmæli

Í tilefni 10 ára afmælis Fréttablaðsins ætlar Pósthúsið að vera með skemmtilegan leik fyrir blaðbera sína næstu 10 daga.

Í verðlaun eru 10 stór páskaegg og hafa allir blaðberar möguleika á að vinna.

Nöfn 10 heppinna blaðbera verða dreginn út miðvikudaginn 20.apríl.

10 ÁRA 2001-2011 FRÉTTABLAÐIÐ

Pósthúsið

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Bjart með köflum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15.4. Kl. 20:00 3. sýn U | Fös 6.5. Kl. 20:00 7. sýn U | Fim 19.5. Kl. 20:00 U |
| Lau 16.4. Kl. 20:00 4. sýn U | Lau 7.5. Kl. 20:00 8. sýn Ö | Fös 3.6. Kl. 20:00 |
| Fim 28.4. Kl. 20:00 5. sýn U | Fös 13.5. Kl. 20:00 Ö | Lau 4.6. Kl. 20:00 |
| Fös 29.4. Kl. 20:00 6. sýn U | Lau 14.5. Kl. 16:00 br.sýn Ö | Fim 9.6. Kl. 20:00 |



**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 14.4. Kl. 20:00 U | Mið 4.5. Kl. 20:00 | Fim 12.5. Kl. 20:00 |
| Mið 27.4. Kl. 20:00 Ö | Fim 5.5. Kl. 20:00 Ö | Mið 18.5. Kl. 20:00 |
| Lau 30.4. Kl. 20:00 Ö | Mið 11.5. Kl. 20:00 | |



**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 17.4. Kl. 14:00 U | Sun 1.5. Kl. 17:00 Ö | Sun 15.5. Kl. 14:00 |
| Sun 17.4. Kl. 17:00 Ö | Sun 8.5. Kl. 14:00 | Sun 22.5. Kl. 14:00 |
| Sun 1.5. Kl. 14:00 Ö | Sun 8.5. Kl. 17:00 | |



**Brák** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15.4. Kl. 20:00 síð.sýn U | | |



**Hedda Gabler** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 16.4. Kl. 20:00 Ö | Lau 30.4. Kl. 20:00 | |
| Sun 17.4. Kl. 20:00 Ö | Sun 1.5. Kl. 20:00 Ö | |



**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 17.4. Kl. 15:00 Ö | Sun 1.5. Kl. 15:00 | |



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI FRÓÐLEIKUR

Meiri Vísir.

vísir




**Í HLAUPAGALLANUM** Útgáfustjórinn Eiður Arnarsson hleypur í Elliðaárdalnum fjórum til fimm sinnum í viku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### EIÐUR ARNARSSON: ÉG VAR ORÐINN AÐEINS OF ÞUNGUR

# AUKAKÍLÓIN HRYNJA AF SKOKKANDI ÚTGÁFUSTJÓRA

Eiður Arnarsson, útgáfustjóri afþreyingarfyrirtækisins Senu, hefur misst þréttán kíló síðan hann byrjaði að stunda langhlaup í september ásamt eiginkonu sinni. Hann stefnir á að hlaupa hálfmaraþon (21 km) í Reykjavíkurmaraþoninu í haust.

„Það var engin sérstök ástæða fyrir því að ég ákvað að prófa þetta. Það var kominn tími til að reyna að gera eitthvað. Ég var orðinn aðeins of þungur,“ segir Eiður, sem hafði ekki hreyft sig að ráði síðan hann var kjörinn besti leikmaður 5. flokks B-liða hjá Þór í Vestmannaeyjum árið 1978. Hann fær mikla ánægju út úr hlaupunum, auk þess sem þau nýtast honum vel í starfinu. „Ég held að þetta sé þetta margfræga endorfínkikk sem margir tala um og ég get ekki hugsað mér að fara út að hlaupa án þess að hlusta á músík. Fyrir vikið er ég að hlusta ennþá meira en áður.“

Hann hleypur í Elliðaárdalnum fjórum til fimm sinnum í viku, tíu til tuttugu kílómetra í senn. „Einhver benti mér á að maður ætti að nota önnur áhugamál inn í þetta til að hjálpa sér. Ég er eins og flestir karlmenn með óttalega tækni-dellu og ég er búinn frá fyrsta degi að hlaupa með GPS-staðsetningarkerfi. Þannig að maður er að nota nýja, flotta snjallsímann til að halda utan um vegalengdir og hraða.“

Eiður er mikill matgæðingur og hefur verið duglegur að deila því áhugamáli með vinum sínum á Facebook. Hann segir að hlaupin geri sér kleift að halda áfram að borða gómsætan mat án þess að fá of mikið samviskubit. „En eflaust kemur að því að maður þarf að vitkast á þeim vettvangi líka.“

freyr@frettabladid.is

# Uppstokkun á FM 957

„Ég vil ekki gefa mikið upp, en það eru stórir hlutir að gerast á FM,“ segir Heiðar Austmann, dagskrárstjóri FM 957.

Uppstokkun er væntanleg á FM 957 fyrir sumarið. Tveir útvarpsmenn, þeir Yngvi Eysteinsson og Atli Már Gylfason, yfirgáfu útvarpstöðina á dögunum og réðu sig á Flass FM. Heiðar vill ekki gefa upp hvernig starfslokum þeirra var háttað, en óskar þeim góðs gengis á nýjum vettvangi.

„Við erum að fara að ráðast í stór verkefni og einhverjar dagskrárbreytingar,“ segir Heiðar en vill þó lítið tjá sig nánar um hvað sé fólgið í breytingunum. Hann segir að von sé á nýju fólki, en gefur ekki upp hverja ræðir. „Það er mögulega nýtt fólk á leiðinni. Gætu verið reyndir menn og reyndar konur. Gæti verið fólk sem var á FM áður,“ segir Heiðar dularfullur.

Heimildir Fréttablaðsins herma að ýmis þekkt andlit hafi verið kölluð til. Fréttablaðið kannaði málið og upp úr krafsinu kom að Agli Gillz Einarssyni hefði verið boðið að vera með regluleg heilsuávörp á FM. Egill segist ekki hafa áhuga á að starfa í útvarpi og bætti við að hann væri með andlit fyrir sjónvarp. Þá áréttaði hann að útvarpsmennirnir Kalli Lú og Rikki G hentuðu í starfið.

Spurður hvenær hlustendur heyri breytingarnar á FM 957 segir Heiðar að það verði fyrr en fólk grunar og játar að um mikla andlitslyftingu sé að ræða. - afb



**LEYNDARDÓMSFULLUR AUSTMANN** Heiðar Austmann vill lítið gefa upp um væntanlegar breytingar á FM 957 en segir að þær verði talsverðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HINN EINI SANNI

# RISA

## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU

# MARKAÐUR




**NÚ ÞAR AÐ MIÐHRAUNI 2, GARÐABÆ**

*við hliðina á Dýraríkinu*

**Opið alla daga**
**frá 12:00 til 18:00**

# Opnum í dag kl. 12:00

**Útsöluvörur frá**

STEINAR WAAGE
Kaupfélagið
skór.is
ecco
NIKE
PUMA
hummel
Reebok
BLEND
ORGINAL
SKECHERS

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

NOVA

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Steindi með Spaugstofuáhorf

Stöð 2 virðist hafa fundið nýjan gullkálf í líki **Steinþórs Hróars Steinþórssonar**, sem er betur þekktur sem Steindi jr. Samkvæmt bráðabirgðatölum um áhorf frá Capacent mældist Steindinn okkar með 25 prósenta áhorf í aldurshópnum 12-49 ára. Þetta er mun meira en það sem Steindi náði í fyrra þegar hann komst varla inn á topp tíu lista Stöðvar 2. Nú má hins vegar reikna með að Steindi, sem skrifar handritið sjálfur ásamt Ágústi Bent og Magnúsi Leifssyni, verði meðal efstu manna.



### Þér er boðið

Athafnakonan Vala Grand heldur upp á 25 ára afmæli sitt á laugardag. Fögnuðurinn verður haldinn á skemmtistaðnum Oliver og segir Vala í samtali við Bleikt.is að öllum sé boðið. Drykkir verða í boði á barnum og söngvarinn Haffi Haff stýrir veislunni. Eins og gengur og gerist mun vísst þema vera allsráðandi í gleðskapnum og eru gestir hvattir til þess að klæðast fötum sem einkennast af Mafíu- eða Moulin Rouge-stíl. Þá verður Durex-smokkum dreift til þess að gæta þess að „fólk fari safe heim,“ sagði afmælisbarnið.



- fgg, - sv

### Mest lesið Vísir

1. Heitt vatn flæddi yfir Rofabæinn
2. Ingibjörg um Icesave: Sært stolt og Þórðargleði
3. Mikið vatnstjón í Árbæjarhverfinu
4. Vantraust á ríkisstjórnina tekið fyrir á Alþingi
5. Sjaldgæfan höfrung rak á land





